

Ársrit  
Bandalags íslenskra leikfélaga  
2004–2005



# Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2004–2005

## Efnisyfirlit:

Leiðari; Guðrún Halla Jónsdóttir .....	3
Aðildarfélag .....	4
Stjórn, starfsmenn og nefndir .....	5
Leiklistarskólinn, júní 2004 og apríl 2005 .....	6
Dagbók úr leiklistarskóla; Guðfinna Gunnarsdóttir .....	10
Stuttverkahátíðin Margt smátt .....	12
Að aflokinni stuttverkahátíð; Hörður Sigurðarson .....	13
Haustofundur á Akureyri .....	15
Fundargerðir stjórnar 2004–2005 .....	21
Fundargerð aðalfundar 2005 .....	28
Ársreikningur 2004 .....	42
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga .....	51
Menningarstefna .....	54
Athyglisverðasta áhugaleiksýningin .....	55
Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna .....	57
Tréhausinn; Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason .....	79
Leikferð til Eistlands; Sigurður Pálsson .....	84

## Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Guðrún Halla Jónsdóttir  
Hörður Sigurðarson  
Lárus H. Vilhjálmsson  
Júlíus G. Júlíusson  
Þórvör Embla Guðmundsdóttir

## Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

## Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Hafnarfjarðar á Dýragarðssögu.

## Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga  
Kt. 440169-0239  
Laugavegi 96, 2. hæð, 101 Reykjavík  
Símar: 551 6974 og 562 2944  
Fax: 562 2984  
Netfang: info@leiklist.is  
Veffang: www.leiklist.is



Laugavegur 96

# Leiðari

*Sumri hallar og nýtt leikár er að hefjast hjá flestum leikfélögum. Vonandi blómstrandi leiktið framundan með mörgum uppsetningum hjá sem flestum leikfélögum. Síðasta leikár var forvitnilegt og blómlegt hjá nokkrum félögum en því miður var virkni leikfélaganna með minnsta móti og líklega hafa aldrei færri félög með færri uppfærslur sótt um styrki fyrir sýningar sínar en á því leikári. Ástæður þess eru vafalaust margar, en líklega er fjárskortur stór þáttur hjá ansi mörgum félögum. Getum við breytt því með einhverju móti, er þetta ekki bara gömul saga og ný, engir peningar – engar sýningar?*

Ég er þeirrar skoðunar að við getum breytt ýmsu með samstilltu átaki og því að láta vita af okkur með skipulögðum hætti. Innan Bandalags íslenskra leikfélaga eru nú tæplega 70 leikfélög innan lands og utan, en í hagsmunabaráttu félaganna eru aðeins um það bil 20 virk félög. Það hefur verið sagt að Bandalagið sé til fyrir félögin og eigi aldrei að vera öðruvísi, það er auðvitað rétt, ég tel hins vegar að ef hagsmunabaráttan eigi að skila árangri verði félögin að vera virk í baráttunni og senda fulltrúa á aðalfundi og taka þátt í nefndarstörfum þar, sem og á milli funda. Ef hvert félag sendi 2 fulltrúa á aðalfund og nefndir bandalagsins væru skipaðar fulltrúum alls staðar að af landinu, yrði hagsmunum okkar betur borgið, hátíðir okkar auðveldari í framkvæmd og betur sóttar og öll yrðum við mun ríkari af reynslu og þekkingu á list hvers annars.

Síðasti aðalfundur var að flestu leyti átakalítill og ágætur fundur, vel skipulagður af gestgjöfunum í leikfélaginu Grímni í Stykkishólmi, en líklega aðeins eftirminnilegur fyrir þrennt; afsþyrnulélega þátttöku leikfélaganna (20 atkvæði voru í salnum og þar af átti stjórnin 5!), kynningu starfsmanns Menntamálaráðuneytisins á styrkjakerfinu (þar átti að sýna fulltrúa ráðuneytisins hve mörg við værum og samstæð í kröfum okkar um aukna fjárveitingu!) og svo að þar var í fyrsta sinn í mjög langan tíma fleiri en einn í framboði til formanns (og þá voru þeir þrír!).

Þó var þarna verið að leggja lokahönd á undirbúning alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar á Akureyri sem fram fór í sumar. Fundurinn var góður og hátíðin líka en á báðum stöðum var þungi starfsins á alltof fáum herðum og frá alltof fáum félögum. Við eigum góð leikfélög með dugmiklu og hæfileikaríku fólki, og ef Bandalagið á að geta verið það afl til hagsmunabaráttu og framfara sem við viljum held ég öll að það sé, verða félögin að vera virkari í baráttunni og taka þátt í starfinu á landsvísu, því fleiri því betra. Ég vil hvetja forsvarsmenn félaganna til að bjóða stjórnarmönnum Bandalagsins á aðalfundi og sýningar og vil meina að með því aukist skilningur okkar stjórnarmanna á starfi mismunandi leikfélaga og svo á móti aukin þekking almennra félagsmanna á starfi Bandalagsins og þar með áhugi á að leggja hönd á plóg.

Framlag ríkisins til áhugaleikfélaganna er rúmar 17 milljónir króna og hefur lítið hækkað síðustu ár. Við vorum fyrir nokkrum árum á svipuðum slóðum í fjárveitingum og sjálfstæðu leikhóparnir, nú skilur okkur að himinn og haf í þeim efnum. Ef breyting á að verða á, verðum við að nýta okkur þær kosningahrinur sem yfir munu dynja á næstu tveimur árum til sveitastjórna og Alþingis. Við verðum að ræða við þing- og sveitarstjórnarmenn um nauðsyn þess að bæta aðstöðu leikfélaganna og hækkan styrkja, þar verða allar stjórnir leikfélaga að koma að og vinna með stjórn og starfsmönnum Bandalagsins.

Í lokin vil ég nota tækifærið og þakka fráfarandi formanni, Einari Rafni Haraldssyni, frábært starf í þágu Bandalagsins og starfsins í okkar þágu á norrænum vettvangi, en þar sem annars staðar var Einar glæsilegur fulltrúi. Kærar þakkir Einar Rafn sem og aðrir fráfarandi aðal- og varafulltrúar í stjórn og nefndum Bandalagsins. Vonandi sjáumst við mikið og oft á komandi árum.

Megi leikárið framundan verða leikfélögunum gleðríkt og gjöfult og hagsmunabaráttan öflug og fjölmenn!

Guðrún Halla Jónsdóttir  
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga



Guðrún Halla Jónsdóttir

# Aðildarfélög BÍL leikárið 2004–2005

- |   |   |
|---|---|
| <i>Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði</i>            | <i>Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi</i>            |
| <i>Halaleikhópurinn, Reykjavík</i>              | <i>Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri</i>    |
| <i>Hugleikur, Reykjavík</i>                     | <i>Leikfélagið Kex, Osló, Noregi</i>                |
| <i>Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi</i> | <i>Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ</i>               |
| <i>Leikfélag Blönduóss</i>                      | <i>Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík</i>              |
| <i>Leikfélag Dalvíkur</i>                       | <i>Leikfélagið Sýnir, á landsvísu</i>               |
| <i>Leikfélag Djúpavogs</i>                      | <i>Leikfélagið Ultima Thule, Álaborg, Danmörku</i>  |
| <i>Leikfélag Fljótsdalshéraðs</i>               | <i>Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra</i>         |
| <i>Leikfélag Hafnarfjarðar</i>                  | <i>Leikflokkurinn Hvammstanga</i>                   |
| <i>Leikfélag Hofsóss</i>                        | <i>Leikhópurinn Lopi, Hornafirði</i>                |
| <i>Leikfélag Hornafjarðar</i>                   | <i>Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði</i>             |
| <i>Leikfélag Hólmanvíkur</i>                    | <i>Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal</i>                |
| <i>Leikfélag Húsavíkur</i>                      | <i>Leikklúbburinn Saga, Akureyri</i>                |
| <i>Leikfélag Hveragerðis</i>                    | <i>Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg</i>              |
| <i>Leikfélag Hörgdæla</i>                       | <i>Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar</i>           |
| <i>Leikfélag Keflavíkur</i>                     | <i>Leiklistarfélag Seltjarnarness</i>               |
| <i>Leikfélag Kópavogs</i>                       | <i>Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði</i>             |
| <i>Leikfélag Mosfellssveitar</i>                | <i>Litli leikklúbburinn, Ísafirði</i>               |
| <i>Leikfélag Ólafsfjarðar</i>                   | <i>Nafnlaus leikhópurinn, Kópavogi</i>              |
| <i>Leikfélag Ólafsvíkur</i>                     | <i>Reykvíska listaleikhúsið, Reykjavík</i>          |
| <i>Leikfélag Patreksfjarðar</i>                 | <i>Skagaleikflokkurinn, Akranesi</i>                |
| <i>Leikfélag Rangæinga</i>                      | <i>Snúður og snælda, Reykjavík</i>                  |
| <i>Leikfélag Raufarhafnar</i>                   | <i>Stúdentalleikhúsið, Reykjavík</i>                |
| <i>Leikfélag Reyðarfjarðar</i>                  | <i>Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri</i>  |
| <i>Leikfélag Sauðárkróks</i>                    | <i>Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð</i> |
| <i>Leikfélag Selfóss</i>                        | <i>Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal</i>  |
| <i>Leikfélag Seyðisfjarðar</i>                  | <i>Umf. Efling leikdeild, Reykjadal</i>             |
| <i>Leikfélag Siglufjarðar</i>                   | <i>Umf. Gnúpverja, leikdeild</i>                    |
| <i>Leikfélag Sólheima, Grímsnesi</i>            | <i>Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri</i>       |
| <i>Leikfélag Vestmannaeyja</i>                  | <i>Umf. Reykdæla, Reykholti</i>                     |
| <i>Leikfélag Þórshafnar</i>                     | <i>Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi</i>     |
| <i>Leikfélagið Búkolla, S-Þingeyjarsýslu</i>    | <i>Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal</i> |

# Stjórn, starfsmenn og nefndir



*Meðstjórnandi og lénsherra  
Hördur Sigurðarson  
Reykjavík*



*Varaformaður  
Guðrún Halla Jónsdóttir  
Akureyri*



*Formaður  
Einar Rafn Haraldsson  
Egilsstöðum*



*Ritari  
Lárus H. Villhjálmsson  
Mosfellsbæ*



*Meðstjórnandi  
Júlíus Garðar Júlíusson  
Dalvík*



*Varastjórn  
Embla Guðmundsdóttir  
Reykholti*



*Varastjórn  
Guðrún Esther Árnadóttir  
Mosfellsbæ*



*Varastjórn  
Sigríður Karlsdóttir  
Selfossi*



*Varastjórn  
Margrét Tryggvadóttir  
Hvolsvelli*



*Varastjórn  
Ármann Guðmundsson  
Reykjavík*



*Ritari skrifstofu  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir*



*Frankvæmdastjóri  
Vilborg Á. Valgarðsdóttir*



*Ritstjóri sögu BÍL  
Bjarni Guðmarsson*



*Skólanefnd  
Huld Óskarsdóttir  
Reykjavík*



*Skólanefnd  
Sigríður Karlsdóttir  
Selfossi*



*Skólastjóri  
Gunnhildur Sigurðardóttir  
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd  
Anna Jéppesen  
Reykjavík*



*Skólanefnd  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík*



*Sögurítunarnefnd  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík*



*Sögurítunarnefnd  
Einar Guðni Njálsson  
Selfossi*



*Sögurítunarnefnd  
Sigrún Valbergdóttir  
Reykjavík*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Lárus H. Villhjálmsson*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Vilborg Á. Valgarðsdóttir*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Ármann Guðmundsson*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Guðrún Halla Jónsdóttir*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Þorgeir Tryggvason*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Júlíus Garðar Júlíusson*



*Undirbúningsnefnd  
leiklistarhátíðar 2005  
Hördur Sigurðarson*

## **Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga**

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal dagana 12. til 20. júní 2004. Þar voru haldin 4 námskeið; sérnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergsdóttir, sérnámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir, grunnnámskeið fyrir leikara, kennari Ásta Arnardóttir og leikritun, höfundasmiðja, kennari Þorgeir Tryggvason.

Áttunda árið í röð voru þær skólastýrur Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Karlsdóttir á Húsabakka, kennurum og nemendum til halds og trausts.

Hér á eftir koma lýsingar á námskeiðunum og myndir úr skólastarfinu.



Gunnhildur skólameistari

### **Leikstjórn IV – framhalds-sérnámskeið fyrir leikstjóra. Kennari Sigrún Valbergsdóttir.**

Námskeiðið var hliðstætt námskeiði III og byggði á því sem þar var gert ásamt þeim grunni sem nemendur fengu á námskeiðum I og II. Námskeiðið var hugsað fyrir átta nemendur og unnið var með fjögur verk. Þau voru valin í samráði við nemendur. Allir þurftu að kynna sér þessi fjögur verk vandlega, en hver nemandi bar ábyrgð á og stjórnaði vinnunni í einni senu sem hann lagði megináherslu á. Í brennidepli var persónuleikstjórn og textaleikstjórn. Gert var ráð fyrir undirbúningi með fjarkennslusniði (á Netinu) áður en skólinn hófst. Í honum fólst greiningarvinna, fafla og hugleiðingar um megin sögn verksins. Einnig lestur ítarefnis. Nemendur þurftu að gera ráð fyrir að leika í senum hjá samnemendum. Námskeiðið var með „master-class“ sniði, sem þýðir að allir fylgjast með öllum vinna og kennarinn grípur inn í vinnuna.



Sigrún Valbergsdóttir

#### *Nemendur Sigrúnar:*

Bjarney Lúðvíksdóttir, Mosfellsbæ  
Einar Rafn Haraldsson, Egilsstöðum  
Freyr Antonsson, Dalvík  
Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri  
Herdís Ragna Þorgeirsdóttir, Mosfellsbæ  
Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi  
Linda María Ásgeirsdóttir, Siglufirði  
Rúnar Lund, Reykjavík  
Unnur Guttormsdóttir, Reykjavík

## Sérnámskeið fyrir leikara – Hvað er svona fyndið? Kennari Ágústa Skúladóttir.

Á námskeiðinu var trúðleikurinn aðalundirstaðan. Hvers vegna erum við fyndin? Hvernig erum við fyndin? Byrjað var á rauða nefinu, „einfalda trúðnum“ sem elskar að vera á sviðinu og gleðja áhorfendur. Hvernig gerist það hjá hverjum og einum? Með brosi og blikki eða því að fara með Hávamál og herma eftir þvottavél í leiðinni? Talar þinn trúður mikið eða er hann hinn fámáli hjálpfúsi aðstoðarmaður? Hér reyndi á kjark og einlægni leikarans, það að hann þori að standa fyrir framan áhorfendur og hlusta eftir því hvað þeim þykir skemmtilegt.

Á síðari hluta námskeiðsins var farið í tragíska trúðinn. Rauða nefið tekið af og dekkri hliðar lífsins taka við. Þessi trúður á sér vonir og þrár, getur orðið ástfanginn og svo misst ástvin sinn en sama á hverju gengur missir hann aldrei vonina og eins og rauðnefjinn, sambandið við áhorfandann.



Ágústa Skúladóttir

### Nemendur Ágústu:

Ármann Guðmundsson, Reykjavík  
Björn Thorarensen, Reykjavík  
Dýrleif Jónsdóttir, Akureyri  
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík  
Gunnar Björn Guðmundsson, Hafnarfirði  
Halldór Magnússon, Hafnarfirði  
Huld Óskarsdóttir, Reykjavík  
Hulda Hákonardóttir, Reykjavík  
Júlíus Garðar Júlíusson, Dalvík  
Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Reykjavík  
María Gunnarsdóttir, Akureyri  
Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ  
Ragnar Ólafsson, Akureyri  
Sigurður H. Pálsson, Reykjavík  
Silja Björk Huldudóttir, Reykjavík  
Snorri Engilbertsson, Hafnarfirði  
Valgerður Arnardóttir, Mosfellsbæ



Allur hópurinn á Húsabakka

## **Leikritun – höfundasmiðja Kennari Þorgeir Tryggvason**

Í smiðjunni unnu nemendurnir með verk sem þeir voru með í smíðum. Tímanum var annars vegar varið til skrifta og hinsvegar til yfirferðar yfir verkin og það sem skrifaðist á námskeiðinu.

Gert var ráð fyrir að þátttakendur hefðu verið með verk á þrjónunum, en einu gildi hvort þau voru löng eða stutt, á hugmyndastigi eða gegnumskrifuð handrit sem þörfnuðust endurskrifta eða fínþússunar.




*Þorgeir Tryggvason*

### *Nemendur Þorgeirs:*

Árni Hjartarson, Reykjavík  
Björn M. Sigurjónsson, Reykjavík  
Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík  
Ingibjörg Hjartardóttir, Svarfaðardal  
Júlía Hannam, Reykjavík  
Nína Björk Jónsdóttir, Reykjavík  
Þógrímur Daníelsson, Húsavík  
Þórunn Guðmundsdóttir, Kópavogi

## **Myndir frá Húsabakka**





## **Grunnnámskeið í leiklist – leiklist, list augnabliksins** **Kennari Ásta Arnardóttir**

Markmið námskeiðsins var að þátttakendur næðu valdi á grundvallarþáttum sviðsleiks, styrktu tengsl sín við sköpunarkraftinn og öðluðust innsýn í list augnabliksins. Unnið var út frá fjórum meginþáttum, þ.e. samfélagi – einstaklingi – samspili – sögu, og þannig leitast við að skoða hvernig sýning (saga) verður til við samspil persónanna (einstaklinganna) og þess andrúmslofts (samfélags) sem þær skapa.

Samfélag – jarðvegur sköpunar: forsendur þess að árangur náist er að skapandi andrúmsloft ríki. Forsendurnar fjórar þjálfaðar: einbeiting, athygli, heiðarleiki og traust.

Einstaklingur – að skapa persónu: hvernig getum við tjáð skynjun okkar? Hjálpartækin fjögur reynd: líkami, rödd, tilfinning og hugsun.

Samspil – listin að gefa og þiggja: tengsl mín við manneskju – hlut – umhverfi. Hvernig mynda ég tengsl? Tengingarnar fjórar: slökun, hlustun, sakleysi og forvitni.

Saga – ávöxtur sköpunar: spuni, eðli sköpunarinnar, rannsakaður. Hvernig mæti ég hinu óþekkta – næsta augnabliki? Eðalsteinar augnabliksins: sköpunargleði, sköpunarkraftur, sköpunarfrelsi.

### *Nemendur Ástu:*

Aldís Gyða Davíðsdóttir, Reykjavík  
Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Reykjavík  
Freyja Kristjánsdóttir, Egilsstöðum  
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi  
Guðlaugur Baldursson, Akureyri  
Guðrún Lára Pálmadóttir, Reykjavík  
Harpa Svavarsdóttir, Mosfellsbæ  
Ingibjörg Ásta Björnsdóttir, Akureyri  
Ingvar Bjarnason, Reykjavík  
Jón E. Guðmundsson, Reykjavík  
Kristrún Jónsdóttir, Egilsstöðum  
Sigsteinn Sigurbergsson, Reykjavík  
Stefán Benedikt Vilhemsson, Reykjavík  
Steingrímur Magnússon, Eyjafjarðarsveit  
Pórarinn Stefánsson, Reykjavík  
Pröstur Ólafsson, Hnífsdal



*Ásta Arnardóttir*

## **Bardagatækni á sviði – Stage Fight** **Kennari Ine Camilla Bjørnsten** **Haldið í Reykjavík 8.–10. apríl 2005**

Bardagatækni á sviði er listin að sviðsetja líkamleg átök fyrir framan áhorfendur, með eða án vopna. Þetta námskeið bauð upp á þjálfun í höggum, spörkum og í því að detta, auk aðferða við að sýna leikin slagsmál á sviði sem raunverulegust. Í lok námskeiðsins voru stuttar senur sviðsettar. Námskeiðið var ætlað byrjendum, áhersla var lögð á öryggisreglur, samskipti og leikin slagsmál án vopna.

### *Nemendur Ine Camillu:*

Árni Kristjánsson, Reykjavík  
Bjarni Stefánsson, Selfossi  
Bjartur Guðmundsson, Akureyri  
Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík  
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík  
Hjalti Stefán Kristjánsson, Mosfellsbæ  
Ólöf Haraldsdóttir, Selfossi  
Stefán Benedikt Vilhemsson, Reykjavík



*Ine Camille Bjørnsten*

## Dagbók úr leiklistarskóla

Guðfinna Gunnarsdóttir frá Selfossi var nemandi á Leiklist I. Hér á eftir skrifar hún um upplifun sína á Húsabakka.

### Dagur 1

Hópurinn Leiklist I hittist í fyrsta sinn í Svarfaðardalnum klukkan rúmlega níu á laugardagsmorgni. Það var pínulítill kona með sól í hjarta og alltumvefjandi bros sem kallaði okkur saman. Hún byrjaði á því að kenna fólki að heilsa höfuðáttunum fjórum, sagði okkur að þegja og labba upp í fjall. Undrandi og kvíðin hlýddum við kallinu og hittum hesta á leiðinni. Náttúran bauð okkur velkomin og brátt mátti sjá fólk ráfandi um fjallið, veltandi sér niður brekkur, buslandi í lækjum að búa til form og flæði.

Allt var þetta nú svolítið yfirþyrmandi í fyrstu, en þar sem allir fengu að vera í næði með sín hopp þá gekk þetta vel.

Svo gekk fólk aftur niður í þögn, dálítið rispað með grasgrænu í buxunum og gekk inni rýmið, lítinn íþróttasal sem átti eftir að verða vitni að miklum hamförum og umskiptum næstu níu daga.

Eftir að allir höfðu kynnt sig og sagt frá væntingum ef einhverjar voru til námskeiðsins var hafist handa. Ásta sagði frá því að við værum á leið á stefnumót við augnablikið.

Rýmið var kannað í kjallaranum, dúa.

Mikið gengið um og horfst í augu og unnið í síldartorfu þar sem allir herma eftir einum í hópnum í einni klessu, en það má ekki sjást hver stjórnar. Gerðum raddsúlu þar sem allir standa í einum hnapp og móta einskonar hljóðsúlu, eða raddkór, þar sem allir vinna saman. Ótrúlega kröftugir ómar sem myndast þar. Einnig unnið með stöður, frost og spennu í líkamanum.

Áður en maður vissi af var fyrsti dagurinn liðinn. Stórfurðulegt að þetta skyldi takast hjá manni. Nei sko fyrsti marbletturinn.

### Dagur 2

Fjallið gengið og áttum heilsað. Í fjallinu var farið í blindingsupplifun, parað saman og bundið fyrir augun á öðrum og fólk þannig látið finna fyrir náttúrunni. Þetta reyndist mjög góð upplifun fyrir þá úr hópnum sem lentu í liði myopista (sjónskertra) á Banda-leikum um kvöldið.

Eftir fjallið var komið til baka í rýmið og unnið með þær upplifanir sem fólk hafði með í fartaskinu þaðan. Átti maður að búa til leiðangur í rýminu, settan saman úr þeirri upplifun sem maður hafði fengið úr fjallferðum. Undirritaðri átti eftir að hefna grimmi-lega í skrokknum, þar sem kollhnisar nokkrir voru hluti af leiðangrinum hennar, mun þægilegra í framkvæmd í þúfóttu barði heldur en á hörðu parketgólfi!

Einnig gerð mjög skemmtileg æfing þar sem tveir og tveir unnu saman, annar var rödd og hinn líkami. Sá sem var líkaminn átti að vera með lokuð augun og stýrast af hljóðum raddarinnar. Svo var unnið með tengingu milli tveggja, augnsambönd og faðm-lög.

Mjög meinlaus Busavígsla var um kvöldið og svo tóku Bandaleikar við, liðskipt keppni, sem var skörulega stýrt af Júlla ísskápa-manninum ógurlega. Hópur gargandi furðufugla vann keppnina. Myopistarnir voru samt bestir!!

### Dagur 3 – skódagurinn mikli

Gengið á fjallið í rigningu, gott samt og vorum líka stutt. Allir blautir og endurnærðir að venju. Og svo lagt af stað á stefnumót við augnablikið. Fengum líka að nudda hvert annað, mjög gott að fara mjúkur og eftirgefandlegur inni hádegishlé – eyddi líka alltof miklum pening á Dalvík, aðeins of mjúk.

Unnið áfram með tíma – rými – form og hreyfingu, inni þetta bættist saga í hóp. Gekk mjög vel, allur hópurinn dó úr einhvers-konar gaseitrun og lifnaði svo við hmmm. Fengum líka tækifæri til að drepa hvert annað í þörum með skó að vopni – menn gengu berserksgang og á marga rann mikið morðæði. Mjög athyglisvert hversu auðvelt fólkíð í hópnum átti með það. Að drepa hvert annað á ég við.

Að lokum gaf Ásta þau fyrirmæli að við ættum að klæða okkur í skó með tilfinningu. Það er að segja koma inni salinn, klæða okkur í skó og fara aftur út. Hver og einn átti að búa til kringumstæður, án þess að segja frá fyrirfram, með eina ákveðna tilfinningu að leiðarljósi og koma því til skila með skóíklæðslu án orða. Hinir horfðu á á meðan. Parna spruttu fram 16 mjög skemmtilega ólíkar senur. Í einni senunni kom fram afar undarlegur skópervert, sem læddist inn, þefaði af skónum og stal þeim svo. Við viljum ekki vita hvað gerðist hjá honum eftir að hann fór út.

Eftir kvöldmat fengum við afhentar senur úr Shakespeare til að læra. Sena úr Ríkharði III lenti hjá mér og honum Ingvari, Velkominn Ingvar.

Eftir skemmtilega bíófrumsýningu um kvöldið mátti sjá og heyra fólk lesa í krókum og kimum, skelfingu lostið yfir því að þurfa að læra allan þennan texta. Já sjáum til.

### Dagur IV – Shakespeare-lundurinn fagri

Steikjandi sól og hiti. Fórum á fjall og í sal, en eyddum mestum hluta dagsins í hinum margfræga Shakespeare-lundi. Við keyrðum þangað í síldartorfu og byrjuðum strax að leika okkur með senurnar okkar, tvö og tvö saman, vítt og breitt um skóginn. Umhverfið orsakaði það að fólk gat velst um, klífrað og leikið sér með textann. Ríkharður og Anna prinsessa eyddu miklum tíma í að skylmast en misstu aldrei gleðina.

Í lok dags var viðeigandi að nemendur sem voru með senur úr Draumi á Jónsmessunótt flyttu okkur sína senu og var hún mjög skemmtileg. Skópervertinn frá deginum áður birtist óvænt í þeirri senu líka.

Svalaatriðið fræga úr Rómeó og Júlíu var einnig flutt, þar sat Júlía upp í tré með sólgleraugu og Rómeó flæktist í greinum og faðmaði tré.

Allir voru eins og rispaðir, steiktir kjúklingar eftir daginn.

Um kvöldið var óvissuferð fyrir skólann á vegum Leikfélags Dalvíkur sem endaði aftur heima í skóla, hjá sumum, með nætur-sauna og brekkusöng fram eftir nóttu.

### Dagur V – Punn orka – pils og props

Frekar orkulítill dagur í fyrstu vegna gleðiglaums gærkvöldsins. Allir á fjall að ná sér í orku og hreinsa úr sér djammdrulluna. Í rýmið mætti svo fólk endurnært og opið fyrir verkefni dagsins. Mikið unnið með takt og að ná sambandi í hóp og eitt og eitt með röddinni. Stórfengleg humm-lög sem sköpuðust þar, og þar kom fram laglína sem átti eftir að fylgja hópnum áfram, come with me, together, we can take the long way home.

Eftir hádegi mættu stúlkur í síðpilsnum og drengir í finum skyrtum til að ná fram meiri tilfinningu fyrir Shakespeare. Gerðum æfingar sem snerust um að búa til form og setja svo mismunandi hreyfingu og texta í formið. Einnig unnum við með props, að leika sér með einhvern hlut og nota hann til að stilla sig inn á ákveðna tilfinningu, reiði, sorg, gleði eða ótta. Þessi æfing var svo notuð til að ná fram mismunandi orku inn í senurnar. Frú Makbeð frikaði út á herranum sínum með sippuband að vopni og Anna prinsessa teipaði Ríkharað saman með límbandi.

Mikill tími fór í að horfa á aðra, sem reyndist mjög lærdómsríkt. Dagurinn endaði á koddahjali, nuddi og slökun. Allir fengu að koma með sængurnar sínar, góður endir á deginum.

Flestir horfðu svo á afhendingu Grímunnar um kvöldið í sjónvarpinu og kepptu um hver myndi giska rétt á verðlaunin.

### Dagur VI – 17. júní

Fúlt veður og fjallgöngu sleppt. Áfram unnið með leiðangur og farið í senur.

Rómeó og Júlía áttu afar lostafullt atriði þar sem ástsjúk Júlía hengdi sig á skelfingu lostinn Rómeó þar til hann var orðinn örmagna.

Anna prinsessa og Ríkharaður eyddu mikilli orku í að reyna að drepa hvort annað og brustu í grát þess á milli. Hamlet fór frekar illa með móður sína og reyndi að drepa bedda sem við notuðum með treflinum sínum. En dagurinn endaði í einu stóru faðmlagi, allir sælir og kátir eftir að hafa tekið út Hara-orkuna sína með líkamsmeiðingum og svívirðingum.

Um kvöldið var haldin 17. júní kvöldvaka með fjölbreyttum skemmtiatriðum, þar á meðal trukkalessum, tragedíum, trúðum, söng og klósettappír.

### Dagur VII

Fjallið tekið í nefið og enn haldið áfram að þróa senur allan daginn. Fólk farið að tala um hversu gaman verði hjá okkur á Leiklist II næsta sumar.

Um kvöldið var heimsóknartími þar sem allir hóparnir kíktu á hvað hinir höfðu verið að gera. Við gerðum raddsúlu og sýndum leiðangrana okkar sem endaði í stórdramatískum senum. Ríkharaður og Elísabet drottning tóku á sprett og enduðu sýnishornið mjög kröftuglega.

Höfundar lásu úr verkum sínum, leikstjórar sýndu atriði úr Vanja frænda og kvöldið endaði með trúðalátum.

Allir fengu svo úthlutað verkefnum fyrir lokadaginn. Leikstjórar fengu í hendur örleikrit eftir höfunda og leikarahóp. Nett magapína hjá busum.

### Dagur VIII – og leikritamaskínan fór af stað ...

Kvöddum fjallið með virktum og enduðum á því að hlaupa niður hlíðina og enda í faðmlagi við einhvern niðri, sambland af Fýkur yfir hæðir og Húsið á sléttunni. Horfðum svo á senur og fórum svo á leikstefnumót með hópunum okkar. Allir horfðu svo á alla og alveg stórmerkilegt hversu mikið var hægt að afreka á svona stuttum tíma.

Svo voru verkin og framsetning þeirra rædd. Allir ruku svo í sturtu fyrir lokahófið. Mjög gaman að sjá alla í sínu finasta. Hver bekkur sat saman við borð og stemningin var góð. Við hyltum Ástu, sendum á hana heilaga Maríu-lúkkið sem hún kenndi okkur og sungum fyrir hana, hún fékk líka pakka.

Dansað fram á nótt og erfitt að fara að sofa, veðrið frábært og landslagið ótrúlegt.

### Dagur IX – dalurinn kvaddur

Mikill harmur á síðustu samverustund hópsins. Farið yfir námskeiðið og fólk tjáði sig um hvernig námið hefði mætt væntingum þess. Allir mjög ánægðir og flestir áttu erfitt með að koma hugsunum sínum í orð. Mikil væntumþykja og þakklæti. Ásta var ánægð með hópinn sinn og fannst að námskeiðið ætti að heita frumnámskeið þar sem svo mikill tími fór í að finna frumorkuna sem kveikir kraftinn í leiknum hjá hverjum og einum.

Ástu tókst að opna alla nemendur upp á gátt, tilfinningar flæddu hjá nemendum sem flestir, ef ekki allir vissu ekki að þeir gætu kallað fram. Hún gaf sig alla í námskeiðið og átti nóg til handa öllum. Hún var líka mjög dugleg að kynna fyrir okkur aðferðafræðina bakvið æfingarnar sem hún lét okkur gera. Hún kom fram við okkur af virðingu og kenndi okkur svo miklu meira en að leika. Hópurinn náði mjög vel saman og samheldnin var mikil og góð.

Frábær skóli og ég hlakka mikið til að koma aftur næsta sumar.

Kæru Gulli, Gunna Lára, Ingibjörg, Stebbi, Steini (norðan), Aldís, Steini (sunnan), Dúrri, Freyja, Þröstur, Jón, Harpa, Ingvar, Indra, Toro og svo auðvitað Ásta. Takk fyrir mig. Ef ég náði ekki að kveðja ykkur öll þá geri ég það bara núna og segi sjáumst .... Hjörtu okkar slógu í takt í 10 daga – djö... fín músík sem það var.

*Kveðja, Ninna*

P.S. Þið hin öllsömul trúðar, leikstjórar, höfundar og skólastýrur, mange takk líka.

## **Stuttverkahátíðin Margt smátt, haldin í Borgarleikhúsinu 23. október 2004**

*Borgarleikhúsið bauð Bandalagi íslenskra leikfélaga til samstarfs um litla einþáttungahátíð haustið 2003. Tilraunin tókst svo vel að ákveðið hefur verið að gera svona hátíð að árlegum viðburði og var næsta hátíð með svipuðu sniði árið eftir.*

Bandalag íslenskra leikfélaga og Borgarleikhúsið stóðu fyrir stuttverkahátíðinni Margt smátt laugardaginn 23. október 2004. Þar sýndu 7 leikfélög 11 leikverk sem öll voru frekar stuttir einþáttungar eða svokölluð stuttverk.

Tilgangurinn með hátíðinni var að vekja athygli á þeim vaxtarbroddi í áhugaleikhúsinu sem felst í ritun og uppsetningu stuttverka og því gróskumikla starfi sem unnið er um allt land á vegum áhugaleikfélaganna.

Hátíðin var sett í Borgarleikhúsinu kl. 20.00 laugardaginn 23. október. Setningarræður héldu þau Björn Ingi Hilmarsson, stjórnarmaður í Leikfélagi Reykjavíkur og Guðrún Halla Jónsdóttir, varaformaður Bandalags íslenskra leikfélaga. Sýningarnar voru í beinu framhaldi af setningunni. Eftir að sýningum lauk voru stuttar umræður um hátíðina, þar sem þau Jón Viðar Jónsson og Silja Aðalsteinsdóttir gerðu grein fyrir sínum skoðunum á því sem fyrir augu bar. Að umræðum loknum var öllum hátíðargestum boðið til dansleiks í forsalnum.

*Sýningar á hátíðinni:*

*Dauðinn drepur á dyr* – Leikfélag Hafnarfjarðar  
*Hlýðni/óhlýðni* – Freyvangsleikhúsið  
*Á uppleið* – Hugleikur  
*Forvitni* – Leikfélag Mosfellssveitar  
*Hinir gullnu bogar hugrekksins* – Leikfélag Kópavogs  
*Dagur myrkurs* – Leikfélag Seyðisfjarðar  
*Portret* – Halaleikhópurinn  
*Án mín* – Hugleikur  
*Kjallarabörnin* – Leikfélag Hafnarfjarðar  
*Af hverju láta fuglarnir svona?* – Hugleikur  
*Pörunardans hnífakastarans og skeggjuðu konunnar* – Leikfélag Hafnarfjarðar og Leikfélag Mosfellssveitar



*Forsíða leikskrár hátíðarinnar*

## Að aflokinni stuttverkahátíð

*Hörður Sigurðarson situr í stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga og er fyrrum formaður Leikfélags Kópavogs. Greinin hér á eftir var birt á Leiklistarvefnum haustið 2004.*

Stuttverkahátíðin Margt smátt fór fram í Borgarleikhúsinu laugardaginn 23. október síðastliðinn, annað árið í röð. Þessi litla leiklistarhátíð er einstæð í íslensku leiklistarlífi og þótt víðar væri leitað. Það vekur því nokkra furðu að varla nokkur utanaðkomandi sást á staðnum og gestir voru að miklu leyti vinir og vandamenn þeirra sem sýndu. Að einhverju leyti verður það að skrifast á takmarkaða kynningu en það verður þó að nefna að markpóstur fór nokkuð víða og fréttir birtust í öllum helstu fjölmiðlum. Ljóst er þó að hægt er að gera betur í kynningarmálum hátíðarinnar.

### Stuttleikjaformið

Uppsetningar stuttverka eru alls ekki jafn algengar meðal félagi á BÍL og af er látið en það breytir því þó ekki að nokkur félög hafa sinnt þessu leiklistarformi vel undanfarin ár og einnig má nefna að stuttverkahátíðir af ýmsum toga hafa verið haldnar annað hvert ár í tengslum við aðalfund Bandalagsins, allar götur síðan árið 1992. Áhugafélögin hafa því gert þetta leikhúsform að sínu og það er missir atvinnugeirans að meðlimir hans hvorki spreya sig á forminu né fylgjast með meðhöndlun áhugafélaganna á því.

### Valið

Töluvert hefur verið skrafað um val sýninga í ár eins og eðlilegt má teljast. Það fer einfaldlega ekki hjá því að val á leiklistarhátíðir sé umdeilt og var svo einnig nú. Hátíðin í fyrra sætti nokkurri gagnrýni, m.a. frá undirrituðum og var það fyrst og fremst vegna þess að ekki virtust gerðar ýkja miklar kröfur til gæða og voru nokkrir þáttanna til vitnis um það. Í ár fannst eflaust ýmsum koma vel á vandan að koma að skipulagningu hátíðarinnar. Heilt yfir þykir þeim er ritar að hátíðin hafi tekist vel en þó var eitt og annað sem betur hefði mátt fara. Hér og nú skal það viðurkennt að undirrituðum urðu á mistök með því að skilgreina forsendur vals ekki nægjanlega vel fyrir valnefnd. Þar er fyrst og fremst átt við þá ákvörðun nefndarinnar að taka tillit til þess ef sýningar voru ekki fullæfðar eins og raunin var með sumar. Slíkt er að mati þess sem þetta ritar ekki eðlilegt og var hreinlega í andstöðu við það sem rætt hafði verið í kjölfar Margt smás í fyrra. Þetta kom ekki í ljós fyrr en eftir að nefndin hafði unnið sína vinnu og skilað niðurstöðum og af sanningirni er tæplega hægt að saka hana um mistök. Nefndin gaf sér ákveðnar forsendur og rökstuddi valið með þeim. Undirritaður hefur stuttlega rætt þetta við formann nefndarinnar og þó ekki séu aðilar þar sammála er ljóst að nefndin hefur verið samkvæm sjálfri sér út frá gefnum forsendum.



*Hörður Sigurðarson*

### Sýningarnar

Ekki er ætlunin að bera hér fram allsherjar gagnrýni á sýningarnar á Mörgu smáu. Hinsvegar var undirritaður hugsi yfir ýmsu því sem fyrir augu bar og vill koma því á framfæri með þeirri frómu ósk að áhugasamir íhugi og jafnvel svari ef þeim þykir ástæða til.

Fyrst af öllu verður að nefna að sem heild virkaði hátíðin í ár mun betur en sú í fyrra. Þá voru sumar sýningar langt undir eðlilegum gæðamörkum og þó ekki hafa allar sýningarnar í ár verið af miklum gæðum var þó engin sem skar sig svo úr að vandræðalegt væri. Þó dagskráin væri helmingi styttri í ár en í fyrra var ekki síðri fjölbreytni í verkefnavali og framsetningu en þá. Það sem sat hinsvegar fastast í hugskotinu að sýningum loknum var hversu áberandi slök leikstjórn var á sumum sýninganna. Í mörgum tilvikum sáust ágætlega skrifuð og leikin verk sula í einhverri meðalmennsku þar sem þá leikstjórn skorti sem hífir slaka sýningu upp í það að vera þokkalega og þokkalega sýningu upp í það vera góða.

Auðvelt væri að ræða um sýningarnar á þessum almennu nótum og láta þar við sitja en að mati þess sem þetta ritar er það hollt fyrir hreyfinguna og meðlimi hennar að hafa opin-skáa og heiðarlega umræðu um það sem við erum að gera. Það þýðir að jafnvel þarf að koma við kaunin á fólki sem maður þekkir vel og telur jafnvel til vina sinna. Verður því farið nokkrum orðum um þær sýningar sem sátu í hugskoti undirritaðs af framangreindum sökum.

Leikfélag Seyðisfjarðar sýndi Dag myrkurs sem var ekki ýkja merkilegt leikverk en alveg þokkalega leikið. Hinsvegar var mjög áberandi að leikstjórn var lítil ef þá nokkur og þar af leiðandi var framvindan frekar hikstandi og ómarkviss.

Leikfélag Hafnarfjarðar sýndi verkið *Dauðinn drepur á dyr* eftir Woody Allen og var það eina verkið á hátíðinni sem ekki var frumsamið. Hugmyndin að verkinu er skemmtileg og það er lipurlega skrifað auk þess sem leikararnir stóðu sig prýðilega. Hér steytti hinsvegar á leikstjórninni sem var ómarkviss. Verkið hreinlega hrópaði á agaðan og snarpan samleik sem var því miður ekki til staðar og skrifast slíkt að öllu jöfnu á leikstjóra.

Halaleikhópurinn sýndi Portrett sem gagnrýnandi Morgunblaðsins kallaði statískasta verk sem hann hefði séð þegar það var frumsýnt í fyrra. Einmitt þess vegna kallar verkið á mjög nákvæma og næma leikstjórn. Máltækið að ein mynd segi meira en þúsund orð hefur sennilega hvergi átt betur við en í þessu samhengi. Þegar leikarar geta nánast ekkert hreyft sig verður hvert minnsta svipbrigði þeim mun meira áberandi og minnstu meiningu þarf að túlka með tóninum í röddinni. Hér varð áberandi skortur á leikstjórn hreinlega æpandi.

Leikfélag Mosfellssveitar sýndi leikþáttinn *Forvitni* sem braut aðeins upp hið hefðbundna leikform þar sem persónunar sögðu lítið sem ekkert en hugsuðu þeim mun meira og heyrðust þær hugsanir í hljóðkerfi. Verkið sem slíkt hreif undirritaðan ekki en þó hefði verið hægt að gera úr því skondinn þátt með markvissri leikstjórn. Framsetningin býður upp á skemmtilegt samspil hugsana persónanna annarsvegar og þöguls leiks leikaranna hinsvegar. Því miður var þetta samspil fjarri góðu gamni enda sátu leikararnir nánast steinrunnir allan tímann og varla hægt að tala um leik af þeirra hálfu.

Eflaust væri hægt að finna að leikstjórn á Kjallarabörnum Leikfélags Hafnarfjarðar en það fellur reyndar einhvernvegin í skuggann á öðru í þessu einkennilega verki sem virkaði mjög áhugavert í upphafi en stóð síðan ekki við neitt af því sem það lofaði. Það er auðvelt að vekja áhuga með óræðni og sterkri upphafsmynd (og reyndar ágætum leik) en ef ekkert annað bætist við, sitja áhorfendur ósáttir eftir í lok sýningar. Undirritaður heyrði sýningunni líkt við tilraunaleikhús árána í kringum 1970 og má það til sanns vegar færa. Þokkalegur leikstjóri hefði kannski ekki bætt verkið en hefði þó vafalaust stýtt þessa sýningu umtalsvert sem hefði verið til bóta.

Að lokum vil ég nefna þá sýningu sem að mati þess sem hér skrifar var hápunktur hátíðarinnar. Þörunardans hnífakastarans og skeggjuðu konunnar hjá Gunnari Birni frá Leikfélagi Hafnarfjarðar og Völu frá Leikfélagi Mosfellssveitar var þegar best tókst til tær snilld. Þau skötu hjúin þrýstu oft og tíðum á hláturtaugar áhorfenda á hárréttum augnablikum og sýndu framúrskarandi trúðleik. Engu að síður voru þó nokkur augnablik í sýningunni þar sem mat leikaranna á áhorfendum brást og atriði voru teygð óhóflega. Hér hefði ekki bara þurft sýn leikstjóra heldur einnig nokkur rennsli með áhorfendum til að slípa til þáttinn. Hæfileikana skorti a.m.k. ekki.

Hér hafa verið taldar upp nokkrar sýningar og fundið að leikstjórnarþætti þeirra. Það þýðir ekki að þær hafi endilega verið ómögulegar enda sést það best á því að besta sýning hátíðarinnar að mati undirritaðs er á meðal þeirra sem gagnrýndar eru. Freistandi hefði verið að nefna einnig þátt *Hugleiks*. Án mín en þar er þó ekki um skort á leikstjórn að ræða heldur er undirritaður einfaldlega ekki hallur undir þann leikstjórnarstíl sem birtist í sýningunni. Auk þess er ekki annað hægt en að taka ofan fyrir þeirri snilldarhugmynd að láta sögumanninn birtast ljóslifandi og setjast á rúmstokkinn hjá kerlingunni.

Þá rennur undirrituðum blóðið til skyldunnar að nefna sýningu *Freyvangsleikhússins á Hlýðni* – *Óhlyðni* sem var sérlega vel unnin sýning á afar skemmtilegu verki.

Vafalaust eru margir ósammála þeim skoðunum sem hér birtast og fróðlegt væri að fá einhverjar umræður um þær hér á vefnum.

### *Gagnrýnendurnir*

Silja Aðalsteinsdóttir og Jón Viðar Jónsson fjölluðu um sýningarnar að þeim loknum og stóðu sig að mestu vel. Þau virkuðu hreinskilin og sögðu væmnilaust frá því sem hreif þau. Þá skófu þau ekki utan af hlutunum ef þeim þótti þurfa án þess að fara yfir strikið í neikvæðni. Þannig eiga gagnrýnendur að vera.

EKKI verður þó komist hjá því að nefna ótrúlega athugasemnd Jóns Viðars um verkið *Dauðinn drepur á dyr* eftir Woody Allen. Hann hélt því fram án þess að blikna, að þar sem þar hefði verið eina verkið sem var skrifað af „fagmanni“, hefði ekki verið við því að búast að leikararnir réðu við það. Jóns Viðars vegna má vona að hann hafi einfaldlega ekki hugsað þessi orð sín til enda, en líklegra og sorglegra er þó að hér hafi einkennilegir fordómar ráðið för. Það virðist landlægt hjá leikhúsfólki sem viðriðið er atvinnugeirann að í hvert sinn sem hægt er að finna að einhverju í sýningum áhugasólks sé það vegna einhvers óskilgreinds „eðlis“ þeirrar listar sem framin er á þeim vettvangi. Með öðrum orðum þá sé einhver óskilgreindur eðlismunur á leikverkum, allt eftir því hvort sá sem skrifar er „fagmaður“ (hvað svo sem það nú þýðir) eða ekki. Þessi eðlismunur valdi því jafnframt að engum sé mögulegt að flytja verk „fagmanna í leikritun“ nema „fagmönnum í leik“. Fari undirritaður hér með rangt mál um meiningar Jóns Viðars er honum örugglega velkomið að leiðrétta það á þessum vettvangi. Jóni til upplýsingar má svo benda á að verk Woody Allen var auk þess langt frá því að vera best skrifaða verkið á hátíðinni.

### *Margt smátt*

Stuttverkahátíðin Margt smátt er vonandi komin til að vera og Borgarleikhúsið á heiður skilinn fyrir að bjóða til hennar. Að líkindum verður hún ekki haldin að ári enda nóg að gera hjá áhugahreyfingunni næsta sumar við að halda alþjóðlega leiklistarhátíð á Akureyri. Hinsvegar hefur það verið rætt að stefna að því að halda hana á tveggja ára fresti og jafnvel að færa hana yfir á vorin. Má leiða rök að því að það sé rökréttara en að halda árlega hátíð að hausti.

*Hörður Sigurðarson*

# Haustfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 2004

*Haldinn á Hótel KEA á Akureyri 9.–10. október 2004*

*Einar Rafn Haraldsson, formaður og fundarstjóri setti fund.*

Fundarmenn kynntu sig:

Einar Rafn Haraldsson, formaður, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum  
Guðrún Halla Jónsdóttir, varaformaður, Freyvangsleikhúsinu, Eyjafirði  
Lárus Vilhjálmsson, ritari, Leikfélagi Hafnarfjarðar  
Hörður Sigurðarson, meðstjórnandi og lénsherra, Leikfélagi Kópavogs  
Júlíus Júlíusson, meðstjórnandi, Leikfélagi Dalvíkur  
Margrét Tryggvadóttir, varastjórn, Leikfélagi Rangæinga, Hvolsvelli  
Guðrún Esther Árnadóttir, varastjórn, Leikfélagi Mosfells-  
sveitar  
Ármann Guðmundsson, varastjórn, Hugleik, Reykjavík  
Vilborg Árný Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri, Reykjavík  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, starfsmaður, Reykjavík  
Gunnhildur Sigurðardóttir, skólameistari, Leikfélagi Mosfells-  
sveitar  
María Gunnarsdóttir, Freyvangsleikhúsinu  
Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikhúsinu  
Dýrleif Jónsdóttir, Freyvangsleikhúsinu  
Elísabet Friðriksdóttir, Freyvangsleikhúsinu  
Árni Friðriksson, Freyvangsleikhúsinu  
Hrefna Friðriksdóttir, Hugleik, Reykjavík  
Örn Sigurðsson, Halaleikhópnum, Reykjavík  
Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum, Reykjavík  
Freyja Kristjánsdóttir, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum  
Snorri Emilsson, Leikfélagi Seyðisfjarðar  
Lilja Kristinsdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar  
Gunnar Björn Guðmundsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar  
Brynhildur Guðmundsdóttir, Leikhópnum Veru, Fáskrúðsfirði  
María Óskarsdóttir, Leikhópnum Veru, Fáskrúðsfirði  
Kristín Guðjónsdóttir, Leikfélagi Blönduóss  
Hólmfríður Jónsdóttir, Leikfélagi Blönduóss  
Hrund Ólafsdóttir, Leikfélagi Kópavogs  
Guðrún Lára Pálmadóttir, Leikfélaginu Sýnir  
Hallveig Ingimarsdóttir, Leikfélagi Djúpavogs  
Ása Gísladóttir, Leikfélagi Húsavíkur  
Anna Ragnarsdóttir, Leikfélagi Húsavíkur  
Dómhildur Antonsdóttir, Leikfélagi Húsavíkur  
Regína Sigurðardóttir, Leikfélagi Húsavíkur  
Fanney Valsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla  
Guðmundur Steindórsson, Leikfélagi Hörgdæla  
Hólmfríður Helgadóttir, Leikfélagi Hörgdæla  
Sesselja Ingólfssdóttir, Leikfélagi Hörgdæla  
Pétur R. Pétursson, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Ólöf A. Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Birgir J. Sigurðsson, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Þóra Margrét Birgisdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Ragna og Hafliði, Leikklúbbnum Sögu

Einar Rafn reifaði verkefni haustfundar.

*Dagskrá:*

1. Undirbúningur vegna leiklistarhátíðar á Akureyri dagana 22. til 26. júní 2004.
2. Námskeiðaáætlun skólanefndar Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga fyrir árið 2005 lögð fram.
3. Bandalags-Gríman vegna leikársins 2004–2005.
4. Nýjar úthlutunarreglur vegna styrkja Menntamálaráðu-  
neytisins.
5. Kynnt hvaða félag taka þátt í Margt smátt í Borgarleik-  
húsinu 23. október.
6. Önnur mál.

#### *1. Leiklistarhátíð á Akureyri 2005*

Lárus Vilhjálmsson, formaður undirbúningsnefndar leiklistar-  
hátíðar, tók til máls. Aðrir í nefndinni eru Vilborg Valgarðsdóttir  
og Guðrún Halla Jónsdóttir.

Lárus kynnti skipulag undirbúningsvinnu hátíðarinnar. Byggt á  
undirbúningsvinnu hátíðar 2000 sem tókst mjög vel.  
Skráningarblöð fyrir starfsfólk hátíðar kynnt.

Fundarmönnum skipt í umræðuhópa sem tóku þegar til starfa.  
Hópunum var falið að gera tillögur að nafni á hátíðina og ræða  
ýmis skipulagsatriði. Einnig var auglýst eftir hugmyndum varð-  
andi hvaðeina sem tengdist hátíðinni.

Umræðuhópar fengu ca. 45 mínútur til að gera tillögur.  
Fundurinn kom saman aftur. Starfshópar kynntu niðurstöður  
sínar.

#### *Dýrleif Jónsdóttir talaði fyrir tillögum hóps 1.*

- Tillögur að nafni á hátíðina: Leikur er list, Lífið er leikur,  
Leikur 2005, Leiklistarmót, Dáleiðsla og raðfullnægingar,  
Leiklist.is.
- Hópurinn gerði að tillögu sinni að gagnrýnifundur yrðu  
haldnir í hátíðaklúbbnum á kvöldin.
- Hópurinn var á móti verðlaunaafhendingum. Þeim þóttu  
næg verðlaun að fá að taka þátt í hátíðinni.
- Vegleg opunarhátíð verði haldin í formi götuleikhúss.
- Lokahóf. Ekki stórt húsnæði eða of stíft, „soldið wild en  
samt þannig að snyrtimennskan sé í fyrirrúmi.“ Hlutir úr leik-  
sýningum verði hafðir til sýnis á lokahófsstað.
- Ákveða þarf lit hátíðarinnar.
- Spurning um að hafa furðufatakvöld.
- Námskeið og leiksmiðjur: Tillögur að námskeiðum í leikhús-  
sporti, sviðsslagsmálum og ástum á sviði.
- Hanna þarf minjagripi.

#### *Júlíus Júlíusson talaði fyrir tillögum hóps 2.*

- Nafn hátíðar: Eithvað stutt og laggott, með undirtitli. Gott  
lógó. Leiklist 2005, Gúrkan 2005, Lálak 2005.
- Götuleikhús og uppákomur: Hátíðin verði betur kynnt  
bæjarbúum og í nágrannasveitarfélögum, gerð sýnilegri en

síðast. Fyrirtæki dreifi til dæmis húfum og fái alla niður í bæ á ákveðnum tíma og allir hjálpast að við að setja met í einhverju. Samkeppni á milli hverfa, félaga, fyrirtækja eða íþróttafélaga. Fá athygli út á eitthvað skritið. Samkeppni um eitthvað, til dæmis bestu búninga í búningasamkeppni á milli einhverra hópa innan bæjarins.

– Vilja hafa verðlaunaafhendingu, annars mætir hópur 2 ekki á hátíðina. Þau lögðu til að verðlaun yrðu hagnýt, frekar en verðlaunagripir.

– Námskeið og smíðjur: Stutt tækninámskeið, leikhúsförðun, dans, sirkus, brúðuleikur, uppistand og námskeið í kynningar-málum. Einnig kom tillaga að hugarflugsfundi um fjáröflun leikfélaga.

– Lokahóf, á litlum hlýlegum stað, frjálst en fínt, hlaðborð, góð partýstemming. Óvissuferð, hugsanlega á bát? Öðruvísi en síðast. Hafa spennu í þessu.

– Ljósmyndasamkeppni, 10 bestu myndirnar sem teknar eru á hátíðinni sýndar á lokahófi.

#### *Hrund Ólafsdóttir skýrði frá tillögum hóps 3.*

– Mætti vera meira um götuleikhús til að vekja athygli á hátíðinni, gangan frá hótelinu niður í bæ vakti mikla athygli síðast. Mikið líf og litir, gera sem mest.

– Virkja bæjarbúa í gegnum leikskóla, leikjanámskeið og unglíngavinnu til að taka þátt í götuleikhúsinu.

– Nafn hátíðarinnar þarf að höfða til almennings: Lifandi leikhús 2005 (LL2005).

– Hafa stutta gagnrýnifundi helst styttri en síðast. Spurning um að hafa líka samantekt í lokin.

– Námskeið: Sviðsslagsmál, smíknámskeið fyrir leikarann, sömu námskeið alla morgna til þess að menn geti farið á þau öll ef menn vilja. Ekki framhaldsnámskeið.

– Lokahóf: Frekar alþýðlegt, menn mæti í næstbestu fötunum. Ekki of mikið prógramm hafa góða danshljómsveit og verðlaunaafhendingu. Verðlaunaveiting yrði bara hvatning.

#### *Hörður Sigurðarson og Guðrún Halla Jónsdóttir töluðu fyrir tillögum hóps 4.*

– Nafn: Leikum núna

– Götuleikhús: tókst vel 2000 og vakti mikla athygli. Hópurinn mælti með því að opunarhátíð yrði aftur í formi götuleikhúss.

– Verðlaun: minnihluti hópsins var andvígur verðlaunaveitingum, sumir hlutlausir, flestir meðmæltir.

– Rætt um síðustu hátíð. Rifjað upp það sem tókst vel og það sem tókst síður. Gagnrýni kom fram á að verðlaunaflokkum skyldi hafa verið bætt við eftir að hátíðin var hafin.

– Gagnrýni: strax eða daginn eftir? Jákvætt að margir mæti á gagnrýnifundi. Of mikið þó að taka öll verkin fyrir í einu. Tillaga hópsins var að haldnir skyldu tveir fundir og fjallað um helming sýninganna á hátíðinni á hvorum.

– Leiksmíðja – námskeið: aðsókn var dræm síðast. Athuga hvort einhverjir erlendu gestanna geta haldið námskeið. Var of margt í boði síðast? Fækka námskeiðum, hafa t.d. 2 x 2.

– Lokahóf: „Chill“ eða „Posh“? Frekar „Chill“. Mælum með Eistnesku aðferðinni.

Búin að prófa „Posh“. Næst er það „Chill“.

– Brjálaðar hugmyndir: senda auglýsingu til félaganna til að setja í leikskrár sýninga vetrarins til að auglýsa hátíðina. Lítil, feit og loðin tístudúkkja verði minjagripur hátíðarinnar. Hafa Lárus í bleikum jakkafötum alla hátíðina. Senda 10 mínútna leikþátt (eða sögu) til allra hópa sem sýna á hátíðinni. Hverjum leikhóp væri ætlað að leikgera og sýna í hátíðaklúbbi.

#### *Hrefna Friðriksdóttir skýrði frá tillögum hóps 5.*

– Nafn: Leikum núna, Leiklyst.

– Opnun hátíðarinnar verði sýnileg í formi götuleikhúss.

– Skiptar skoðanir voru innan hópsins um hvort veita ætti verðlaun þeim sem stæðu sig best en menn voru sammála um að ef verðlaunaafhending færi fram þá ætti að standa að henni af fagmennsku. Ef ein sýning stendur upp úr á öllum póstum, þá fær hún öll verðlaunin.

– Hátíðarklúbbur verði eingöngu fyrir hátíðargesti. Félögin verði með uppákomur í klúbbnum. Teatersport. Hugsanlega undankeppni, enda með liðakeppni.

– Gagnrýni, sem flestir taki þátt, einn eða 2 fundir þar sem fjallað verði um allar sýningarnar.

– Lokakvöld: gera grín hvert að öðru. Stjórn stígi á stökk og endursýni eftirminnileg atriði úr öllum sýningunum, hópar leiki hver annan. Svona atriði var á lokakvöldi leiklistarhátíðar í Eistlandi og var mjög skemmtilegt.

Lárus þakkaði hópunum fyrir góð störf og góða hugmynda-vinnu og opnaði fyrir umræður:

– Einar Rafn: margar finar hugmyndir. Spurning um að ræða ágreining um verðlaunaafhendingu á hátíð.

– Gunnhildi Sigurðardóttur þótti hugmynd um að tengja bæjarbúa inn í götuleikhús í gegnum leikskóla, leikjanámskeið og vinnuskóla góð.

– Freyja Kristjánsdóttir lýst yfir ánægju með hugmynd um ljósmyndasamkeppni.

– Vilborg Valgarðsdóttir vakti máls á minjagripamálum. Þótti góð hugmynd að láta hanna fallegan grip sem hóparnir fengju til eignar. Slíkt hefði gjarnan verið gert á Norðurlandahátíðum og væri skemmtilegt að eiga.

– Guðrún Halla sagði frá því að hún vissi um 3 listamenn sem væru á Akureyri og í nágrenni og gætu hannað fallega gripi. M.a. væri einn sem ynni úr ull og annar gerði grímur.

– Lárus gerði stutta könnun á því hverjir væru með og á móti því hvort verðlaunaafhendingu á hátíðinni. Meirihluti fundar-manna reyndist vera hlynntur verðlaunaveitingu.

Lárus þakkaði aftur fyrir góða vinnu í hópunum og benti á að hægt væri að skrá sig sem starfsmann hátíðar strax og skila til skrifstofu.

Kaffihlé.

Lárus tók aftur til máls. Sagðist hafa verið skammaður í kaffinu fyrir að hafa ekki gefið mönnum tækifæri til að tjá sig um grunnskipulag hátíðarinnar. Hugmyndir handa fjáröflunar- og kynningarnefndum. Hann sagði ennfremur að menn gætu velt málunum fyrir sér og tekið hátíðina aftur upp undir liðnum önnur mál.

Hrefna: gott hefði verið að hver hópur hefði fengið starfssvið einnar nefndar til að ræða.

#### *2. Námskeiðsáætlun skólanefndar*

Gunnhildur Sigurðardóttir, rektor Leiklistarskóla Bandalagsins, talaði.

Skólinn mun starfa 11.–19. júní árið 2005. Gott að taka skóla og hátíð í röð. Skólanefnd hefur gert tillögu og lagt fyrir stjórn. Kennð verða námskeiðin Leiklist 2, Leikstjórn 1 og Sérnámskeið fyrir leikara. Eftirspurn hefur verið mest eftir leikar- námskeiðum, þá sér í lagi sérnámskeiðum. Nefndin skoðaði námskeið undanfarinna ára og umsagnir um námskeið. Leitað var til Rúnars Guðbrandssonar. Ekki er búið að ræða hvernig námskeið hann kemur til með að halda. Opnar umræður þurfa jafnan að vera í gangi um skólann og framtíð hans almennt, tíma, staðsetningu, námskeið og kennara. Skólinn hefur verið í föstum skorðum. Spurning hvort mönnum þykir vanta nýjar hugmyndir. Hins vegar hefur núverandi form virkað vel. Hvað



finnst fólk um inntökuskilyrði? Skólinn er að verða 10 ára, spurning um að halda upp á það með einhverjum hætti.

– Einar Rafn: sá sýnishorn af nokkrum námskeiðum úti í Noregi á dögunum og taldi upp nokkur þeirra: námskeið í einleik (uppstandi), hvernig skal losna við við sviðsskrekki, að leika í tómi, framkvæmdastjórn leiksýninga, „Playback Theatre“ (fá almenning til að segja sögu og leika hana á meðan), leikritun, leiklist 1 og 2, Stanislavskí-tækni, raddbeiting, smink, sagna-leikhús, kóreógrafía og dans, theatersport og útileikhús.

– Maríu Gunnarsdóttur þótti skólinn frábær en spurði hvort hann þyrfti að vera í 9 daga eða hvort hann mætti vera styttri þar sem þessi langa fjarvera að heiman hentar illa fjölskyldufólki?

– Gunnhildur sagði þessa lengd hafa hentað vel, en vel mætti hafa fleiri og styttri námskeið. Sagðist hafa orðið vör við kvartanir frá fjölskyldufólki.

– Lárus: skólinn til sóma. Spurning til skólaneftar, hefur verið rætt um að halda fleiri styttri námskeið, í tengslum við Bandalagsþing, haustfundir eða aðra viðburði. Honum þótti hafa vantað styttri námskeið, til dæmis í stjórnun leikfélaga, eins og stundum hefur verið á haustfundum. Væri vel þegið hjá mörgum félögum, þyrfti ekki að vera langt.

Mönnum þótti rétt að halda stjórnunarnámskeið reglulega. Gunnhildur: varðandi styttri námskeið, ekki hefur náðst þátttaka.

Nokkuð var rætt um hvernig megi fá tæknimenn til að sækja námskeið.

– Einar Rafn: fyrir liggur að Húsabakkaskóli gæti lagst af. Hvert ætti þá að fara með skólann? Hann sagði haustfund vera ráðgefandi samkomu og mælti með því að menn tjáðu sínar skoðanir.

– Guðrún Halla: Húsabakki hefur ýmsa galla, sérstaklega aðgengið. Samkvæmt nýrri skýrslu þykir ekki borga sig að halda úti barnaskóla á Húsabakka. Einhverjir aðilar gætu fengið að taka yfir reksturinn leigulaust gegn viðhaldi. Fleiri staðir koma til greina. Skógaskóli og Reykjanes eru ekki lengur hótél. Eins spurning um Hafnalækjarskóla.

Allir beðnir að hafa augun opin. Hvort sem hægt verði að halda skólann áfram að Húsabakka eða ekki, kannski rétt að athuga með aðgengi til hliðsjónar.

– Gunnhildur: námskeið myndu hækka í verði í dýrara húsnæði. Spurning um að nota 10 ára afmæli skólans sem stökupall til að fá niðurgreiðslu frá menntamálaráðuneyti.

– Brynhildur Guðmundsdóttir: leist vel á hugmynd um framkvæmdastjórnunarnámskeið. Hrósaði námskeiði í búninga- og gervagerð. Allir voru mjög ánægðir með það námskeið sem á því voru.

– Snorri: hefur verið á styttra námskeiði. Það var of stutt. Það þarf 9 daga.

Einar Rafn sagði frá því að nágrannalöndin væru einnig með starfandi sumarskóla, en við værum stærst í síðum með slíkt, miðað við höfðatölu.

Nokkrar umræður spunnust um að það gagnaðist mörgum vel að fá ljósamenn til að kenna mönnum að lýsa í því rými sem þeir hafa. Spurning um að ganga frá farandkennslu. Ljósamenn fá að hittast.

– Gunnar Björn Guðmundsson: þótti rétt að reyna að hafa tækninámskeið samhliða leiklistarnámskeiðum.

– Hrefna sagði frá hugmynd um „Swiss army knife-námskeið“. Þ.e., samhliða námskeið í leik, leikstjórn og tæknivinnu.

Hópar vinna bæði hver fyrir sig en fá einnig yfirsýn yfir heildarmyndina og innsýn í önnur svið. Endar á mörgum litlum sýningum sem hafa verið unnar í gegnum ferlið.

– Gunnhildi þótti þetta góð hugmynd fyrir 10 ára afmælið.

– Lárus: þótti Húsabakkaskóli of lítill og þótti sýnt að fleiri kæmu á námskeið ef boðið væri upp á fleiri. Þótti smæðin hafa staðið þróun skólans fyrir þrifum.

– Júlíus benti á að með yfir 60 eða 70 manns næðist ekki sama hópstemming. Skólastýrur réðu sennilega ekki við fleiri gemlinga í einu. Þótti Húsabakki góður staður fyrir utan aðgengið.

– Hrud Ólafsdóttir var sammála Júlíusi. Þótti nógur tími til að prófa. Ef námskeið eru of dýr þá fer fólk ekki á þau.

– Guðrún Halla blés á að fleiri þátttakendur þýddu minni hóp tengsl. Hún taldi skólann vera í vondum málum sem opinbert apparat með svo slæmt aðgengi. Ekki pláss fyrir „Swiss army-námskeið“ á Húsabakka. „Hugsum stórt og förungum í Skógaskóla!“

#### 5. Hverjir taka þátt í Margt Smátt?

Hörður skýrði frá:

Undirbúningsnefnd skipuðu Hörður Sigurðarson, Júlíus Júlíusson og Ármann Guðmundsson.

Valnefnd skoðaði innsend myndbönd. Í nefndinni voru Sigrún Valbergsdóttir, Oddur Bjarni Porkelsson og Felix Bergsson.

Niðurstaða valnefndar:

Valnefndin skoðaði 17 þætti – alla af myndbandi.

Þættirnir voru mjög misjafnlega langt komnir í æfingu. Sumir voru fullbúnir og höfðu þegar verið sýndir áhorfendum en aðrir voru nánast á frumstigi æfingatímabils. Valnefndin tók fullt tillit til þessa .

Við val á verkum var fyrst og fremst horft á verkið sjálft, textann og innihaldið og hversu vel efnið gengur upp í því formi sem stuttverkið er og hversu vel höfundurinn hefur þetta form á valdi sínu.

Þar sem verk voru styttra á veg komin í æfingu var litið til möguleika verksins til þróunar.

Þar sem verk voru lengra komin í vinnslu eða fullæfð var ennfremur horft á úrvinnslu: leik og sviðslausnir.

Önnur sjónarmið voru ekki höfð.

Valnefndin var samdóma í vali sínu á verkum inn á hátíðina.

Eftirfarandi þættir voru valdir til þátttöku á stuttverkahátíðinni:

Leikfélag Hafnarfjarðar – Dauðinn drepur á dyr

Hugleikur – Án mín

Hugleikur – Af hverju láta fuglarnir svona?

Hugleikur – Á uppleið

Freyvangsleikhúsið – Hlýðni – Óhlýðni

Leikfélag Hafnarfjarðar og Leikfélag Mosfellssveitar –

Pörunardans hnífakastarans og skeggjuðu konunnar

Leikfélag Seyðisfjarðar – Dagur myrkurs

Halaleikhópurinn – Portrett

Leikfélag Mosfellssveitar – Forvitni

Leikfélag Hafnarfjarðar – Kjallarabörnin

Leikfélag Kópavogs – Hinir gullnu bogar hugrekksins

Einar Rafn gerði skoðanakönnun meðal fundarmanna og í ljós kom að velflestir sem á fundinum voru sáu hátíðina í fyrra. Hann sagði stuttverkaframleiðsluna vera vaxtarbrodd í starfinu.

#### 4. Úthlutunarreglur: Breytingar frá stjórnarfundum í sumar.

Hörður Sigurðarson kynnti.

Gerðar til að einfalda vinnu stjórnar. Búið að breyta reglum um 2 ár í röð.

Allt skal vera sent inn á myndbandi.

B. liður felldur út (í þeim tilgangi að styrkja eingöngu leiklist.)

Félög sækja í staðinn um fyrir leikið efni eingöngu.

Lengdarviðmið, full sýning úr 100 mínútum í 90.

Álag fyrir frumsamda tónlist fellt út. Í staðinn má sækja um álag fyrir frumsamda tónlist undir liðnum Sérstakt frumkvæði. Fólk þarf áfram að sækja sérstaklega um álag fyrir sérstakt frumkvæði.

Einar Rafn: bannað að fara í kvikmyndatökuleik með upptökum á leikritum, allt sviðið sé sýnilegt á allri upptökunni.

Hörður: upptökum sé skilað á formunum: vhs, dvd eða geisladiskum með algengu formati.

Spurt var hvort skila mætti inn gögnum með styrkumsóknum um leið og upptökum. Svar, ekkert því til fyrirstöðu.

Einnig var spurt um tímamörk á skilum upptöku og af hverju væri bannað að „súmna“.

– Hrefna sagðist efnislega vera sammála breytingum á úthlutunarreglum en spurði hvort stjórnin hefði leyfi til að taka þessa ákvörðun. Taldi hana þurfa að fara fyrir aðalfund. Spurning hvort úthlutunarreglur þyrftu að fara til menntamálaráðuneytis. Næsti aðalfundur geti samþykkt breytingarnar á yfirstandandi leikári.

– Hörður sagði ekkert vera í lögum Bandalagsins sem bannaði að stjórn tæki þessa ákvörðun.

– Vilborg sagði allar breytingar vera tilkynntar til ráðuneytis og sagði ráðuneytið annars vera almennt ánægt með störf Bandalagsins við úthlutun.

– Lárus mundi ekki til þess að breytingar á úthlutunarreglum hefðu verið lagðar fyrir aðalfund.

Einar Rafn frestaði fundi til 10 næsta morguns. Allir boðaðir í skoðunarferð til að athuga aðstöðu fyrir leiklistarhátíð.

Fundi framhaldið kl. 10.00, 10. október.

Guðrún Halla Jónsdóttir stýrði fundi. Opnað fyrir umræður um nýjar úthlutunarreglur.

Hvernig koma þessar nýju reglur við félögin?

– Lárus: spurning um að leggja breytingar fyrir aðalfund.

– Ármann Guðmundsson tjáði fundinum að fæstir formanna hefðu kynnt sér nýju reglurnar, allavega þeir sem hann hefði talað við.

– Guðrún Halla: fljótlega verður farið að vinna eftir reglum. Spurði hvort þetta breytti þetta einhverju fyrir félögin.

– Brynhildur: götuleikhús verður ekki á Fáskrúðsfirði næsta sumar ef ekki fæst lengur styrkur fyrir það.

– Guðrún Halla sagði henni að sækja um fyrir það áfram, en sem leiksýningu.

– Hörður sagði Fáskrúðsfirðinga standa framarlega í gerð götuleikhúss og ekkert því til fyrirstöðu að sækja um styrk sem um venjulega leiksýningu væri að ræða. Þar sem um samsettar dagskrár hafi verið að ræða hafi leiklist kannski numið helmingi sýningartíma. Styrkurinn var 50 prósent en fer í 100 prósent fyrir leikin atriði svo það á ekki að breyta miklu, peningalega séð.

Spurning kom úr sal varðandi Þorrablót. Spurt hvort einhverjir hafi sótt um fyrir svoleiðis.

– Hörður: sama í hvaða umhverfi leiklistin er, svo framarlega sem félag innan Bandalagsins stendur fyrir henni.

– Guðrún Halla áréttaði að hlutverk sjóðsins sem Bandalagið

fær frá menntamálaráðuneyti væri ekki að styrkja annað en leiklist, potturinn hafi ekki stækkað.

– Hörður: aðalfundur æðsta vald, getur ákveðið hvað sem er, um hvað sem er, úthlutunarreglur sem annað. Stjórn setur reglur.

– Guðrún Halla: úthlutun Bandalagsins eru tillögur til ráðuneytis.

### 3. Bandalags-Gríman

Vilborg kynnti tillögur frá skrifstofu um breytt vinnulag á innsendingu myndbanda, m.a. með það fyrir augum að öll stjórn og varastjórn sjái allar sýningar og hugsanlega væri hægt að velja bestu sýningar og leikara hvert vor. Stjórn og varastjórn virkaði þá sem eins konar akademía Bandalagsins á þessu fyrsta tilraunaári. Hún rakti einnig stofnun og verklag Grímunnar og umræður innan stjórnar Bandalagsins um hvort Bandalagið ætti að taka þátt í henni. Velti upp spurningunni um hvar/hvenær ætti að afhenda verðlaun í Bandalags-Grímuni.

– Gunnhildur spurði hvernig því væri tekið innan Leiklistarsambandsins að Bandalagið væri með?

– Vilborg taldi það vera sjálfsagt mál þar sem Bandalagið væri fullgildur aðili í Leiklistarsambandinu með mann í stjórn.

– Gunnar Björn spurði hvort ekki væri eðlilegt að Bandalagsfélögin væru þá með í öllum verðlaunaflokkum?

– Vilborg taldi það vera erfitt í framkvæmd. Nú þegar væru sér akademíur fyrir suma flokka, eins og útvarpsleikrit, og þyrftu í rauninni að vera fleiri, þar sem akademíur starfa kauplaust og komast alls ekki yfir að sjá allt sem í boði er eins og staðan er í dag.

– Hörður vildi að menn gerðu skýran greinarmun á Prufu-Grímuni og Alvöru-Grímuni. Hið fyrra þarf ekki að þýða þátttöku í því síðara. Þótti rétt að hafa verðlaunaaafhendinguna á aðalfundi. Myndi auka mætingu. Hverjir ættu að skipa akademíu, ef framhald yrði á?

– Ármanni þótti sýnt að erfitt yrði að velja. Fjölga þyrfti í akademíunni og stakk upp á að aðrir fulltrúar en stjórn róteruðu á milli leikfélaga.

– Lárus áréttaði aftur að Prufu-Gríman væri ekki það sama og Alvöru-Gríman. Þótti sýnt að vinnulag stjórnar við úthlutun myndi lagast mjög mikið.

– Hrefnu þótti erfitt að halda þessu aðskildu. Spurði hvort verið væri að búa til enn meiri aðskilnað á milli áhuga- og atvinnuleikhúss. Ef við gerum prufu þá erum við að mæta Grímu-formið. Spurning um að hafa framhaldsskólaleikfélög með?

– Gunnar Björn sagðist vera á móti verðlaunum, almennt. Leiklist sé ekki keppnisgrein. Heldur að það skapi rígg á milli félaga, sem hugsanlega sé fyrir.

– Guðrún Halla: varðandi framhaldsskólásýningar. Erfitt í framkvæmd. Höfum ekkert vald til að ætla þeim að senda spólur til akademíunnar þar sem þau eru ekki í Bandalaginu. Sagðist líka hafa verið á móti hugmyndinni um verðlaunaveitingu en sagðist hafa keypt hugmyndina vegna mikilvægis þess að öll stjórnin sæi allar sýningar. Einnig væri verið að safna myndböndum í safn hjá Bandalaginu.

– Hörður: Þjóðleikhússýningin var vítamínsprautu, skapaði engan rígg. Sagðist ekkert sjá því til fyrirstöðu að bjóða framhaldsskólum að vera með, en hins vegar væri ekki hægt að skylda þá til þess. Sagðist ekki skilja hræðslu við að verðlauna þá sem gera vel. Leiklist er ekki keppnisgrein og verður ekki með verðlaunaveitingum.

– Júlíus sagði gallann við Þjóðleikhússýninguna vera að þangað kæmst aðeins þeir sem sæktu um. Kostnaður væri mismikill fyrir leikfélög eftir landshlutum. Spurði hvers vegna menntaskólar ættu að vera með. Þeir væru ekki í Bandalag-

inu.

- Snorri sagðist vera á móti verðlaununum, ekki vinnureglunum. Þótti ekki rétt að hengja það endilega saman.
- Ármann sagðist ekki sjá að verið væri að keppa. Verðlaun skapi umtal og metnað. Sagðist vera á móti kommúnismanum í þessari umræðu. Taldi að framhaldsskólaleikfélögum þætti spennandi og gaman að taka þátt í slíku og sagði sjálfsgagt að bjóða öllum áhugaleiksýningum að vera með. Hvert leikfélag yrði að samþykkja að verk séu til á Bandalaginu og honum þótti sýnt að ekki væri hægt að lána leikrit vegna höfundarréttarmála.
- Vilborg taldi rétt að ekki væri hægt að safna verkum nema með samþykki allra aðila. Taldi framhaldsskólafélög þurfa að vera aðila að Bandalaginu til að taka þátt. Hratt gegnumstreymi fólks í framhaldsskólafélögum gerði slíkt erfitt. Er eðlilegt að þau séu aðilar? Það væri hægt að taka þau inn ef til kæmu meiri peningar. Annars hefði ekki verið mikill áhugi fyrir því hjá þeim sjálfum.
- Lárusi þótti umræðan vera farin út um víðan völl. Tók saman umræðupunkta:
  - Hvort verðlaunaveiting væri til frambúðar.
  - Þátttaka í Grímuni? (Allir flokkar eða einn?)
  - Framhaldsskólafélög með í Bandalags-Grímuni?
  - Framhaldsskólar í Bandalagið?
  - Höfundarréttarmál við söfnun upptaka af uppsetningum?
  - Hefur stjórn umboð til að gera þessa tilraun? (Kannski er þetta ekki hægt. Kannski kæmu fram 10 mismunandi skoðanir á bestu sýningu.)

Stjórn gæti blásið þetta af ef þetta gengur ekki. Umræða um tæknileg smáatriði og framhald ótímabær. Bæði með framhaldsskólana og Grímuna. Finnst ekki hægt að undanskilja þau félög. Honum þótti t.d. óhæft að höfundar sem skrifi fyrir áhugaleikhús taki ekki þátt í floknum leikskáld ársins. (En það væri mál Leikskáldafélgsins.) Ef framhaldsskólarnir hafa áhuga væri rétt að hafa þá með. Spurning hvort menn gætu farið fram á að vera undanskildir.

—Hrefnu þótti „deildatal“ vera út í hött og spurði af hverju bara einhverjir í einhverri deild væri með. Öll leiklist ætti að vera með. Megum ekki skilja útundan ef við ætlum að sameina þá sem eru útundan. Ekki aumingjakeppni. Af hverju ekki að stofna vídeóleigu?

—Guðrún Lára Pálmadóttir taldi að menn ættu bara að halda sig við Bandalagið til að byrja með. Framhaldsskólaleikfélögin ættu að fá að sækja um aðild. Spurði af hverju þau félög væru ekki aðilar að BÍL?

Svar: framhaldsskólafélög tengjast stofnunum og eru ekki öllum opin. Það samræmist ekki lögum Bandalagsins.

Guðrún Lára áfram: fannst Bandalaginu ekki skylt að hirða upp alla hina. Hafa verðlaunaafhendinguna bara fyrir Bandalagið.

– Hörður taldi vera búið að veita Bandalags-Grímuna 2 ár í röð með Tréhausnum. Gott framtak. Góð reynsla. Hafði einhver eitthvað við það að athuga? Í þetta sinn væru bara fleiri í dómnefndinni.

– Snorri: þótti sanngjarnara að hafa Bandalags-Grímuna en Þjóðleikhússýninguna. Þetta væri sanngjarnari leið þar sem allir sætu við sama borð. Sagðist vera á móti keppni en að þetta væri kannski spurning um klapp á bakið. Við gætum haldið áfram með hina flokkana bara fyrir okkur. Hann spurði einnig af hverju Þorrablót væru ekki með ef framhaldsskólarnir væru það?

– Gunnar Björn spurði hvort þetta ætti að vera eða ekki. (Ef það er keppni þá ætla hann að vera með.) Fyrst að ákveða hvort, síðan ræða útfærslur.

– Ragna: ef skólaleikfélögin eru með eru þau að fá tvenna

styrki frá menntamálaráðuneyti.

– Lilja Kristinsdóttir: allt í lagi að hafa verðlaun, þetta er samt ekki keppni.

– Guðrún Halla spurði hvort stjórnin hefði leyfi fundarins til að gera þessa tilraun?

Fundurinn veitti það umboð með atkvæðagreiðslu.

## 6. Önnur mál.

– Hrund gerði athugasemdir við val á Margt smátt og spurði hvort forsendur valnefndar hefðu verið þær sömu og gengið var út frá í upphafi. Henni þótti sýnt að erfitt væri að bera saman sýningar sem væru annars vegar á frumstigi æfinga og hins vegar fullbúnar sýningar. Hún spurði hvernig dómnefnd væri valin og hvort hún fengi laun fyrir þessa vinnu? Spurning hvort í nefndinni ætti aðeins að vera fólk sem er ótengt Bandalaginu. Leikstjóri/dramatúrgur/leikskáld.

Nauðsynlegt að fá ítarlega gagnrýni á það sem menn eru að gera. Gott ef menn taka henni með opnum huga. Hvað var að sýningum sem ekki náðu inn? Henni fannst þurfa að koma fram rökstuðningur fyrir valinu.

– Hörður fagnaði umræðunni um valið. Sagði valið náttúrulega alltaf vera huglægt mat dómnefndar. Nefndinni voru settar skorður, m.a. varðandi gæðamat, eftir gagnrýni sem fram kom á hátíðina í fyrra. Dómnefnd var valin af undirbúningsnefnd sem gerði tillögur til stjórnar, sem samþykkti þær. Sagði erfitt að finna einstaklinga í leiklistarheiminum sem ekki þekkja einhvern innan hreyfingarinnar. Nefndinni var ekki sagt að setja fram rökstuðning.

Las aftur greinargerð dómnefndar.

Ekki var farið fram á að þættir væru fullæfðir. Hörður vissi ekki hvernig valið fór fram í smáatriðum. Nefndin fékk ekki greitt fyrir störf sín. Aldrei var farið fram á að sýningar væru fullbúnar. Hann sagðist ekki geta svarað til um rökstuðning fyrir hönd dómnefndar.

– Hrund þótti vanta skýrari forsendur til framtíðar.

– Ármann sagði frá verkefni sem þegar væri farið í gang. Verið er að koma á koppinn rafrænum gagnabanka sem inniheldur skár yfir eigur leikfélaga, búninga, tæki, leikmuni og þess háttar. Ármann og maður hjá Leikfélagi Reyðarfjarðar eru að vinna í málinu fyrir hönd Leikfélags Reyðarfjarðar. Stefnan er sú að gögnin verði aðgengileg fyrir önnur leikfélög, á netinu. Félag geta skráð eigur sínar en eru ekki skyldug til að lána neitt, bara hægt að sjá hvað er til. Vinnan farin í gang og reiknað er með að hægt verði að birta fyrstu gögnin upp úr áramótum. Nokkur vinna er að koma þessu af stað, en þetta sparar mikla vinnu í framtíðinni.

– Guðrún Lára ræddi meira um Margt smátt. Sagðist vita að þetta yrði alltaf huglægt mat, en þótti rétt að hafa reglurnar skýrari fyrirfram. Rökstuðningurinn þótti henni loðinn. Greinargerð dómnefndar hljómaði eins og gerðar væru meiri kröfur til fullbúinna sýninga heldur en sýninga á frumstigi. Vill að dómnefnd fái greitt fyrir vinnu sína og vinni af fagmennsku.

– Hörður endurtók að nefndin hefði unnið eftir þeim forsendum sem henni hafi verið gefnar. Val nefndarinnar hlýtur að vera huglægt. Skoðanir eins margar og fólk. Það sem er að er þessi loðni texti sem kemur frá valnefnd. Hún hafi að öðru leyti unnið sína vinnu vel.

– Hrefna sagði að það ætti að læra af reynslunni við undirbúning hátíðar. Ekki hægt að skilja valið öðruvísi en svo að sýningar sem ekki voru valdar hafi verið ósýningarhæfar. Menn vilja heyra rökstuðning. Hefði þurft að opna umræður og hafa talsmann dómnefndar á staðnum.

– Hrund vildi taka það fram að hún væri ekki að gera lítið úr starfi valnefndar.

– Lárus: Leiklistarhátíð. 3 nefndir þurfa að fara í gang núna eftir haustfund. Vill fá hugmyndir sem geta nýst þessum nefndum í tölvupósti. Vill vita hvort menn hafa áhuga á því að starfa í þessum nefndum, eða vita af einhverjum öðrum. Þakkar fyrir gott innlegg í gær. Vildi bæta þessu við. Vilborg minnti á skráningarblað vegna hátíðarinnar.

Guðrún Halla þakkaði góðan fund. Minnir menn á ferðavænar sýningar, allir ætla að halda hátíðina saman. Vonandi hafa allir áhuga.

Fundi slitið

### Nokkrar myndir frá haustfundi



Kristín, Sesselja og Dómhildur



Einar Rafn og Freyja



Ármann og Ása Hildur



Birgir og Hrund



Regína og Ása



Jónas og félagar í Cirkus Atlantis



Hrefna og Hörður



Guðrún Esther og Pétur



Ólöf og Þóra Margrét



Hólmfríður og Guðmundur



Sigríður Lára og Guðrún Halla



Ingólfur Þórsson

## **Fundargerðir stjórnarfundar Bandalags íslenskra leikfélaga**

### **Stjórnarfundur BÍL 23. maí 2004 á Húsabakka í Svarfaðardal.**

#### *Mættir:*

Úr aðalstjórn: Einar Rafn Haraldsson, Hörður Sigurðarson, Guðrún Halla Jónsdóttir og Lárus Vilhjálmsson.

Úr varastjórn: Ármann Guðmundsson, Embla Guðmundsdóttir, Guðrún Esther Árnadóttir og Margrét Tryggvadóttir.

Starfsmenn: Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fjarverandi úr aðalstjórn: Júlíus Júlíusson.

Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður: Einar Rafn Haraldsson

Varaformaður: Guðrún Halla Jónsdóttir

Ritari: Lárus Vilhjálmsson

Meðstjórnendur: Hörður Sigurðarson og Júlíus Júlíusson

#### *1. Úthlutunarfundur 2004*

Ákv. að halda hann á skrifstofunni frá föstudeginum 9. júlí nk. kl. 17.00 og halda áfram fundi laugardaginn 10. júlí. Ákveðið að ræða starfshætti og vinnureglur stjórnar á fundinum og formanni falið að koma með tillögur þar að lútandi.

#### *2. Haustfundur 2004*

Ákv. að halda hann 2.–3. október. Fundarefni verði undirbúningur leiklistarhátíðar árið 2005. Athuga hvort mögulegt er að hafa fundinn á Akureyri. Stjórnarfundur yrði haldinn föstudaginn 1. október kl. 20.00.

#### *3. Stuttverkahátíð í Borgarleikhúsi*

Skipuð undirbúningsnefnd með Herði, Júlíusi og Ármanni. Athuga skal með einn nefndarmann til viðbótar. Nefndinni falið að koma með tillögur að fyrirkomulagi hátíðarinnar fyrir úthlutunarfund.

#### *4. Skipan nefnda*

Rætt um tillögu Harðar að skipan nefnda. Hörður lýsti hvernig hugmynd hafði orðið til. Fram komu hugmyndir að erindisbréfi fyrir nefndir þar sem nefndir og nefndarmenn hefðu ákveðinn starfstíma, verkaskiptingu og verklýsingu. Byrja þyrfti t.d. á því að gera verkefnalýsingu fyrir undirbúningsnefnd að stuttverkahátíð. Athuga með að finna mólél í félögunum. Einar ætlar að senda skrifstofu staðlað erindisbréf sem er notað innan hans stofnunar. Herði falið að koma með tillögur að fyrirkomulagi um skipan nefnda.

#### *5. Fóstruhlutverk stjórnar*

Rædd var hugmynd sem kom frá umræðuhóp á þinginu um að stjórnarmeðlimir skiptu með sér að fóstara aðildarfélögin. Skiptar skoðanir voru um þessa hugmynd og menn töldu að þetta hefði verið reynt áður á svipaðan hátt með litlum árangri. Spurt var hvað stjórn BÍL ætti að gera til að auka tengslin. Sumir töldu að með verkefnum á borð við stuttverkahátíð og L2005 gæfist stjórnarmönnum tækifæri til að hafa beint samband við félögin svipað og var gert árið 2000. Safna þarf saman netföngum stjórnarmanna aðildarfélaganna

og útbúa póstlista til að senda út upplýsingar. Spurning hvort að félagsmenn í félögunum gætu ekki orðið aðilar að póstlistanum annað hvort með því að skrá sig eða að félögin sendu skrifstofunni félagaskrár með netföngum.

#### *6. NUTU*

Það er ljóst eftir heimsókn NUTU-manna (Nordisk Ungdoms Teater Utvalg) frá Danmörku og Noregi á aðalfund að viðhorfið gagnvart NUTU er mun jákvæðara en fyrr. Sérstaklega þegar í ljós kom að upphaflega módelinu í NUTU, sem ætlaði öllum aðildarþjóðum að stofna sérstaka ungmennadeild innan sinna raða, hefur verið kastað fyrir róða og nú er NUTU opið einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa með þessum aldurshópi (15–25 ára).

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Lárus Vilhjálmsson ritari

---

### **Stjórnarfundur 9. og 10. júlí 2004. Haldinn í þjónustumiðstöðinni við Laugaveg í Reykjavík.**

#### *Mættir:*

Úr aðalstjórn: Einar Rafn Haraldsson, Hörður Sigurðarson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Júlíus Júlíusson og Lárus Vilhjálmsson.

Úr varastjórn: Ármann Guðmundsson, Embla Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Sigríður Karlsdóttir. Starfsmenn: Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fjarverandi: Guðrún Esther Árnadóttir úr varastjórn.

Fundur settur kl. 17.00 þann 9. júlí.

Dagskrá fundar lögð fyrir. Sampykkt.

#### *1. Úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins vegna leikársins 2003–2004*

Farið yfir styrkumsóknir aðildarfélaganna og tillaga gerð að úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins.

Alls sóttu 43 félög um styrki til 94 leiksýninga og leikþátta, 9 samsettra dagskráa, 17 leiklistarnámskeiða og 47 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

Stjórn getur einungis gert tillögu um styrk þegar fyrir liggur gild umsókn og gögn skv. úthlutunarreglum BÍL og því var eftirfarandi umsóknnum hafnað:

Umsókn frá Leikfélagi Hólmavíkur vegna kvikmyndar. Kvikmyndir flokkast ekki sem starfsemi áhugaleikfélaga enda hægt að sækja um styrki vegna þeirra úr öðrum sjóðum. Umsókn frá Leikfélagi Hörgdæla vegna lesturs á Passíu-sálmum. Ekki er veittur styrkur fyrir leiklestra. Umsókn frá Hugleik vegna leiklesturs. Ekki er veittur styrkur fyrir leiklestra.

Umsókn frá leikdeild Umf. Íslendinga vegna Idol söngvara-

keppni. Ekki eru veittir styrkir fyrir söngvarakeppnir.

Eftirfarandi umsóknir um sérstakt frumkvæði skv. lið D 4. voru samþykktar:

Umsókn frá Leikfélaginu Hugleik (f. Sirkus) samþykkt vegna glæsilegrar búninga- og leikmyndarvinnu.

Umsókn frá Leikfélagi Selfoss (f. Gaukshreiðrið) samþykkt vegna glæsilegrar leikmyndarvinnu og vandaðrar hljóðmyndar.

Umsókn frá Leikfélagi Dalvíkur (f. Svarfdælasögu) samþykkt fyrir frumlega uppsetningu, gervi og grímur.

Umsókn frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs (f. Gaukshreiðrið) samþykkt vegna vandaðrar hljóðmyndar.

Umsókn frá Leikfélaginu Sögu (f. Hamslaus) samþykkt fyrir frábæra vinnu við spunaverk.

Umsókn frá Freyvangsleikhúsinu (f. Ronju ræningjadóttur) samþykkt fyrir glæsilega búninga og brúður.

Samþykkt að fara yfir og breyta úthlutunarreglum síðar á fundinum.

## 2. Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfundar og aðalfundar yfirfarnar

Athugasemdir varðandi starfsáætlun ræddar undir 3. lið. Fundargerðir samþykktar án efnislegra athugasemda.

## 3. Starfsáætlun leikársins 2004–2005

Rekstur fasteignar:

Rætt um viðhaldsáætlun sem nær til næstu ára eftir því sem fjárhagur leyfir. Framkvæmdarstjóra falið að gera kostnaðaráætlun í samstarfi við húseiganda á efri hæð.

Ársrit 2003–2004:

Efnisöflun í ársrit gengur vel, ákveðið að hafa það með svipuðu sniði og áður. Ákveðið að Lárus skrifi leiðara í ritið þar sem vakin er athygli á leiklistarhátíð 2005.

Leiklistarskóli BÍL:

Námskeiðsáætlun fyrir skólann kemur í haust.

Leiklistarvefurinn:

Fundargerð fundar Harðar og Vilborgar með Vefsýn yfirfarin. Verið er að endurhanna spjalþræði. Kerfi til að birta vörur verslunarinnar á vefnum er að mestu leyti tilbúið og að sama skapi kannanakerfi. Hvort tveggja verður sýnt vefnefnd um miðjan júlí og væntanlega tekið í gagnið fljótlega eftir það. Athuga með að kaupa Soloforms sem er eyðublaðakerfi til að fólk geti fyllt út umsóknir á vefnum. Menn eru sammála um að þetta yrði vinnusparnaður og aukið öryggi.

Auknar styrkveitingar frá ríkinu:

Panta viðtalstíma hjá fjárlaganefnd og jafnvel að tala við einstaka nefndarmenn til að þrýsta á hækkun á ríkisstyrk. Hitta þarf nýskipaðan menntamálaráðherra. Styrkurinn hefur ekki hækkað um árabíl.

Áframhaldandi samstarf við Þjóðleikhúsið:

Spurning um hvort um samstarf er að ræða varðandi Þjóðleikhúsið og athyglisverðustu áhugasýningu ársins. Nokkrar umræður spunnust um gildi Þjóðleikhússamkeppninnar fyrir félögin og forsendur valnefndar fyrir ákvörðun sinni. Rifjuð upp sagan á bakvið keppnina um athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins, rifjað upp hvernig upphaf verkefnisins hljóðaði þegar það kom fyrst fram á Bandalagsþingi 1993 og þróunin í valnefnd síðan þá.

Sérverkefni

Haustfundur 2004:

Haustfundur þarf að færast til annarrar helgar í október, frá þeirri fyrstu. Júlíus og Guðrún Halla sjá um undirbúning haustfundar á Akureyri.

Stuttverkahátíð í Borgarleikhúsinu 23. október 2004:

Nokkrar umræður spunnust um tímamörk og framkvæmd hátíðarinnar. Hvað þarf að laga frá fyrra ári. Undirbúningsnefnd lagði fram drög að skipulagi sem voru rædd og samþykkt. Nefndin hefur heimild stjórnar til að leita sér aðstoðarfólks.

Leiklistarhátíð á Akureyri 22.–26. júní 2005:

Undirbúningur hennar er þegar hafinn. Leitað verður eftir styrkjum í lok ágúst hjá fyrirtækjum á Akureyri og nágrenni, vonandi verða komin svör fyrir haustfund.

## 4. Gríman – íslensku leiklistarverðlaunin

Umræður um punkta varðandi aðkomu BÍL að Grímunni sem starfsmenn skrifstofu hafa tekið saman, en þeir eru eftirfarandi:

Sem aðili að Leiklistarsambandi Íslands á Bandalagið rétt á að taka þátt í Grímunni – Íslensku leiklistarverðlaununum í a.m.k. einum verðlaunaflokki, Besta áhugasýningu ársins.

\* Okkur sýnist að um 10 manns væri góður fjöldi í valnefndina sem Bandalagið mun sjálft skipa, þess vegna mætti hún samanstanda af stjórn og varastjórn, en jafnan er jú haft að leiðarljósi að sá hópur samstandi af fólki víðs vegar að af landinu.

\* Öllum félögum verði gert að senda inn upptökur af öllum sýningum strax eftir frumsýningu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allir sjái allar sýningar á sviði, þannig að menn þyrftu að reyna að sjá það sem þeir gætu og sjá síðan það sem eftir er á myndbandi. Félögum yrði gert að senda upptökur til Bandalagsins svo fljótt sem auðið væri eftir hverja sýningu þannig að vinna valnefndarinnar dreifðist sem jafnast yfir veturinn.

\* Kosning yrði haldin með svipuðu sniði og í „hinna“ valnefndinni, þ.e.a.s. fyrst yrði kosið um hvaða 5 sýningar skuli tilnefndar og í seinni umferð hver vinnur. Þetta býður einnig upp á möguleika um að valnefndin kjósi um fleira en bestu sýninguna, jafnvel í sömu flokkum og í Grímunni, en þær niðurstöður gætum við þá birt á vefnum, og jafnvel haft verðlaunaafhendingu á Bandalagsþingi, eftir því hvað mönnum þykir viðeigandi í því efni. Fyrri umferð kosninga fer þannig fram að valnefndin fær senda atkvæðaseðla sem henni er gert að senda inn fyrir ákveðinn tíma. Seinni umferð fer fram „á einum stað“ þar sem menn kjósa á milli þeirra sýninga sem tilnefndar eru eftir fyrri umferð.

Umræður:

Mönnum leist vel á tillögu um vinnulag, sérstaklega varðandi tillöguna að því að félögin sendu inn upptökur um leið og sýningum er lokið og að stjórnar- og varastjórnarmenn skoði allar upptökur. Einnig hluti af því að gera starfseminu sýnilegri út á við og gæti hjálpað til við fjáröflun hreyfingunni til handa. Tryggja þarf að Bandalagið sé á góðum stað í dag-skrá Grímunnar ef af verður. Vangaveltur um að gera athugasemdir þess efnis að handrit ársins skuli valin úr öllum frumsömdum leikverkum sama hvort um er að ræða áhuga eða atvinnusýningar. Ákveðið að gera prufu að okkar eigin Grímuhátíð fyrir næsta leikár, prufuvalnefnd verður stjórnin. Ef vel tekst verður rætt um framhaldið á næsta aðalfundi.

Rætt um að síðar verði jafnvel fjölgað í valnefndinni, hugsanlega kysi aðalfundur fólk sem ætti að sitja í henni, auk stjórnarmanna.

#### 5. Erlent samstarf

Vilborg skýrir frá því að þeir úr aðalstjórn sem komast og starfsmenn skrifstofu fari á leiklistarhátíð og fund hjá NEATA í Viljandi í Eistlandi í byrjun ágúst nk. Nú sendum við fimm manns í stað eins sem færi venjulega á slíka samkomu. Rétt þótti að gera þetta í ljósi leiklistarhátíðar sem Bandalagið heldur 2005.

Samþykkt að Bandalagið greiði 300.000 kr. til þessa liðar, það sem út af stendur greiði Eistlandsfarar sjálfir.

#### 6. Starfsreglur um skipan í nefndir

Starfsreglur þykir vanta um skipan fastanefnda. Umræða um skólamála. Rætt var um að athuga aðgengi fatlaðra að leiklistarskólanum, til dæmis með námskeiðshaldi á öðrum stöðum en á Húsabakka. Ljóst er að við höfum ekki yfir þeim húsakynnum að ráða. Eins að skoða aðgengi að þjónustumiðstöð Bandalagsins. Til dæmis með stólalyftu. Athuga með styrki úr framkvæmdasjóði fatlaðra.

#### 7. Samskipti stjórnarmanna

Hugmynd um að lokaður spjallþráður sé í gangi á netinu þar sem samskipti stjórnar á milli funda koma fram og séu geymd á einum stað. Mikilvægt að stjórnarmenn séu með á hreinu hvert þeirra hlutverk er varðandi verk sem þeim eru falin af stjórn, fari eftir stjórnarsamþykktum og sjái stjórnarmenn sér ekki fært að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað vegna anna eða annars þá hafi þeir samband við aðra stjórnarmenn og komi af sér verkefnum. Umræða um hvort æskilegt væri að setja reglur um hversu lengi menn megi sitja í stjórn. Ákveðið að taka þau mál til umræðu á haustfundi.

#### 8. Önnur mál

##### a. Úthlutunarreglur

Stjórn samþykkir tillögu um breytingar á úthlutunarreglum fyrir næsta leikár þannig að aðeins verði veittur styrkur fyrir leikverk og námskeið. Styrkur vegna leikverks gerir ráð fyrir að leikverk í fullri lengd sé 90 mínútur. Síðan verði veitt álag vegna frumflutnings 30% og vegna sérstaks frumkvæðis 20%. Námskeiðstyrkir og styrkur vegna Leiklistarskóla BÍL verða óbreyttir. Stjórn áréttar að á næsta ári verða ekki teknar til greina umsóknir sem berast eftir að umsóknarfrestur rennur út né heldur þær sem ekki fylgja viðeigandi gögn, s.s. upptökur af sýningum.

##### b. Fósturhugmynd frá aðalfundi

Á aðalfundi kom fram tillaga um að stjórnarmenn hefðu betra samband við aðildarfélögin með því að hver og einn tæki að sér nokkur félög og yrði þar með þeirra tengiliður eða nk. þjónustufulltrúi. Nokkrar umræður spunnust um málið. Vilborg stingur upp á að stjórnarmenn byrji á að hringja í félögin vegna breyttra úthlutunarregla, kröfu um að senda myndbönd strax að sýningum loknum, stuttverkahátíðar, leiklistarhátíðar 2005 o.fl. til að fullvissa sig um að allir formenn séu með á nótunum og svara þeim spurningum sem upp kunna að koma. Starfsmenn skrifstofu skipta aðildarfélögum um niður á stjórnarmenn. Skrifstofa sér um erlend félög.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20.00 þann 10. júlí.  
Lárus Vilhjálmsson ritari

## Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 8. okt. 2004, haldinn á Akureyri.

#### Mættir:

Úr aðalstjórn: Einar Rafn Haraldsson, Hörður Sigurðarson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Júlíus Júlíusson og Lárus Vilhjálmsson.

Úr varastjórn: Ármann Guðmundsson, Guðrún Esther Árnadóttir og Margrét Tryggvadóttir.

Starfsmenn: Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

#### 1. Fundargerð úthlutunarfundar

Fundargerð samþykkt.

#### 2. Dagskrá haustfundar

Lárus talar fyrir liðnum Leiklistarhátíð 2005. Skráningarblöðum fyrir starfsmenn verður dreift og í framhaldinu send til leikfélaga. Ákveðið að setja í gang vinnuhópa og fara í vettvangsskoðun á sýningarstaði. Rætt um staðsetningu hátíðarklúbbs, hvort betra væri að hafa hann nær miðbæ. Umræður um skipan í nefndir hátíðarinnar s.s. fjáröflunar, kynningar og sýningarskrá. Athuga með fólk í þær. Leiklistarskólinn: Gunnhildur talar fyrir honum.

Framkvæmdastjóri talar fyrir Grímuni. Ákvörðun hefur verið tekin um að gera „Grímu“ tilraun, án þess að ákvörðun hafi verið tekin um að framhald eða þátttöku. Þarf að samþykkja þátttöku á aðalfundi og skipuleggja þarf vel framkvæmdina á tilrauninni.

Hörður talar fyrir nýjum úthlutunarreglum og einnig fyrir Mörgu smáu.

Ármann vill kynna hugmynd um gagnabanka á vefnum þar sem leikfélög geta skráð eigur sínar og önnur félög skoðað. Sigurður Pálsson hefur tekið að sér að hanna þennan vef.

#### 3. Útgáfa ársritsins

Búið að senda ársritið út. Gerð athugasemd við dálka-skiptingar. Mönnum þótti ritið gott og efni óvenju mikið.

#### 4. Leiklistarskólinn, námskeiðaáætlun

Verður kynnt á haustfundi. Stjórn treystir nefndinni til að gera námskeiðaáætlun. Rætt um hvort það sé ekki þörf á því að leggja drög að langtímasterfi skólans. Einnig var rætt um staðsetningu skólans í ljósi hugsanlegra breyttra aðstæðna á Húsabakka. Hugmyndir komu um aðra staði eins og t.a.m. Skóga og Reykjanes.

Einar Rafn bar upp tillögur skólanefndar að námskrá leiklistarskóla BÍL 2005. Samþykkt.

#### 5. Vefmál

Hörður ósáttur við fyrirtækið sem þjónustar leiklistarvefinn. Þeir hafa ekki staðið við gefin loforð og tilefni þykir til að gera alvarlega athugasemd við það. Nýtt spjallkerfi, kannanakerfi og verslunarkerfi á að vera löngu komið. Vilborg og Hörður taka að sér að fylgja þessu eftir.

#### 6. Fjárlaganefnd

Vilborg er búin að panta tíma hjá fjárlaganefnd. Þörf á að semja erindi til nýs ráðherra með innifalinni stuðningsósk varðandi L2005. Hægt að sækja um sérverkefni á menntamálaráðuneytisvefnum undir „Ýmis menningarverkefni“. Rætt hefur verið óformlega við menntamálaráðherra. Viborgu, Lárusi og Herði falið að tala við ráðherra. Úr um-

ræðuhópi á Bandalagsþingi kom hugmynd um að bjóða menntamálaráðherra á lokadag skólans.

#### 7. Þjóðleikhúsið

Bréf til þjóðleikhússtjóra er ekki farið. Ákveðið að senda það sem fyrst.

#### 8. Margt smátt

17 umsóknir bárust frá 7 félögum. 11 þættir frá 7 félögum voru valdir. Nefnd lýsti hugmyndum sínum að dagskrá og leist fólki vel á.

Fundi frestað til morguns.

Fundi fram haldið 9.10.

#### Margt smátt frh.

Ákveðið að gera ódýra leikskrá og leggja áherslu á það við Borgarleikhúsið að kynna hátíðina betur en í fyrra.

#### 9. Saga BÍL

Bréf frá Bjarna Guðmarssyni lagt fyrir fundinn þar sem hann fer fram á framlengingu á starfstíma til að ljúka verkinu fram að áramótum. Samþykkt að samþykkja frestinn, en ekki verður um frekari frestun að ræða. Ákveðið að leita eftir verðhugmyndum um umbrot og prentun þegar handritið verður komið.

#### 10. Erlent samstarf

##### a) NEATA-hátíð og NAR-fundir.

Stjórnarfundur NEATA. Rætt um samrunahugmyndir NAR og NEATA. Niðurstaða þess máls er á þá leið að NAR myndi ekki sameinast NEATA nema til komi peningar frá NEATA. Íslendingar halda NEATA-hátíð 2010. Rætt var um gæðamat við val á sýningum. Athugasemdir við sýningar frá Noregi og Belgíu. Athugasemdir við vinnubrögð NAT við val sýninga á hátíðir. Gagnrýni kom fram á forseta IATA.

##### b) NAR-fundur í Lillehammer.

Einar Rafn sagði frá skemmtilegri reynslu af litlu einka-leikhúsi lengst uppi í fjöllum Norður-Noregs. Á fundinum kom fram að það væri skýrt að NAR má ekki nota styrkjapeninga til að styrkja NEATA. Umræður urðu um Nordisk Kulturfond og hvernig hægt er að fá styrki úr honum. Einstaklingar eru orðnir félagar í sænska og danska bandalaginu, ekki lengur bara leikfélögin. Danmörk og Noregur eru að taka „amatör“ út úr nöfnum bandalaganna. Danmörk á pláss í forvali fyrir hátíðina í Mónakó, lét Íslendingum það eftir. Hugleikur fékk meðmæli frá bæði formanni og framkvæmdastjóra NEATA. Ráðstefna verður haldin í Færeyjum þar sem mönnum verða m.a. kennd vinnubrögð við að sækja um styrki í menningarsjóði Evrópusambandsins. NAR-vefur borgar stórfé fyrir hýsingu. Spurning hvort við bjóðumst til að hýsa hann. Í ljós kom að varaformenn hafa verið að sitja NAR-fundi sem aðalfulltrúar, m.a. verðandi formaður NAR, það er ekki í samræmi við lög NAR. Rætt um að ferðastyrkir frá NAR séu ekki nærri nógu háir. Einar fór yfir forgangsröð í úthlutunarreglum NAR.

##### c) Skrifstofumót í Færeyjum í lok október.

Samþykkt að senda báða starfsmenn þangað.

#### 11. Myndbönd leikársins

Einar tók við fyrstu spólunni í tilraunaverkefni stjórnar með að sjá allar sýningar aðildarfélaganna.

Fundi frestað til sunnudags.

Fundi fram haldið sunnudaginn 10.10.

Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Esther Árnadóttir og Margrét Tryggvadóttir fjarverandi. Guðrún Halla Jónsdóttir tók við fundarstjórn.

#### 12. Norrænt skrifstofumót í Færeyjum

Rætt um skrifstofumót í Færeyjum, sem starfsmenn fara á. Vilborg sagði frá því að þar yrði m.a. haldið námskeið í því hvernig skal sækja um styrki í menningarsjóði Evrópusambandsins.

#### 13. Margt smátt

Rætt um viðbrögð við athugasemdum sem fram komu um val á stuttverkahátíðina Margt smátt. Stjórn komst að þeirri niðurstöðu að hún gæti illa svarað fyrir valnefnd þar sem hún hefði ekki heyrt annan rökstuðning en þann sem fundurinn hefði þegar heyrt.

#### 14. Næsti stjórnarfundur

Stjórn þykir sýnt að það þurfi að halda stjórnarfund fyrir áramót. Ákveðið að það verði gert eftir 19. nóvember.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

Lárus Vilhjálmsson ritari

## **Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 27. nóvember 2004, haldinn í þjónustumiðstöðinni að Laugavegi 96.**

#### Mættir:

Einar Rafn Haraldsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Esther Árnadóttir, Ármann Guðmundsson, Vilborg Valgarðsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hörður Sigurðarson.

Fjarverandi: Júlíus Júlíusson, Sigríður Karlsdóttir, Embla Guðmundsdóttir og Margrét Tryggvadóttir.

#### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar og haustfundar kynnt og samþykkt

#### 2. Starfsáætlun 2004–2005

Rekstur og viðhald húseigna:

Ekki hefur verið gerð fjárhagsáætlun vegna framkvæmda. Ekki hefur verið formlegur fundur í húsfélagi en viðhaldsmat hefur verið gert. Gera þarf við þakið en það er mál alls hússins þar sem þök teljast jafnan til sameignar. Ljóst er að það þarf að halda fund í húsfélaginu, forgangsraða og meta kostnað. Í síðustu viðhaldsáætlun er talað um að leita tilboða í ákveðin verk. Bandalagið hefur nánast greitt húsnæðið að Laugavegi að fullu og gæti þess vegna tekið lán til að fjármagna framkvæmdir. Menn hafa áhyggjur af handrita-safninu því mesta tjónið yrði þar ef alvarlegur leki kæmi. Eina tækið sem þarf að kaupa er nýr laser-prentari.

#### Ársritið:

Heldur meiri kostnaður við ársritið en áður. Ljósritun þurfti að fara fram annars staðar vegna takmörkunar ljósritunarvélar.

Námskeiðaáætlun leiklistarskólans:

Á síðasta fundi var rætt um að þörf væri á að gera drög að



langtímaáætlun fyrir skólann. Það væri á hendi skólanefndar að gera drög sem stjórn síðan fengi til skoðunar.

Rætt um að beina til skólanefndar að gera grófa þriggja ára áætlun sem síðan yrði endurskoðuð árlega. Ákveðið skipulag hefur verið í gangi, 3 námskeið í röð fyrir leikara og leikstjóra, en kannski hefur það ekki skilað sér til félaganna. Sumir vilja meina að hinn almenni félagi í leikfélögunum viti varla að skólinn sé til og þess vegna mætti gera skipulagið sýnilegra.

Ýmislegt hefur gerst í málum Húsabakkaskóla en þar er fyrirhugað að leggja niður grunnskólann. Rætt hvort stjórnin ætti ekki að fara að skoða möguleika með aðra staðsetningu. Athuga t.d. Skógaskóla. Bandalagsfólk á pantað viðtal við menntamálaráðherra, þar væri hægt að spyrjast fyrir hvort möguleiki sé að vera með skóla þar fyrir lítið. Líka mætti athuga Eiðar fyrir austan.

Ef flytja ætti skólann þarf fyrst og fremst að hugsa um aðgengi. Svo þarf að hugsa um hvað er mest miðsvæðis.

Vefsíðan:

Veffyrirtækið sem BÍL skiptir við virðist algjörlega hætt að gera það sem það segist ætla. Rætt um aðra kosti. Þarna var líka spurning um NAR-vefinn sem BÍL hefur boðist til að athuga með að taka að sér. NAR þarf svar í mars um hvort við höfum aðstöðu til að taka yfir þeirra vef. Ákveðið að gefa veffyrirtækinu lokafrest til 15. desember. Ef ekki verður gerð bragarbót á þjónustunni fyrir þann tíma fer Bandalagið með sín vefmál annað.

Hækkuð framlög:

Vilborg og Lárus fóru á fund fjárlaganefndar og var vel tekið. Ekki hafa framlög þó verið hækkuð. Sendur var tölvupóstur á alla nefndarmenn fjárlaganefndar og farið fram á að framlagið mætti raunhækkun rekstrarkostnaðar félaganna og skrifstofunnar. Það þarf að koma á fundi með menntamálaráðherra til að koma hækkun inn í fjárhagsáætlun ráðuneytisins. Menntamálaráðherra hafnaði umsókn um styrk vegna leiklistarhátíðar.

Þjóðleikhússýningin:

Stefán hefur ekki svarað erindi sem Vilborg sendi um framhald á vali leikhússins á sýningu ársins. Samkvæmt upplýsingum frá leikhúsrítara Þjóðleikhússins verður valnefnd starfandi í vetur og keppnin haldin. En opinberlega hefur ekki komið fram yfirlýsing þess efnis. Staðan gagnvart Þjóðleikhúsinu er óskýr og verður í rauninni ekki skýr fyrr en Tinna verður tekin við. Enn er spurning hvað á að segja félögunum, hvort umsóknareyðublað á að vera á vefnum, eða hvað. Vilborgu falið að tala við Stefán.

Haustfundur:

Var haldinn og gekk vel.

Einar Rafn Haraldsson mætir til fundar.

Stuttverkahátíð:

Var haldin. Ýmsir voru ósáttir við ýmis framkvæmdaratriði. Hvers vegna að hafa þetta í samstarfi við Borgarleikhús þegar húsið virðist ekki hafa áhuga á dæminu. Nokkrar umræður spunnust um hvort betra hefði verið að hafa hana styttri. Aðrir vildu hafa hana lengri. Rætt var um hvort betra

væri að hafa hátíðina annað hvert ár og þá jafnvel að vori í stað hausts. Einnig var rætt um hvort að nægur áhugi væri meðal aðildarfélaganna til þess að hún ætti rétt á sér. Spurning hvort að annað form hentaði betur. Rætt var um gagnrýni á valnefnd og þótti flestum stjórnarmönnum hún ómakleg. Ákveðið að kalla fólk úr Borgarleikhúsinu til viðræðna um þetta mál. Stinga upp á vorinu 2006 og hugsanlega í sambandi við aðalfund.

Framhald umræðna um hækkuð framlög:

Umræður um hvort reyna ætti að minna fjárlaganefndarmenn á Bandalagið á milli annarrar og þriðju umræðu fjárlaga. Sumir töldu mestar líkur á því að þessir peningar næðust í gegnum menntamálaráðherra. Aðrir ekki sammála og að ekki myndi saka að tala við ákveðna aðila í nefndinni. Ákveðið að skipta meirihluta fjárlaganefndarinnar á milli stjórnarmanna og skrifa þeim og hringja í þau.

Leikum núna 2005:

Einn fundur hefur verið haldinn í undirbúningsnefnd hátíðar frá síðasta stjórnarfund. Halla og Júlíus komu þar formlega inn í nefndina. Guðrún Lára kynnti Lalla leikhúsröttu sem hugsanlegt minjagripsefni. Nafn hátíðarinnar á að vera Leikum núna 2005 (Act now, 2005). Júlíus verður í forsvari fyrir kynningarnefnd, kemur með tillögur að öðrum. Hörður ætlar að tala við Einar Samúelsson og fá hann í lið með sér í vefsíðu og leikskrá. Umræður um mögulega styrki, erlendu hópana og framboð á aðstoðarmönnum.

Útgáfa á sögu BÍL:

Næstsíðasti kaflinn er kominn og sá síðasti verður kominn fyrir áramót. Svo á eftir að fínþússa og vinna myndvinnslu. Sögu-ritari er á launum til áramóta. Ekki er reiknað með því að útgáfan náist á þessu leikári.

### 3. Myndbandsspólur og meðferð þeirra vegna Bandalags-Grímunnar

Einar sagði frá reyngu sinni og sagði hafa verið gaman að skoða verkið sem hann var búinn að horfa á með þessu hugarfari.

Vilborg lét stjórnarmenn fá möppur og kynnti verklag varðandi það. Rætt um hvernig eigi að hafa kosningu í akademíu.

4. Skýrsla vegna skrifstofumóts í Færeyjum og fundar NAR Fulltrúar Bandalagsins lýstu yfir á fundinum að við gætum hýst síðu NAR og hugsanlega látið gera hana. Leiklistarvefurinn var sýndur og rætt um mögulegt innihald vefsíðu. Rætt var um styrkjumál. Fátt kom fram sem ekki var vitað áður, Norð-vestur svæðið nýtur hylli núna og menn vilja gjarnan styrkja menningarstarfsemi þar. Fulltrúar sáu einnig á myndbandi götuleikhúshátíð frá Ólafsvöku. Mjög flott og fullt af hugmyndum fyrir opunarhátíð Leikum núna. Þeir úr NAR-stjórn sem á staðnum voru héldu fundi um hvernig fulltrúar NAR væru skipaðir. NUTU-fulltrúi okkar, Árni Grétar, var á fundi NUTU sem haldinn var samhliða. Æskilegt að hann mæti á aðalfund og geri grein fyrir því starfi.

### 5. Önnur mál

a) Dagsetning aðalfundar í Stykkishólmi 2005, 2. nætur. 6.–8. maí. Námskeið í stjórnun haldið í tengslum við haustfund.

b) Bréf barst frá Hugleik varðandi atvik sem varð í skólanum 2003.

Umræður urðu um ábyrgð stjórnar og stjórnarmanna í málinu. Sumum þótti að skólanefnd bæri einnig nokkra ábyrgð.

Formaður vildi bóka að hann er tilbúinn til að funda með stjórn

Hugleiks um málið hvenær sem þeim hentar, þar sem hann samþykkir ekki að öllu leyti þá röð atvika sem fram kemur í bréfinu.

Það var skilningur sumra stjórnarmanna að þrátt fyrir bókun sem gerð var á stjórnarfundi í vor væri málið trúnaðarmál. Stjórn var fullkomlega sammála um að ýmislegt fór aflaga í þessu máli. Rifjaðar upp ákvarðanir sem teknar voru í lið 7 í fundargerð frá 9.–10. júlí um samskipti innan stjórnar sem gerð var í beinu framhaldi af þessu máli.

Rætt var um að meiri tíma þyrfti í frjálslægri umræður í kringum stjórnarfundi. Rýmri tímamma þyrfti að hafa í kringum fundina til slíks og myndi það sennilega laga samskiptamál stjórnar að nokkru.

Fundi slitið.  
Lárus Vilhjálmsson ritari

## **Stjórnarfundur 1.4. 2005, haldinn í þjónustumiðstöðinni í Reykjavík.**

Mættir:

Úr aðalstjórn: Einar Rafn Haraldsson, Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hörður Sigurðarson og Júlíus Júlíusson.

Úr varastjórn: Embla Guðmundsdóttir.

Starfsmenn: Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fundur settur.

### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Velt upp spurningum um þriggja ára áætlun leiklistarskóla BÍL. Fundargerð samþykkt án efnislegra athugasemda.

### **2. Starfsáætlun**

Rekstur fasteignar:

Engar ákvarðanir hafa verið teknar í húsfélagi þar sem neðri hæð er nýseld. Búið er að komast fyrir leka á þakinu og skipt verður um gler og lista í gluggum á bakhlíð. Rætt um framkvæmdir við hlið hússins. Framkvæmdum hefur seinkað eitthvað.

Leiklistarskóli BÍL:  
Bæklingur kominn út. Allt er samkvæmt áætlun.

Leiklistarvefurinn:

Vefþjónustuaðili er orðinn gjaldþrota og lénsherra þykir sýnt að skipta þurfi um þjónustuaðila. Ekki eru til fjármunir til að fara út í dýrar breytingar. Lýst yfir áhyggjum af því að ef eitthvað kæmi upp á þá gæti vefurinn legið niðri til lengri tíma og jafnvel efni af honum glatast. Hörður hefur augastað á nokkuð sjálfbæru kerfi (Mambo). Honum falið að leita eftir tilboðum.

Auknar styrkveitingar frá ríkinu:

Einar og Vilborg fóru á fund í menntamálaráðuneyti. Fengu viljrði fyrir 400.000 króna styrk fyrir leiklistarhátíðina. Hækkanir til skrifstofu og félaga fara í fjárhagsáætlavinnu ráðuneytisins. Spurt var hvort einhver frá ráðuneytinu gæti komið á aðalfund. Ráðherra bað um formlegt erindi. Vilborgu

og Einari fannst að nýr menntamálaráðherra hefði meiri skilning á starfsemi Bandalagsins en fyrri ráðherrar.

Áframhaldandi samstarf við Þjóðleikhúsið:

Spurning hvort um samstarf er að ræða varðandi Þjóðleikhúsið og athyglisverðustu áhugasýningu ársins. Nokkrar umræður spunnust um gildi Þjóðleikhús-samkeppninnar fyrir félögin og forsendur valnefndar fyrir ákvörðun sinni. Ákveðið að senda þjóðleikhússtjóra bréf þar sem farið er fram á fund með fulltrúum stjórnar varðandi snertifleti á starfsemi batteríanna.

Sérverkefni:

Leikum Núna – leiklistarhátíð:

Undirbúningur leiklistarhátíðar er í gangi. Tvö leikfélög hafa sótt um þátttöku og von er á fleirum. Enn vantar peninga í hátíðina. Sótt hefur verið um styrki frá ýmsum, en aðeins fengist 400.000 kr. Undirbúningsnefnd hefur hist og rætt aðferðir til að fá styrktaraðila. Nefnd hefur einnig fundað varðandi kynningarmál.

Saga Bandalagsins:

Ólíklegt er að útgáfa sögu Bandalagsins náist á árinu. Búið er að sækja um styrk til útgáfu til menningarsjóðs. Stefnt var að því að handrit yrði fullunnið og tilbúið til prentvinnslu fyrir 6. apríl 2004 skv. fyrsta samningi. Stjórn er farið að lengja eftir skilum á verkinu og hefur áhyggjur af seinkun verksins.

### **3. Aðalfundur í Stykkishólmi**

Boðið verður til sýningar á Fiðlaranum á þakinu hjá Grímni á föstudagskvöld, fundur hefst á laugardegi.

- 13–14.000 kr. á mann með gistingu öllu, tvær nætur. 40 komast á hótél en ef fleiri verða þá er annað hótél.
- Ársreikningur yfirfarinn og samþykktur.
- Tillaga að starfsáætlun samþykkt.
- Lagabreytingartillögur ræddar. Ákveðið að láta flutningsmann vita af vafaatriði í orðalagi lagabreytingartillögunnar varðandi merkingu orðsins endurkjör.

### **4. Önnur mál**

Bandalags-Gríman:

Spólutappi hefur komið upp og stjórnarmenn hafa aðeins séð brot af sýningum leikársins. Rætt um aðrar lausnir, t.a.m. notkun Netsins eða fjölföldun á skrifstofu. Ákveðið var að reyna að fá allar upptökur inn fyrir 15. apríl, og þá verður athugað hvort stjórnarmenn komast yfir allt.

Úthlutunarfundur:

Stefnt að því að halda hann helgina 8.–10. júlí.

NAR- og NEATA-fundir í Færeyjum í mars:

Einar Rafn fór og gaf skýrslu. Skoðaðar voru aðstæður fyrir NEATA-hátíð 2006. Nýr samningur um framlög til NAR liggur fyrir frá Nordisk Kulturfond. Færeyjar voru samþykktar sem fullgildir aðili að NAR. Búið er að hækka styrkjahlutfall frá NAR í ferðastyrki, en betur þarf að gera ef við eigum að geta tekið þátt í þessu starfi áfram. Breytingar voru kynntar á samþykktum NAR varðandi fulltrúa. Stjórn NAR skal samantanda af formönnum landssambandanna og varaformönnum til vara.

NEATA-fundur. Rætt um Hvíta Rússland. Menn hafa áhuga á að opna fyrir samstarf við þá, en erfitt er vegna stjórnsýslu. Sama með Pólland.

Aðalfundur IATA í Mónakó. Hugleikur fer með Undir hamrinum

og fær til þess ferðastyrk frá NAR. Stjórn ákvað að senda Vilborgu framkvæmdastjóra með umboð til að sitja aðalfund IATA og fara með atkvæði Bandalagsins.

Fleira ekki gert – fundi slitið.  
Lárus Vilhjálmsson ritari

## **Stjórnarfundur 6. maí 2005. Haldinn á Hótel Stykkishólmi.**

### *Mættir:*

Úr aðalstjórn: Júlíus Júlíusson, Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Halla Jónsdóttir.

Úr varastjórn: Margrét Tryggvadóttir, Sigríður Karlsdóttir, Embla Guðmundsdóttir.

Starfsmenn: Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Guðrún Halla setti fund.

Vilborg dreifði gögnum, dagskrá fundarins og gögnum vegna aðalfundar, fundargerðum síðasta stjórnarfundar og aðalfundar ásamt tillögu að starfsáætlun.

### *1. Undirbúningur fyrir aðalfundinn*

- Fundarstjórar og fundarritarar aðalfundar: Stungið upp á fundarstjórum. Ákveðið að tala við Hrefnu Friðriksdóttur og Sveinbjörn Björnsson. Aðrir nefndir til sögunnar: Ingólfur Þórsson og Regína Sigurðardóttir. Fundarritarar verða Dýrleif Jónsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.
- Kjörnefnd og framboð til stjórnar: Regína Sigurðardóttir mun sjá um þau mál fyrir hönd kjörnefndar.
- Júlíus mun lesa menningarstefnu.
- Inntaka félaga: Guðrún Halla talar fyrir þeim lið.
- Einar Rafn Haraldsson mun lesa skýrslu stjórnar.

Guðrún Esther mætir til fundar.

- Formenn nefnda munu lesa skýrslur nefnda. Árni Grétar Jóhannsson mun flytja erindi um NUTU.
- Tillaga að starfsáætlun: Sigríður Karlsdóttir tók að sér að lesa og skipa í starfshópa. Vilborg gerði tillögu að starfshópavinnu; nefndir vegna hátíðar fundi, aðrir skiptist í 4 hópa. Ákveðið var að fara þess á leit að Hrund Ólafsdóttir, Sveinbjörn Björnsson, Margrét Ásgeirsdóttir og Ingólfur Þórsson leiði starfshópa. Ákveðið að skipta starfsáætlun á milli hópa.

Einar Rafn Haraldsson mætir til fundar.

- Engar samræmdar tillögur frá stjórn komnar fram undir liðnum Tillögur lagðar fyrir fundinn.
- Ákveðið var að athuga hvort einhverjir á fundinum byðu sig fram í kjörnefnd. Reiknað var með því að félagslegir endurskoðendur héldu áfram, þeir höfðu ekki tekið annað fram við endurskoðun ársreiknings.
- Guðrún Esther tók að sér að lesa tillögu þess efnis að árgjaldið haldist óbreytt.

Einar dreifði skýrslu stjórnar. Kynning á NAR-málum verði undir liðnum önnur mál.

### *2. Bandalags-Gríman*

Sjálfgefið þótti að hún yrði allavega ekki afhent á þinginu eins og áætlað var. Vandamál hafa komið upp, bæði varðandi það að upptökur hafa ekki skilað sér, ekki verið nógu góðar og ekki skilað sér nógu hratt á milli stjórnarmanna. Ljóst að það þarf að breyta skipulaginu. Hugsanlega þarf að skipa ákveðna aðila í hverjum landshluta, velja í undanúrslit og síðan velja úr þeim. Ekki endilega stjórnarmenn. Guðrún Halla tók að sér að gera grein fyrir stöðu mála á fundinum.

### *3. Leiklistarhátíðin*

Sex félag hafa sótt um og von er á allavega einni sýningu í viðbót. Hugsanlega halda menn að von sé á tveimur í viðbót. Rætt um opunarhátíð og fleira.

### *4. Erindi frá Hugleik*

Rætt um hvernig málið hefði átt að afgreiðast. Ákveðið að ritari skrifi svar frá stjórn um afgreiðslu málsins. Ákveðið að funda frekar um það mál á þinginu. Mönnum þótti ljóst að fráfarandi stjórn yrði að svara þessu erindi.

### *5. Önnur mál*

Anna Jeppesen hafði sagt sig úr skólanefnd. Lagt til að skólanefnd ræði hvort þörf væri á fleirum í skólanefnd. Eins var því velt upp hvort fjölgun í skólanefnd hefði aukið skilvirkni nefndarinnar. Nú er skólanefnd öll á staðnum og þótti mönnum rétt að hún ræddi málin og velti fyrir sér hvort hún vildi fá fleiri til liðs við sig.

### *6. Erindi frá Hugleik – framhald*

Ritari stjórnar lagði fram uppkast að bréfi til stjórnar Hugleiks þar sem svarað er bréfum þeirra frá 27. nóvember og 26. apríl. Í fyrra bréfinu er þess krafist að stjórn BÍL biði málsaðila afsökunar vegna máls sem kom upp sumarið 2003. Lögð var fram eftirfarandi bókun:

„Stjórn BÍL telur sig ekki þurfa að biðjast afsökunar á afgreiðslu máls er varðar atvik á Húsabakka sumarið 2003. Stjórn telur sig hafa afgreitt málið á fundi sínum á Húsabakka í maí 2004. Telji stjórn Hugleiks að einstakir stjórnarmenn þurfi að leggja fram afsökunarbeiðni, ætti félagið að beina því erindi til viðkomandi“.

Bókunin var samþykkt samhljóða.

Fundi slitið.

Lárus Vilhjálmsson ritari

## Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

*Haldinn þann 7. og 8. maí 2005 á Hótel Stykkishólmi, Stykkishólmi*

### 1. Fundur settur

Fundarstjórar: Ingólfur Þórsson og Regína Sigurðardóttir  
Fundarritarar: Dýrleif Jónsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Fundarmenn kynna sig:

Leikfélagið Grímnir, Erna B. Guðmundsdóttir  
Leikfélagið Grímnir, Halldóra B. Ragnarsdóttir  
Leikfélagið Grímnir, Margrét Ásgeirsdóttir  
Freyvangsleikhúsið, Guðrún Halla Jónsdóttir  
Freyvangsleikhúsið, Ingólfur Þórsson  
Halaleikhópurinn, Jón Eiríksson  
Hugleikur, Ármann Guðmundsson  
Hugleikur, Hrefna Friðriksdóttir  
Hugleikur, Hulda B. Hákonardóttir  
Hugleikur, Þorgeir Tryggvason  
Leikfélag Dalvíkur, Júlíus G. Júlíusson  
Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Björgvin Gunnarsson  
Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Einar Rafn Haraldsson  
Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Freyja Kristjánsdóttir  
Leikfélag Hafnarfjarðar, Dýrleif Jónsdóttir  
Leikfélag Hafnarfjarðar, Jón Stefán Sigurðsson  
Leikfélag Hafnarfjarðar, Lárus H. Vilhjálmsson  
Leikfélag Húsavíkur, Ása Gísladóttir  
Leikfélag Húsavíkur, Regína Sigurðardóttir  
Leikfélag Hörgdæla, Fanney Valsdóttir  
Leikfélag Kópavogs, Huld Óskarsdóttir  
Leikfélag Kópavogs, Hörður Sigurðarson  
Leikfélag Mosfellssveitar, Guðrún Esther Árnadóttir  
Leikfélag Mosfellssveitar, Gunnhildur Sigurðardóttir  
Leikfélag Rangæinga, Margrét Tryggvadóttir  
Leikfélag Selfoss, Árni Grétar Jóhannsson  
Leikfélag Selfoss, Ingvar Brynjólfsson  
Leikfélag Selfoss, Sigríður Karlsdóttir  
Leikfélagið Sýnir, Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Leikfélagið Sýnir, Hrund Ólafsdóttir  
Leikklúbburinn Saga, Ingimar B. Davíðsson  
Leikklúbburinn Saga, Ragna Gestsdóttir  
Umf. Reykdæla, Sigríður Harðardóttir  
Umf. Reykdæla, Þórvör Embla Guðmundsdóttir  
Þjónustumiðstöð, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Þjónustumiðstöð, Vilborg Árný Valgarðsdóttir

### 2. Kjörbréf afgreidd

Regína Sigurðardóttir, eini kjörnefndarmaðurinn á fundinum, fékk Emblu Guðmundsdóttur sér til aðstoðar.

### 3. Menningarstefna Bandalagsins

Júlíus Júlíusson las. Engar umræður urðu.

### 4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá

Guðrún Halla Jónsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála. Leikfélag Ólafsvíkur hafði sótt um inngöngu og stjórn samþykkt umsókn þess fyrir sitt leyti. Fundurinn samþykkti. Félög sem hurfu af

félagaskrá vegna árgjaldaskulda voru: Víkurleikflokkurinn (Vík í Mýrdal), Leikskólinn (Reykjavík) og Leikfélagið Lagó (Grindavík).

### 2. (Frh.) Atkvæðaspjöldum dreift

Regína gerði grein fyrir stöðu mála í stjórnar- og varastjórnarkjöri.

Úr aðalstjórn áttu að ganga: Einar Rafn Haraldsson og Guðrún Halla Jónsdóttir. Formann skyldi kjósa sérstaklega og Einar Rafn hafði gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku. Einnig hafði Þorgeir Tryggvason tilkynnt kjörnefnd framboð sitt til formanns.

Úr varastjórn áttu að ganga: Guðrún Esther Árnadóttir og Sigríður Karlsdóttir. Guðrún Esther gaf kost á sér áfram.

### 5. Fundargerð síðasta aðalfundar borin upp Samþykkt.

### 6. Skýrsla stjórnar

Einar Rafn Haraldsson las.

*Ársskýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga  
fyrir starfsárið 2004–2005  
lögð fram á aðalfundi í Stykkishólmi 7. maí 2005.*

*Stjórn Bandalagsins er þannig skipuð:*

Einar Rafn Haraldsson, Egilsstöðum, formaður  
Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri, varaformaður  
Lárus Húnfjörð Vilhjálmsson, Álftanesi, ritari  
Hörður Sigurðarson, Reykjavík, meðstjórnandi  
Júlíus Garðar Júlíusson, Akureyri, meðstjórnandi  
Í varastjórn eru:  
Sigríður Karlsdóttir, Selfossi  
Guðrún Esther Árnadóttir, Mosfellsbæ  
Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli  
Ármann Guðmundsson, Reykjavík  
Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Reykholti

Framkvæmdastjóri Bandalagsins er Vilborg Árný Valgarðsdóttir og ritari skrifstofu er Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

*Stjórnarfundir:*

Stjórnin hefur komið saman til fjögurra reglulegra stjórnarfunda frá síðasta aðalfundi. Þeir hafa verið haldnir á Húsabakka, Akureyri og í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Hefðbundin málefni hafa verið til umfjöllunar, s.s. úthlutun styrkja, málefni Leiklistarskóla BÍL, fjármál BÍL, rekstur Leiklistarvefjarins, ritun sögu BÍL ásamt undirbúningi að Leiklistarhátíð 2005. Allar fundargerðir stjórnarfunda er að finna í ársriti BÍL og á leiklist.is undir Bandalagið/Fundir. Á fundum eru skoðanaskipti yfirleitt lífleg og fjallað um flest þau svið er áhugaleikhúsið varða.

*Leikfélögin:*

Aðildarfélögin voru eftir síðasta aðalfund 66 talsins. Eftir því

sem næst verður komist hafa um 36 leikfélög verið starfandi á leikárinu og hafa þau sett upp samtals 62 verkefni, þar af eru 32 íslensk og 17 erlend leikrit í fullri lengd ásamt á annan tug einþáttunga. Þess má geta að þessi talning er ekki endanleg og liggja niðurstöður um fjölda verkefna ekki fyrir en eftir að unnið hefur verið úr styrkumsóknum félugganna sem eiga að berast þjónustumiðstöðinni fyrir 10. júní nk. Hæsti styrkur (eða 100%) fyrir verk á leikárinu 2003–2004 var 275.000 og álag frá 10% til 30% af þeirri upphæð. Vegna fækkunar verkefna hækkaði styrkurinn úr 250.000 frá árinu áður, en heildarupphæð til úthlutunar hækkaði ekki milli ára.

*Aðalfundur 2004 samþykkti eftirfarandi starfsáætlun fyrir leikárið 2004–2005:*

*Almenn starfsemi:*

*1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.*

Í þjónustumiðstöðinni starfar framkvæmdastjóri í fullu starfi ásamt ritara í hálfu starfi, eins og verið hefur um langt skeið. Verkefni hafa verið þau sömu og fyrr, þ.e. ýmis konar þjónusta við aðildarfélögin, félagasamtök, atvinnuleikhúsin og einstaklinga ásamt samskiptum við opinbera aðila. Sala á leikhúsfarða og tengdum vörum er aðaltekjulindin eins og fram kemur í ársreikningi sem lagður verður fram hér á eftir.

*2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun.*

Framkvæmdir við byggingu þriggja hæða bílarkjallara og fjögurra hæða verslunar- og íbúðahúsnæðis á lóð hins látna Stjórnubíós, sem staðsett er við hlið fasteignarinnar okkar, er í fullum gangi og stefnt er að því að framkvæmdum neðanjarðar verði lokið næsta haust. Á meðan á þessum hamförum stendur hefur verið ákveðið að halda að sér höndum með að mála utanhúss og sinna eingöngu bráðnaúðsynlegu viðhaldi. Þessa dagana er verið að skipta um glugga á bakhlíð og nýlega var þakið á handritasalnum þétt í eitt skiptið enn, en þar fór aftur að bera á leka þegar Stjórnubíó var rífið.

*3. Útgáfa ársrits fyrir leikárið 2003–2004.*

Ársrit fyrir leikárið 2003–2004 kom út skv. áætlun í september á liðnu ári. Það var með svipuðu sniði og fyrri ársrit og því var dreift í einu eintaki til hvers aðildarfélags svo og til þeirra opinberu aðila sem málið varðar. Ársritið er á vefsíðu bandalagsins, leiklist.is, og auðvelt fyrir hvern sem vill að prenta það út þaðan. Ritstjórn var á höndum aðalstjórnar Bandalagsins en efnisöflun og uppsetning var gerð af starfsmönnum. Fengin var utanaðkomandi aðstoð við prófarkalestur og var ritið ljósritað og bundið á ljósritunarstofu þar sem tækjakostur okkar dugði illa til verksins.

*4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirliggjandi námskeiðaáætlun.*

Skólameistari mun gera grein fyrir starfsemi skólans hér á eftir undir liðnum skýrslur nefnda.

*5. Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.*

Lénsherra vefsíðunnar mun gera grein fyrir þessum lið undir skýrslur nefnda.

*6. a) Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélugganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.*

*b) Gera þjónustusamning við menntamálaráðuneytið.*

Farið var á fund fjárlaganefndar og erindi Bandalagsins um hækkuð framlög lagt fyrir og kynnt. Fyrir þriðju umræðu

fjárlaga var haft samband við nær alla fjárlaganefndarmenn, ýmist með símhringingu eða tölvupósti og erindið áréttað. Framlög til BÍL á fjárlögum fyrir árið 2005 eru þó óbreytt frá fyrra ári. Framkvæmdastjóri og formaður áttu fund með menntamálaráðherra og aðstoðarmanni hans í mars 2005 og ræddu um framlög til BÍL, styrki til leiklistarhátíðar 2005 á Akureyri, þjónustusamninga milli ráðuneytisins og Bandalagsins o.fl. Ráðherra lýsti vilja sínum til að hækka framlögin á næstu fjárlögum.

*Sérverkefni starfsársins:*

*1. Halda haustfund til undirbúnings leiklistarhátíðar sumarið 2005.*

Fundurinn var haldinn á Akureyri 9. og 10. október 2004. Hann sóttu 45 manns frá 17 aðildarfélögum.

*2. Halda stuttverkahátíð í samstarfi við Borgarleikhúsið haustið 2004.*

Hátíðin var haldin 23. október 2004. Þar sýndu 7 leikfélög samtals 11 íslensk stuttverk.

*3. Undirbúa leiklistarhátíð á Akureyri sem halda á dagana 22.–26. júní 2005.*

Formaður undirbúningsnefndar, Lárus Vilhjálmsson, og formaður kynningarnefndar, Þorgeir Tryggvason, munu gera grein fyrir þessum lið hér á eftir.

*4. Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu.*

Verkið er á lokasprettinum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær ritið kemur út en fjármögnun útgáfunnar er ekki hafin. Fulltrúi úr ritnefndinni, Þorgeir Tryggvason, mun gera nánari grein fyrir þessum lið hér á eftir.

*Erlent samstarf:*

Hugleikur fór sem fulltrúi okkar á NEATA-leiklistarhátíðina í Eistlandi í ágúst 2004 með sýninguna Undir hamrinum eftir Hildi Þórðardóttur í leikstjórn Ágústa Skúladóttur. Voru hátíðargestir yfir sig hrifnir og í framhaldinu bauðst félaginu að fara með sýninguna á IATA-hátíðina í Monaco núna seinna í sumar. Hugleikur er annað íslenska leikfélagið til að fara á þessa hátíð en árið 1985 fór Leikfélag Hafnarfjarðar þangað, fyrst íslenskra leikfélaga.

Hátíðina í Viljandi sóttu, auk Hugleiks, starfsmenn skrifstofu BÍL og 3 stjórnarmenn. Auk þess að sjá sýningarnar á hátíðinni sóttu þau fundi NEATA sem haldnir voru á sama tíma.

Starfsfólk skrifstofu sótti norrænt skrifstofumót í Færeyjum sl. haust ásamt formanni sem einnig sat þar stjórnarfund NAR.

Sex íslensk ungmenni eru búin að skrá sig í sumarskóla NUTU sem haldinn verður í Færeyjum í sumar. Meðal kennara í skólanum verður margnefnd Ágústa Skúladóttur. Formaður BÍL situr jafnframt í stjórn NAR, Nordisk Amatör Teater Råd og NEATA, North European Amateur Theater Alliance. Helsta verkefni stjórnar NAR er að úthluta styrkjum til áhugaleikhópa sem sækja vilja leiklistarhátíðir eða heimsækja áhugaleikfélög á öðrum Norðurlöndum. Auk þess stendur NAR fyrir og styrkir ýmis verkefni, svo sem leiklistarhátíðir og námskeið. Á starfsárinu sótti formaður tvo fundi vegna þessa, í Lillehammer í Noregi og í Þórshöfn í Færeyjum.

*Lokaorð:*

Starfsemi BÍL er í föstum skorðum og samkvæmt starfs-

áætlun aðalfundar. Fjárhagur er viðunandi og aðsetur þjónustumiðstöðvarinnar við Laugaveg 96 orðin skuldlaus eign BÍL. Bandalagið hefur hæfa og ágæta starfsmenn og rekstur sumarskólans gengur samkvæmt áætlun. Framundan er leiklistarhátíð á Akureyri, og virðist sem framboð leikýninga þar verði viðunandi. Hins vegar er erfitt að fá kostunaraðila að hátíðinni og er það tæpast í takt við þá velmegun, sem jafnan er vitnað til. Starfsemi aðildarféлага BÍL hefur hins vegar oft verið meiri og fleiri félög virk. Þetta vandamál er ekki bundið við áhugaleikfélög og virðist sem þörf sé á félagslegri vakningu á menningarsviðinu, a.m.k. hvað varðar þátttöku almennings í áhugastarfsemi um sviðslistir. Vonandi verður leiklistarhátíð Bandalagsins á Akureyri nú í sumar hvetjandi í þá veru. Stjórn BÍL þakkar sérstaklega framkvæmdastjóra og starfsmönnum samstarfið svo og skólástjórnum Leiklistarskóla BÍL, samstarfsaðilum í Þjóðleikhúsinu og forsvarsfólki einþáttungahátíðar í Borgarleikhúsi.

Gert á Egilsstöðum 5. maí 2005,  
Einar Rafn Haraldsson, formaður

#### 7. Ársreikningur (Sjá bls. 36)

Vilborg skýrði ársreikning. Reksturinn hafði verið svipaður frá fyrra ári. Fasteign Bandalagsins hafði hækkað í verði. Hún sagði frá athugasemdom sem ævinlega bærust frá endurskoðanda vegna stærðar lagars, en skýrði í leiðinni að nauðsynlegt væri að hafa svo stóran lager til að geta sinnt þörfum félaganna varðandi förðunarvörur. Breytingar verða gerðar á liðnum „annar rekstrarkostnaður“ í framtíðinni. Blönduð starfsemi má ekki lengur vera heldur þarf búðin að vera talin fram sér, óháð skrifstofu. Þessi breyting gæti haft einhver áhrif á hversu mikið þarf að greiða í virðisaukaskatt en það ætti þó að koma í nokkurn veginn sama stað niður.

#### 8. Umræður um 6. og 7. lið

Lárus Vilhjálmsson spurði um markaðsvirði eignarinnar. Vilborg sagði það ekki hafa verið formlega kannað. Reikningar samþykktir.

#### 9. Skýrslur nefnda

Skýrsla skólanefndar  
Gunnhildur Sigurðardóttir las.

Í skólanefnd eru auk mín Sigríður Karlsdóttir, Anna Jeppesen, Huld Óskarsdóttir og Þorgeir Tryggvason. Leiklistarskóli BÍL var settur í áttunda sinn í júní 2004, í skólanum var 51 nemandi, fleiri en nokkru sinni áður, á fjórum námskeiðum. Þau voru: Leiklist 1, kennari Ásta Arnardóttir, framhaldsnámskeið í leikstjórn, kennari Sigrún Valbergdóttir, sérnámskeið í leiklist, kennari Ágústa Skúladóttir og textasmiðja, kennari Þorgeir Tryggvason. Í apríl 2005 var svo haldið helgarnámskeið í bardagatækni á sviði. Það var haldið í Reykjavík, nemendur voru 9 og kennari Ine Camille Björnsten. Í ár eru í boði þrjú námskeið; leiklist 2, kennari Árni Pétur Guðjónsson, Leikstjórn 1, kennari Sigrún Valbergdóttir og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson. Skólinn mun starfa frá 11.–19. júní að Húsabakka í Svarfaðardal. Á síðasta aðalfundi var í skýrslu skólanefndar sagt frá gríðarlegri aðsókn í skólann og vandamálum varðandi inntökuskilyrði þegar aðsókn er svona mikil. Þá voru kynnt viðmið sem skólanefnd einsetti sér að fara eftir bæði til að auðvelda umsækjendum að gera sér ljóst hvort þeir uppfylli skilyrðin og einnig til að auðvelda skólanefnd að fjalla um umsóknir. Í ár er annað uppi á teningnum því að þessu sinni er

ekki enn fullbókað í skólann og eru enn laus pláss á Leikstjórn 1 og Leiklist 2. Hins vegar er fullbókað á sérnámskeið fyrir leikara. Og það er þannig með þessi námskeið að til þess að þau standi undir sér er lágmarkspátttaka 12 nemendur. Ég vil því nota tækifærið og auglýsa eftir nemendum í skólann. Það vantar nefnilega ekki marga upp á og það væri alveg synd ef námskeiðin féllu niður þegar þó þetta margir hafa skráð sig. Leiklistarskólinn var til umræðu á aðalfundi og haustfundi BÍL og komu þar fram margar góðar ábendingar um framtíð skólans, bæði hvað varðar ytri umbúnað svo sem húsnæðismál og einnig innra starf svo sem nám og kennslu. Slík umræða er mikill styrkur fyrir skólanefnd þó svo að ekki sé hægt að verða við öllum óskum sem fram koma. Umræða um styttri námskeið hefur skilað sér í helgarnámskeiði í apríl sem tókst mjög vel þó að aðsókn hefði mátt vera meiri og nú er fyrirhugað að bjóða upp á fyrirlestrahelgi um tækni- og hönnunarmál á komandi hausti.

Einnig hefur oft komið upp spurning um hvernig nám í skólanum skili sér inn í leikfélögin. Skólanefnd hefur rætt um það að á 10 ára afmæli skólans 2007 verði tilbúin úttekt á starfsemi skólans m.a. hvaða áhrif hann hefur haft á leiklist í landinu. Og þar sem nefndarmenn eru bjartsýnir á að slík úttekt á skólanum verði honum í vil finnst þeim tilvalið að nota hana til kynningar á starfsemi skólans. Umræða um hvað eigi að gera í tilefni 10 ára afmælisins hefur því verið í gangi og nú fer að koma tími framkvæmda.

Að lokum vil ég aftur minna á að það eru laus pláss í skólanum í sumar og ég skora á alla sem hér eru að hugsa nú heim í sitt félag og velta fyrir sér hvort ekki er einhver sem er að missa af frábæru tækifæri til að: (og nú vitna ég í aðalmarkmið leiklistarskólans sem tekið er úr menningarstefnu Bandalagsins) afla sér menntunar í listinni og til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.

#### Umræður:

- Þorgeir Tryggvason tók undir hvatningarorð Gunnhildar til almennra félagsmanna að sækja skólann. Lagði áherslu á gagnsemi leikstjórnarnámskeiða.
- Margrét Ásgeirsdóttir spurði hvort skólinn yrði áfram staðsettur á Húsabakka.
- Gunnhildur skýrði frá því að rætt hefði verið um að athuga með betra húsnæði með tilliti til stærðar og aðgengis.
- Lárus bætti við að framtíð Húsabakkaskóla væri óljós þannig að hann hvatti menn til að athuga hvort þeim dytti í hug hentugt húsnæði í sinni heimabyggð fyrir skólann, helst með betra aðgengi og minni kostnaði. Eiðar og Skógaskóli hefðu verið athugaðir óformlega.
- Ingimar Davíðsson lýsti yfir ánægju með framtakið en sagðist ekki hafa kynnst því sjálfur. Sagði gjanan skorta tíma og peninga hjá hans félagsmönnum (í Leikklúbbum Sögu) sem væru upp til hópa ungir og blankir námsmenn. Spurning hvort hægt væri að koma á einhverju styrkjakerfi fyrir fólk sem ekki hefði þess kostnað að sækja skólann, af fjárhagslegum ástæðum.
- Guðrún Halla skýrði frá 5.000 kr. mótframlagi til félaganna í ríkisstyrk fyrir að senda fólk á skólann. Benti hún einnig Sögu-fólki á menningarfulltrúa Akureyrar til að sækja um styrki til. Tók undir með Togga varðandi ágæti leikstjórnarnámskeiða. Sagði þau vera erfið, en einkar nytsamleg. Lika sem leikarnámskeið.
- Hrunn Ólafsdóttir sagði frá sinni miklu reynslu af skólanum. Sagðist hafa fengið þau svör, óbeint, að hún væri of hæf til að fara í háskólanám, m.a. vegna þess fjölda námskeiða sem hún hefði tekið á Bandalagsskólanum. Hún taldi námskeiðin sem hún hafi sótt hafa nýst vel, bæði fyrir hana sjálfa og félagið.
- Margrét Tryggvadóttir skýrði frá því að hún hefði fengið

styrki til námskeiðanna á Húsabakka hjá sínu stéttarfélagi.

– Einar Rafn tók undir athugasemdir um ágæti leikstjórnar-námskeiðanna.

– Lárus taldi leiklistarhátíðina hafa letjandi áhrif á aðsókn að skólanum. Velti því upp að e.t.v. þyrfti að kynna skólann betur utan Bandalagsins líkt og gert var á upphafsárum hans.

– Júlíus tjáði fundinum að hann hefði tekið leikstjórnarnám-skeið 3 ár í röð og sagðist vera betri maður eftir. Spurði hvort fólk óttaðist e.t.v. að verða háð skólanum. Þetta væru óneitanlega miklir peningar þegar safnaðist saman. Sagðist ekki hafa heyrt að Húsabakkaskóli yrði fjarlægður þó hætt yrði að nota hann sem barnaskóla. Þótti ekki ráð að stækka skólann.

– Gunnhildur þakkaði fyrir góðar undirtektir og umræður.

#### Skýrsla sögunefndar Þorgeir Tryggvason las.

Sögunefnd skipa þau Sigrún Valbergsdóttir, Einar Njálsson og Þorgeir Tryggvason. Nefndin hefur haft þann eftirsóknarverða starfa að lesa yfir handrit söguritarar, Bjarna Guðmarssonar, jafnóðum og því vindur fram. Það er jafnframt gleðilegt að upplýsa að þeim þætti í starfi nefndarinnar er nú lokið. Bjarni er búinn að skrifa sig í gegnum þessa fimmtíu ára sögu fram til ársins 2000.

Næsta verkefni nefndarinnar er að lesa handritið í heild sinni og gera athugasemdir við það. Ætlunin er að því ferli ljúki með fundi þann 23. maí næstkomandi. Þá verður einnig hafist handa af fullum krafti við að finna og velja myndir í bókina. Af því tilefni langar nefndina og söguritarar til að hvetja þá sem eiga flottar, skemmtilegar, mikilvægar og/eða hneykslanlegar myndir sem tengjast starfsemi Bandalagsins, að gauka þeim að okkur.

Þegar Bjarni hefur unnið úr athugasemdum nefndarinnar verður handritið síðan sent í fyrsta prófarkalestur og í fram-haldi af því kynnt stjórn Bandalagsins.

Áform um útgáfu og tímasetningu hennar er síðan í höndum þessa fundar og stjórnar.

– Vilborg benti á að frá árinu 2000 skrifaði sagan sig í rauninni sjálf í formi ársrits og á mun ítarlegri hátt hvað varðaði innra starf félaga innan hreyfingarinnar. Því ætti ekki að vera þörf á að rita söguna aftur eftir á með þessum hætti.

#### Skýrsla vefnefndar Hörður Sigurðarson las.

Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar  
lögð fram á aðalfundi BÍL í Stykkishólmi 7.–8. maí 2005

#### Um vefnefnd

Vefnefnd Leiklistarvefjarins er ekki formlega kjörið né skipað apparat en segja má að auk undirritaðs og starfs-manna þjónustumiðstöðvar skipi nefndina þeir Lárus Vilhjálmsson, Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason.

#### Almennt

Leiklistarvefurinn hefur átt í ýmsum erfiðleikum á liðnu ári. Það hefur þó að mestu snúið að ytri málum og hefur vonandi ekki verið mjög áberandi fyrir notendur. Fyrirtæki það sem hefur þjónustað og hýst vefinn frá upphafi hefur átt í rekstrar-erfiðleikum og afleiðingin hefur verið að ýmsar nýjungar og endurbætur sem ákveðnar höfðu verið hafa ekki komist til framkvæmda. Þar á meðal má nefna endurhönnun á spjall-kerfinu sem er að verða nokkuð úrelt, nýtt verslunarkerfi auk

ýmissa annarra viðbóta.

Í kjölfar þessara erfiðleika hefur sú ákvörðun verið tekin að skipta um vefumsjónarkerfi og hýsanda og má búast við að þær breytingar muni eiga sér stað á næstu vikum. Gera má ráð fyrir að einhverjir erfiðleikar verði því samfara en þar sem sumarið hefur að jafnaði verið rólegasti tíminn í leiklistinni og þar af leiðandi á vefnum, vonum við að það komi lítið niður á þeirri þjónustu sem leiklistaráhugamenn eru farnir að búast við á Leiklistarvefnum.

#### Aðsókn

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið rakið er samt margt jákvætt að finna frá liðnu ári hjá Leiklistarvefnum. Meðal annars má nefna að um þetta leyti á síðasta ári stóð sem hæst ritun keðjuleikris á vefnum sem vakti töluverða athygli og heppn-aðist mjög vel. Í síðustu skýrslu vefnefndar hafði undirritaður efasemdir um að búast mætti við mikilli aukningu á aðsókn eins og hefur gerst árlega frá því vefurinn var opnaður árið 2001. Þær efasemdir voru, okkur til ánægju, ekki á rökum reistar því enn má sjá umtalsverða aukningu á milli ára. Hér fyrir neðan (sjá næstu blaðsíðu) fylgja tölur og gröf sem sýna aðsókn á vefnum eftir mánuðum, annarsvegar eftir einstökum heimsóknum og hinsvegar eftir einstökum vélum.

Heimsókn á vefinn er skilgreind þegar síða á vefnum er opnuð. Einstakar vélar eru hinsvegar þær tölur sem heimsækja vefinn. Sama tölvan getur því verið skráð með heimsókn oftan en einu sinni í mánuði en tölvan sjálf er aldrei skráð nema einu sinni. Ganga má út frá því að fjöldi einstakra tölva sé svipaður og fjöldi einstaklinga sem sækja vefinn.

Meðaltalsaukning heimsókna frá fyrra ári  
2004 til 2005 = 33%

Meðaltalsaukning einstaklinga frá fyrra ári  
2004 til 2005 = 50%

Þessar tölur gefa til kynna að fjöldi einstaklinga sem sækja vefinn hefur aukist en þeir sem hafa bæst við sækja vefinn ekki jafnoft og hinir sem fyrir voru.

#### Efni á vefnum

Efnistöð á vefnum eru í nokkuð föstum skoðrum. Fréttir berast yfirleitt frá félögum þegar um frumsýningar og stórviðburði er að ræða en þó er stundum á því misbrestur. Einnig er enn nokkuð algengt að myndefni fylgi ekki eða sé ófullnægjandi.

Umfjöllun um leiksýningar hefur aldrei verið meiri og hafa ýmsir komið þar við sögu auk undirritaðs og má þar helst til telja Lárus Vilhjálmsson sem hefur verið sérlega afkastamikill á því sviði. Nokkrir aðrir hafa fjallað um leiksýningar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Umfjöllunin hefur vakið athygli og stundum deilur eins og eðlilegt er en það er okkar trú að leiklistaráhugafólk kunni að meta það að kollegar þeirra fjalli opinberlega um verk þeirra. Þeir sem standa að vefnum eru þeirrar skoðunar að umræða um starf áhugaleikfélaganna sé af hinu góða. Ef umfjöllun um sýningar er heiðarleg, fagleg og hreinskilin, eflir hún starf félaganna þegar til lengri tíma er litið.

#### Horft fram á við

Þrátt fyrir það sem á undan er ritað um erfiðleika á liðnu ári er ekki ástæða til að óttast um framtíð Leiklistarvefjarins. Þó að stundum mæði nokkuð á þeim sem sinna vefnum má fullyrða að hann er öflugasti og að öllum líkindum mest sótti leiklistarvefur landsins. Þó ekki liggja áreiðanlegar tölur bakvið er greinilegt á leiklistarspjallinu að aðsókn hefur aukist mjög frá leiklistaráhugamönnum sem standa utan hreyfingarinnar og er það ánægjulegt.

Full ástæða er þó til að halda vökunni og sem oftast er ástæða til að ljúka þessari skýrslu með þeirri hvatningu til félaganna og félagsmanna þeirra að vera nú duglegri að senda inn fréttir, umfjallanir og myndir og taka þátt í því góða samfélagi sem skapast hefur á Leiklistarvefnum.

Fyrir hönd vefnefndar  
Hörður Sigurðarson


Guðrún Halla spurði, varðandi talningu á heimsóknnum, hvort talið sé eftir fjölda tölva sem heimsæki vefinn, ekki hve oft hver.

Hörður: hvort tveggja hefur verið gert, en sú aðferð er notuð þegar athugað er hve margir skoði vefinn á ákveðnu tímabili. Hann hefur miðað við mánuðinn.


Huld Óskarsdóttir hrósaði umfjöllunum um sýningar sem birtar hefðu verið á vefnum. Hvatti fleiri til að skrifa um sýningar. Ingimar lýsti yfir ánægju með vefinn. Spurði hvort búið væri að ganga frá nýju kerfi, hvaða kerfi væri verið að taka upp og hvað það kostaði.

Hörður auglýsti eftir fleirum til að skrifa umfjallanir. Sagði frá því að Leiklistarvefurinn myndi færast yfir í kerfi sem hét Mambo. Ekki þyrfti að greiða fyrir það sem slíkt, en eitthvað þarf að greiða fyrir þjónustu og vistun.

Leiklistarvefurinn maí 2005



Leiklistarvefurinn maí 2005





Lárus sagði ánægjulegt að gagnrýni hefði vakið athygli. Þótti spjallkerfið erfitt og óþjálmt í notkun en sagði Mambo bjóða upp á skemmtilegri lausnir. Hvatti fleiri til að skrifa umfjallanir, sérstaklega úti á landi. Hvatti menn enn fremur til að taka upp stjórnugjöf.

Regína tók til máls fyrir hönd kjörnefndar: Endurtók að formaður væri í kjöri auk eins sætis í stjórn og tveggja í vara-stjórn. Enn hægt að tilkynna framboð.

Porgeir og Huld kynntu vísi að veggspjalda- og leikskráa-sýningu. Hvöttu aðra sem hefðu slíkt meðferðis til að hengja það upp í rými fyrir framan fundarsal.

*Skýrslur undirbúningsnefnda  
leiklistarhátíðar.*

*a) Skýrsla framkvæmdanefndar  
Lárus Vilhjálmsson las.*

Það má segja að skipulagning vegna leiklistarhátíðar á Akureyri dagana 22–26. júní hafi gengið nokkuð vel. Samstarf við Akureyrarbæ hefur verið með ágætum og búið er að binda flesta lausa enda varðandi gistingu, hátíðarklúbb, lokahóf og sýningapláss.

Það eru þó nokkur atriði sem hafa valdið vonbrigðum í skipulagningu hátíðarinnar. Þar má nefna að ekki hefur gengið vel að fá styrktaraðila til liðs við okkur og við þurfum að spyrja okkur hvernig standi á því. Eins hafa undirtektir félaganna valdið vonbrigðum. Aðeins sóttu sex íslensk félög um að taka þátt í hátíðinni og það er lítið ef lítið er til þess að u.þ.b. sextíu félög eru í bandalaginu. Eins hefur ekki gengið eins vel og t.a.m. á hátíðinni 2000 að fá fólk til starfa sem sjálfbóðaliðar á hátíðinni. Ég vil skora á þau félög sem eru hér á fundinum að hvetja alla í sínum röðum að sækja um. Hérna frammi liggja umsóknareyðublöð og eins á vefnum okkar.

Það er frágengið að eftirfarandi félög taka þátt í hátíðinni. Freyvangsleikhúsið með Taktu lagið Lóa. Leikfélag Hörgdæla með Stundarfrið. Leikfélag Hafnarfjarðar með Birdy og Dýragarðssögu Leikfélag Kópavogs með í Allra kvikinda líki Hugleikur með Patataz Leikfélag Kópavogs og Hugleikur með Memento Mori Cirkity Gravikus frá Svíþjóð með 40% of Nothing Jonava leikhúsið frá Litháen með Konur

Þessi félög hafa líka áhuga á að koma með sýningar sínar en það er óstaðfest ennþá:  
Leikklúbburinn Saga með Davíð Oddsson Superstar  
Leikfélag Selfoss með Náttúran kallar

Eins og sést af þessari upptalningu eru þetta spennandi og skemmtilegar sýningar sem taka þátt í hátíðinni. Auk sýninganna verða uppákomur í hátíðarklúbbi og á lokavöldi auk leiksmíða í sviðsslagsmálum, theatersporti og stómpi. Ég hvet ykkur öll til að mæta í góða veðrið á Akureyri núna í júní og taka þátt í stærsta leiklistarviðburði ársins. Leikum núna!

*Lárus Vilhjálmsson  
formaður framkvæmdanefndar leiklistarhátíðar*

*b) Skýrsla kynningarnefndar  
Porgeir Tryggvason las.*

Kynningarnefnd leiklistarhátíðar skipa þeir Porgeir Tryggvason, Ármann Guðmundsson, og Júlíus Júlíusson. Auk þess hafa Lárus Vilhjálmsson og Vilborg Valgarðsdóttir setið fundi nefndarinnar fyrir hönd framkvæmdanefndar og Hörður Sigurðarson lénsherra hefur einnig komið þar við. Sunnandeild kynningarnefndar hefur fundað tvisvar og lagt á ráðin um hvernig hátíðinni verði best komið á framfæri við áhugaleikhúsfólk, almenning og fjölmiðla. Til að vekja athygli á henni meðal leikfélaganna var útbúið plakati þar sem félögin voru hvött til þátttöku og það sent formönnum í nokkrum eintökum.

Næstu skref í störfum nefndarinnar eru síðan að útbúa kynningarbækling ætlaðan almenningi, og halda blaðamannafund þar sem hátíðin og dagskrárliðir hennar yrðu kynntir fyrir fjölmiðlafólki. Nefndin mun nota tækifærið hér á þessu þingi til að funda sameinuð í fyrsta sinn og leggja á ráðin um framhaldið.

*Umræður:*

- Júlíus spurði hvers vegna félög víðar að af landinu sæktu ekki um að koma með sýningar á hátíðina. Velti fyrir sér hvort það væri vegna þess að flestir stjórnarmenn væru að norðan eða sunnan. Sagði hátíðina vera einstakt tækifæri sem félögin hefðu til að sýna sig og sjá önnur.
- Vilborg benti á að fulltrúar að austan og vestan væru í stjórn. Hún sagðist hafa frest til 10. maí til að staðfesta hótélbókanir. Eftir það yrði að láta herbergi sem ekki liti út fyrir að þyrfti að nota, laus. Benti á dýnugistingu í íþróttahöllinni. Heildarverð fyrir svoleiðis pakka með öllu væri 15.000 kr., eða miklu ódýrara og ekki þyrfti að láta vita af því strax. Hún hvatti alla sem hefðu hugsað sér að vera á hátíðinni til að láta vita fyrir mánudag hvort þeir vildu gista á hótelinu.
- Guðrún Halla spurði hvers vegna Bandalagið væri að halda hátíð. Þótti þátttaka leikhópa og mæting á aðalfund ekki benda til þess að ástæða væri til þess. Kostnaður of mikill ef áhuginn væri ekki meiri en þetta. Hugsanlega verið að leggja í stórt verkefni sem ekki væri síðan áhugi fyrir.
- Ármanni Guðmundssyni þótti vanta mótiveringuna, eða ástæðu fyrir almenna félagsmenn til að sýna starfsemi Bandalagsins áhuga. Þótti ekki vera gert nóg til að vekja áhuga manna á heildarstarfi Bandalagsins. Sá áhugi ekki sjálfgefinn. Hvað er hægt að gera til að vekja áhuga almennra félagsmanna. Þróun undanfarinna ára hefur verið til fækkunar fólks og minnkandi áhuga á allri starfsemi. Fer verr ef ekkert verður að gert.
- Hrunn þótti L2000 stórkostleg hátíð, þó margt mætti laga. Þótti full ástæða til að halda hátíðir á 5 ára fresti og sagðist vita af heimsóknum sínum til leikfélaga um allt land að áhugi á leiklist væri gríðarlega mikill. E.t.v. ástæða til að breyta áherslum í hvatningu til að fá fólk til að koma saman og iðka leiklist. Vildi fá skýringar frá einhverjum viðstaddra hvers vegna félög viðkomandi myndu ekki taka þátt í hátíðinni í sumar. Auðvitað ekki hægt að halda dýra hátíð ef áhugi er ekki fyrir hendi.
- Lárus tók undir með Guðrúnu Höllu og skýrði frá því að hvarflað hefði að mönnum að hætta við. Verið að leggja 3–5 milljónir undir. Spurning hvort ætti að vera að eyða fjármunum Bandalagsins í þetta ef áhugi væri ekki fyrir hendi. Vildi einnig heyra frá þeim sem ekki ætluðu að taka þátt. Hvort til væru lausnir? Hvaða hvatning þyrfti að vera? U2 tónleikar í tengslum við Bandalagsþing? Vildi heyra sjónarmið annarra félaga. Eru menn á móti hátíðinni?
- Porgeir taldi hvatningu og kynningu út í félögin vanta. Taldi

Bandalagsmenn hafa sofnað á verðinum eftir tilkomu skólans þar sem hún skilaði mörgum inn í starfið til að byrja með. Hins vegar væri síðan skólasókn frá fáum félögum og yfirleitt þeim sömu sem og þátttaka í öðru starfi. Fólk þyrfti ekki ástæðu til að fara ekki á hátíð, heldur þarf ástæðu til að fara. Þótti félög sem tækju þátt alls ekki of fá og gæði sýninga á þessari hátíð mikil. Las bls.183 úr Sögu Bandalagsins.

– Vilborg benti á að leiklistarhátíð væri á starfsáætlun. Kannski betra að ræða hvort halda ætti hátíðina undir þeim lið?

– Ingimar sagði að Bandalagið hefði ekki verið hans félagsmönnum mjög ofarlega í huga þessi 5 ár sem hann væri búinn að starfa með Leikklúbbnum Sögu. Taldi leiklistarhátíðina munu auka sýnileika Bandalagsins. Þeirra fulltrúar á fundinum sáu fundarboð og auglýsingu um hátíð á Netinu. Sáu hvorki fundarboð eða veggspjöld. Honum þótti sýnt að auka þyrfti bein samskipti Bandalagsins við félagsmenn. Spurning um að sníða sér stakk eftir vexti og halda hátíð sem er smærri í sniðum.

– Guðrún Halla benti félögum í Sögu á að gá í póstkassa hjá fyrrverandi formanni.

– Ása Gísladóttir tók undir með Þorgeiri, um að ekki þyrfti ástæðu til að fara ekki á hátíð. Hennar leikfélag sótti um að koma til álita sem athygliverðasta áhugaleiksýning ársins, vildu ekki sækja um á hátíðina ef ske kynni að þau þyrftu líka að sýna í Þjóðleikhúsinu. Leikfélag Húsvíkur starfar yfirleitt ekki á sumrin. Einhverjir einstaklingar munu þó mæta á hátíð sem gestir.

– Ármanni þótti Leiklistarvefurinn vannýttur til annars en sem frétt- og upplýsingamiðill. Ætti að notast til að koma frekari skilaboðum til félaganna. Þótti vanta greinaskrif frá formanni og stjórn á vefnum. Spurning um að senda stjórnarmeðlimi í landshluta og halda fundi og ganga eftir því að fólk mæti. Fólk veit almennt ekki nóg um Bandalagið og starfsemi þess. Þarf að leggja á sig meiri vinnu við beina kynningu við leikfélögin.

– Björgvin Gunnarsson skýrði frá því að ástæða þess að Leikfélag Fljótaldalshéraðs hefði ekki sótt um að komast á hátíðina væri sú að þau voru með sýningu með 70 börnum, hljómsveit og gríðarlegri sviðsmynd, sem ekki væri hægt að ferðast með.

– Ólöf Þórðardóttir sagðist hafa rætt um upplýsingastreymi til félaga á þingi í fyrra. Aðsóknarleysi í skólann virðist ekki útskýrast af hátíð þar sem ekki væri mikil aðsókn á hana heldur og margir ætluðu að vera á báðum stöðum. Þótti samt ekki rétt að láta þátttökuleysi bitna á virkum félögum sem þátt tækju í öllu starfinu. Stjórnin þyrfti að vera sýnilegri, hvatningu vantar. Sagðist ætla á hátíð, til að skemmta sér.

– Einar Rafn þakkaði góðar ábendingar. Kvaðst ekki vilja vera ósýnilegur. Sagði frá því að stjórn og varastjórn hefðu skipt með sér félögum og að hringt hefði verið í hvern einasta formann síðastliðinn vetur. Þetta átak virðist þó ekki hafa skilað sér.

#### 10. Drög að starfsáætlun

Sigríður Karlsdóttir kynnti umræðuhópa sem skyldu taka til starfa eftir hádegishlé og erindi frá fulltrúa menntamálaráðuneytis.

Hádegishlé.

Fundi fram haldið kl. 13.00

*Þorgeir Ólafsson frá menntamálaráðuneyti hélt stuttan fyrirlestur um vinnuferli menntamálaráðuneytisins í*

*menningarmálum.*

Fór yfir deildarskrifstofuskipan innan ráðuneytisins og menningarhluta stefnuyfirlýsingar stjórnvalda frá 1999. Ekki hefur verið gefin út heildstæð stefna í menningarmálum en víðfeðmt svið heyrir undir lista- og menningarmál. Nefndir menningarmála og menningarstofnana sinna því sérstaklega en nefndarmenn ekki launaðir sérstaklega lengur. Um 600 umsóknir um fjárstyrki til safna og lista berast árlega. Stjórnsýslumál hafa verið að færast út til fagfélaganna. Í fjölpjódasamstarfi má sjá að verksvið hvers starfsmanns innan ráðuneytisins er breiðara hér á landi en annars staðar.

Fjárlagagerð. Yfirleitt ekki farið að tillögum ráðuneytis. Menntamálaráðuneyti hefur fengið fyrimæli um að skera niður undanfarin 12 ár. Menningarmál eiga erfitt uppdráttar þegar ekki eru til peningar í skóla. Fyrirspurnir á Alþingi tíðkast nær eingöngu fyrir kosningar en þá fer mikið af dýrmætum tíma ráðuneytisins í upplýsingaöflun vegna alþingismanna í kosningaleik.

Ráðuneytið á langt í land með að vera með heildstæðan strúktúr á styrkjakerfi menningarmála.

Bandalag íslenskra leikfélaga eru einu samtökin sem bæði fá styrki til verkefna og reksturs skrifstofu og þykir full ástæða til. Um er að ræða fjárfrekari starfsemi en t.d. starfsemi kóra. Mönnum er ljóst að það þarf að styðja vel við bakið á áhugaleiklist í landinu, jafnt sem atvinnuleikhúsunum – annað þrífst ekki án hins.

Annars er litlum fjármunum veitt til menningar- og menntamála. Samstarfssamningar eru ekki á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi iþróttir eða menningarmál.

Þorgeiri þótti vanta úttekt á starfsemi leikfélaganna með tilliti til þess hvaða afleiðingar breytingar á leiklistarlögum hafi haft. Einnig mætti skoða áhrif sameiningar sveitarfélaganna á leikfélögin. Honum þótti bagalegt að heyra að félög gætu ekki lengur ráðið til sín atvinnufólk og þótti ljóst að finna þyrfti leiðir til þess að leikfélögin gætu átt til þess fjármuni. Fyrimæli að ofan kveða þó oftast á um að menn: „Leiti lausna sem ekki hafi í för með sér aukin ríkisútlát.“

En endurskoðun á kerfinu er í gangi. Rætt hefur verið um sviðslistasjóð eða sviðslistaskrifstofu. Ekki þykir ástæða til að hrófla við Bandalaginu í núverandi mynd, en spurning er hvort fjárlagaliðurinn ætti e.t.v. að heita sjóður. Ekki ætlunin að sameina fjárlagaliði atvinnu- og áhugaleikstarfsemi.

Ráðuneytið hefur haft svigrúm til að veita ferðastyrki, um 12–1300 þúsund á ári. Hugleikur og Leikfélag Kópavogs hafa m.a. fengið styrki nýlega. Þörfin er greinilega mikil. Spurning hvort festa ætti ferðastyrki í sessi, stofna jafnvel ferðasjóð í umsýslu stjórnar Bandalagsins til að auðvelda félögum að ferðast með sýningar, innanlands sem utan.

#### Fyrirspurnir:

Vilborg spurði um forgangsroðun peninga. Styrkir til atvinnuhópa hafa hækkað mikið á undanförunum árum en áhugaleikfélögin staðið í stað. Væri ekki réttara að samræmi væri í því? Að áhugaleikhúsasjóðurinn hækkaði t.d. um 2 milljónir á meðan Sjálfstæðu leikhóparnir hækkuðu um 10? (hún taldi það sambærilega hækkun með tilliti til fjárhagslegs eðlismunar starfseminnar.)

Svar: ráðherrar hafa ekki skýrt þetta misræmi. Reynt að ná samkomulagi á milli atvinnuleikhópa og ríkis í ýmsum málum

eins og t.d. kvikmyndamálum. Atvinnumenn fengu alls ekki allt sem þeir vildu, en fengu hækkun. Það þarf mikla pólitík til að fá styrki hækkaða. Þeir sem hafa hæst fá yfirleitt mesta peninga.

– Einar Rafn sagði frá því að áhugaleikhúshreyfing Norðmanna, NAT, fengi lottópeninga. Því á ekki það sama við hér? Góð hugmynd að festa ferðastyrki.

Svar: Ungmenna- og íþróttahreyfingar hafa verið mjög fastheldnar á lottópeningana. Allar umræður um að eitthvað af þeim ætti hugsanlega að renna til menningarmála hafa mætt harðri andspyrnu. Ísland er eina landið í Vestur-Evrópu sem ekki fær happdrættisfé til menningarmála.

– Hörður spurði út í sjóðaform á styrkveitingum. Hverjir væru kostirnir við það? Menningarsjóður félagsheimila mikilvægur fyrir ferðafé leikfélaga.

Svar: Lagaheimildir þurfa að vera fyrir fjárveitingum.

Leiklistarsjóðir stæðu sterkari fótum, lagalega séð. Hins vegar er erfiðara að fá hækkunir í sjóði. Félagshemilassjóður er staðnaður. Spurning um hvort vera ætti almennur menningarsjóður. Það er engin skýr verkaskipting til á milli ríkis og sveitarfélaga. Nýbúið er að gera menningarsamning við Austurland en við það skapast ósamræmi við aðra landshluta. Óákveðið hvort ríkið á að sjá um þessi mál eða hvort gera á samninga við sveitarfélög. Menningarmál eru einu málin sem alþingismenn hafa getað stjórnað eftir geðþótta og hentugleikum. Þarf að koma á skýru samkomulagi og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga.

– Guðrún Halla sagði greinilegt að menn þyrftu að ræða málin við alþingismenn sinna kjördæma.

– Embla sagði að erfiðlega hefði gengið á Vesturlandi að fá menningarsamning við ríkið. Sameiningaráttak er í gangi en þess er vel gætt að ekki verði dregið úr stuðningi við leikfélög í Borgarfirði. Félög verða hvert og eitt að passa upp á sitt.

Svar: Félög sem eru mörg í sama sveitarfélagi standa sérlega höllum fæti.

– Lárus sagði ástandið hafa breyst mikið við breytingar á leiklistarlögum, til hins verra. Viðræður við sveitarfélög eru víða í gangi um þetta mál.

Svar: Þorgeir hefur ekki fengið svör frá ráðherra varðandi þetta mál. Taldi menn hafa verið of bjartsýna þegar lögnum var breytt. Gekk vel þegar svipað var gert með tónlistarskóla.

– Lárus spurði hvort formlegt erindi frá Bandalaginu myndi breyta einhverju?

Svar: gera þyrfti úttekt í samstarfi ráðuneytis og BÍL. Hvaða árangri starfið skilar í hinu stóra leiklistarsamhengi.

– Embla bætti við að Samtök sveitarfélaga gætu e.t.v átt eitthvað innlegg í þá vinnu.

Umræðuhópar tóku til starfa kl. 13.45. Hópar fengu tíma til umræðna til kl. 15.30.

Fundi fram haldið kl. 15.45.

#### 11. Kjörnefnd tilkynnti niðurstöður

Regína kynnti eftirfarandi framboð:

Til formanns buðu sig fram: Einar Rafn Haraldsson, Leikfélagi Fljótssaldshéraðs. Guðrún Halla Jónsdóttir, Freyvangssleikhúsinu, og Þorgeir Tryggvason, Hugleik.

Til stjórnar gáfu kost á sér: Ármann Guðmundsson, Hugleik, Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar og Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla.

Til varastjórnar gáfu kost á sér: Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar, Hrund Ólafsdóttir, Leikfélaginu Sýnum og Ingimar Davíðsson, Leikklúbnum Sögu.

#### 12. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lágu 2 lagabreytingatillögur. Regína las:

Tillaga 1:

6. grein, staflíður a, hljóðar nú svo:

Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn. Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver.

Lagt er til að 6.a hljóði svo:

Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

Tillaga 2:

7. grein hljóði svo – viðbætur með hástöfum:

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda. Hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. STJÓRNARMANN MÁ ENDURKJÓSA TVÍSVAR SINNUM.

Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjú í fimm manna varastjórn, sem kveða skal til funda í forföllum aðalmanna. VARASTJÓRNARMANN MÁ ENDURKJÓSA EINU SINNI.

STJÓRNARMANNAUR SEM SETIÐ HEFUR ÞRJÚ KJÖRTÍMABIL GETUR GEFIÐ KOST Á SÉR TIL STJÓRNARSETU AÐ NÝJU AÐ EINU ÁRI LIÐNU. ÞAÐ SAMA GILDIR UM VARASTJÓRNARMANN SEM SETIÐ HEFUR TVÖ TÍMABIL.

Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta

Þorgeir Tryggvason, flutningsmaður, talaði fyrir tillögnum. Bar fram frávísunartillögu á seinni tillögu. Þótti ekki viðeigandi að leggja hana fram á þessum fundi þar sem hann væri sjálfur í framboði til formanns.

- Einar Rafn sagðist skilja rökstuðning flutningsmanns en þótti engu að síður rétt að að tillagan yrði rædd og tekin til afgreiðslu.
- Þorgeir ítrekaði að sér þætti slæmt að láta afgreiða hana á þessum fundi. Vildi að hún yrði rædd óháð því sem væri að gerast í stjórnarkjöri.
- Hörður sagði einfalda lausn á vandanum að gera dagskrár-breytingu þannig að lagabreytingar yrðu á dagskrá eftir stjórnarkjör.
- Þorgeiri þótti verra að hin tillagan yrði afgreidd eftir stjórnarkjör.
- Lárus vildi láta ræða tillögurnar strax. Þótti betra að afgreiða strax en að geyma hana.

Tillaga um dagskrárbreytingu, þess efnis að lagabreytingar-tillögur yrðu á dagskrá eftir stjórnarkjör. Liður 12 verði tekin fyrir eftir lið 15.

Tillagan samþykkt með 9 atkvæðum gegn 6. 5 sátu hjá.

### 13. Tillögur lagðar fyrir fundinn

Engar tillögur lágu fyrir fundinum.

### 14. Starfsáætlun afgreidd

Tillaga að starfsáætlun stjórnar og aðildarfélaganna Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2005–2006:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL
2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun
3. Útgáfa ársrits fyrir leikárið 2004–2005
4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun
5. Rekstur vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar
6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess
7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglis-verðustu áhugasýningu ársins

Sérverkefni starfsársins:

1. Halda alþjóðlega leiklistarhátíð á Akureyri dagana 22.–26. júní 2005
2. Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu
3. Halda stuttverkahátíð í samstarfi við Borgarleikhúsið fyrir hluta árs 2006

### Hópur 1. Margrét Ásgeirsdóttir

Innan hópsins kom fram athugasemd um hvers vegna hópurinn fjallaði ekki um starfsáætlun í heild sinni. Hópurinn gerði engar athugasemdir við liði 1, 2, 3, eða 5 á starfsáætlun.

Miklar umræður urðu um lið 4, skólann.

Skólanefnd leiti skipulega til formanna félaganna eftir úttekt á því hverju það hefur skilað fyrir félögin að senda fólk í skólann. Úttekt á því hverju skólinn hefur breytt fyrir félögin. Menn voru almennt sáttir við námskeiðaáætlun eins og hún lítur út.

### Hópur 2. Dýrleif Jónsdóttir:

Í hópnum voru: Huld Óskarsdóttir, Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, Jón Stefán Sigurðsson, Ingimar Davíðsson og Halldóra B. Ragnarsdóttir.

Liður 6. Félögin hafi sjálf meira samband við sveitarstjórnir,

alþingismenn, menningarsjóði og þrýsti á um styrkveitingar. Halda áfram að þrýsta á um aukin framlög til reksturs þjónustumiðstöðvar. Reynt verði að fá framlagt húsnæði frá menntamálaráðuneyti fyrir skólann.

Liður 7. Hópurinn var nokkuð sammála um að AÁÁ gæti verið góð auglýsing og veki umtal. Æskilegt væri að öll valnefndin sæi allar sýningar á staðnum. Spurning um að leita eftir ferðastyrkjum fyrir nefndina.

Sérverkefni 3: Hópurinn stakk upp á að gengið yrði til samstarfs við Borgarleikhúsið um að Bandalagið fái einn dag á ári í húsinu, en ekki hafa hann endilega eyrnamerkta stuttverkahátíð.

### Hópur 3. Hrund Ólafsdóttir:

Leiklistarhátíð: Búið að ákveða að halda hana og ánægja með það í hópnum. Ekki þótti nógu gott að ekki væri meira úrval af sýningum á hátíðinni. Félögin þyrftu að hafa hátíðina í huga strax við upphaf leikárs og setja upp ódýrari og ferðavænar sýningar. Ein ástæða fyrir þáttökuleysi eflaust sú að mörg félög starfa ekki á sumrin, sérstaklega félög af landbúnaðarsvæðum. Er rétt að hafa hátíðina fastan lið á 5 ára fresti? Félög séu meðvituð um samstarf. Ákveða alltaf sama stað. Af hinu góða að fólk sækji hátíðina þó menn séu ekki með sýningar.

Umræða um formannatappann, margfræga. Hvernig væri hægt að gera hátíðina aðgengilega og sýnilega fyrir hinn almenna félagana. Spurning um að samræma hátíðartíma við orlofsviku sumarhúsanna? Gera hana fjölskylduvænni? Láta berast meira hvað sé á dagskrá annað en sýningar. Félög hafi tengilið við Bandalagið í stjórnnum sínum.

Saga Bandalagsins. Ánægja með verkefnið. Mælt með að allir eignist eintak.

Stuttverkahátíð: Rétt að hafa hana að vori. Lágmark eitt og hálf ár á milli hátíða. Vinnureglur valnefndar þyrftu að vera skýrari. Tilkynna þarf þátttöku miklu fyrr til að hægt sé að hætta við hátíð ef þátttaka er ófullnægjandi.

– Lárus sagði gaman að heyra margar góðar hugmyndir. Sagðist hafa fengið martröð um stuttverkahátíð. Þótti reynt af hátíðinni ekki góð. Þótti réttara að félögin á höfuðborgarsvæðinu héldu svona stuttverkahátíð sjálf þar sem þátttaka utan af landi væri í mýflugumynd.

– Gunnhildur ræddi um hugmyndir varðandi skólann.

Spurning um að nota skýrslu til að knýja á um frekari styrki til skólans frá menntamálaráðuneyti, í kringum 10 ára afmæli skólans. Góð hugmynd að leita til formanna félaganna eftir árangursmati. Gjarnan hefur verið farið eftir því sem hefði verið rætt á fundum, hlerað utan úr hreyfingunni, eða komið fram í könnunum eftir skóla. M.a. hafa verið sett á námskrá námskeið sem síðan hefur ekki náðst þátttaka á, þrátt fyrir að áhugi hafi virst vera.

– Þorgeir sagðist hrifinn af hugmyndinni um samstarfið við Borgarleikhúsið. Telur stuttverkahátíð hafa verið á mis-skilningi byggða. Stuttverkaformið ekki form sem félög almennt væru að stunda. Gott að hafa samstarf við Borgarleikhúsið, dagur áhugaleikhúss í því húsi er góð hugmynd.

– Einar Rafn sagðist sammála því.

– Hörður: Þótti stuttverkahátíð ekki sniðug, en samstarf við Borgarleikhúsið gott og ekki rétt að henda því út úr starfsáætlun að óathuguðu máli.

Einar Rafn setti fram breytingartillögu á starfsáætlun. 3. liður sérverkefna hljóði svo:

Halda áfram samstarfi við Borgarleikhúsið

Það sem eftir stendur falli út.

Breytingartillaga borin undir atkvæði.  
Samhljóða samþykkt.

– Hörður ræddi Athyglisverðustu áhugaleikssýningu ársins. Sá sýningu síðasta árs, varð yfir sig hneykslaður og fúll yfir vali nefndarinnar og skrifaði langhund á Leiklistarvefinn. Sagðist svo sem hafa séð verri sýningar en þessa en þótti móðgun að sú sýning hafi verið valin athyglisverðust. Hann sá sjálfur margar betri og athyglisverðari sýningar þennan vetur sem hefðu átt betur heima þarna. Sagði eðlilegt að skiptar skoðanir væru um valið en þótti þetta alls ekki eðlilegt val.

– Einar Rafn sagði frá því að hann skrifaði pistil á vefinn um þessa sýningu og þótt hún alls ekki vera athyglisverðasta áhugasýning þess árs en hafði á tilfinningunni að Þjóðleikhúsfólkið hefði aðra sýn á hvað væri athyglisvert í áhugaleikhúsi. Áréttaði að tala þyrfti við Þjóðleikhúsfólkið og reyna að ná samstöðu um málið.

– Þorgeir sagði að iðulega hefðu sýningar sem fyrir valinu hafi orðið verið til sóma. Þarf að tala um þetta við nýjan Þjóðleikhússtjóra. Hann minnti einnig á að Bandalagið hefði sjálft valið að hafa ekki puttana í valinu á sínum tíma. Getum ekki bæði sleppt og haldið. Vilji atvinnumanna virðist stundum standa til þess að áhugaleikhúsi sé á ákveðinn hátt sem hefur ekkert að gera með leiklist.

– Lárus sagði síðustu AÁÁ ekki hafa verið einkennandi fyrir góða leiklist í okkar röðum. Vill að verk séu metin að gæðum, en ekki einhverju öðru undarlegu. Vildi ræða eitt mál varðandi Leiklistarhátíð. Á L2000 var verðlaunaafhending. Spurði hvað mönnum þætti um það. Framkvæmdanefnd væri ekki viss um hvort svoleiðis ætti að vera. Vildi vita hvað mönnum þætti.

– Hörður minnti á að þetta hefði verið rætt á haustfundi og ákveðið að hafa verðlaunaveitingar. Gott að menn skuli hafa skoðun á AÁÁ. Vill ekki að Bandalagið hafi með valið að gera beint. Það skiptir máli hvaða mat Þjóðleikhúsið leggur á áhugaleikhúsi. Ef eitthvað er bogið við það mat þarf að athuga hvernig á því stendur. Stjórn skrifaði bréf og fór fram á viðræður um þessi mál á 10 ára afmæli verkefnisins. Ekki barst svar við því erindi. Honum þótti rétt að ræða málin við nýjan þjóðleikhússtjóra.

– Vilborg áréttaði að búið væri að ákveða að hafa verðlaun og hver þau yrðu og of seint væri að fara að breyta því. Hún sagði frá því að Hlín Agnarsdóttir frá Þjóðleikhúsinu yrði á hátíðarkvöldverði. Um að gera að ræða við hana málin.

– Guðrún Halla lýsti ánægju með tillögurnar. Húsnæðismál skólans; heyrði í manni sem er núna að stjórna skóla vestur í Dölum á vegum UMFÍ. Ekki vitlaust að skoða hvort við kæmumst inn þar. Hún tók fram að Skógaskóli væri samt flottur.

– Hrund þótti rétt að fundurinn ákvæði formlega með ályktun að eitthvað yrði gert í sambandi við Þjóðleikhúsmálið. Hún sagði mikið að gerast í Þjóðleikhúsinu og taldi að formlegt erindi myndi skila betri árangri. Leiklistarhátíðin: Spyr um hvað sé fyrirhugað annað en sýningar á hátíðinni. Skemmtanir í klúbb og þvíumlíkt. Sagði frá því að leikfélagið Sýnir yrði með jaðarhátíð á sama tíma, fjöllistir og ýmislegt fleira.

– Þorgeir svaraði sem formaður kynningarnefndar. Sagði einmitt næsta verk að taka saman pistil um sýningar og aðra viðburði á hátíðinni og senda öllum félögum.

– Huld sagðist hafa svefntruflanir vegna leiklistarhátíðar. Sagðist hafa leikið alls staðar nema í Samkomuhúsinu og hafði áhyggjur af vöntun á „blackbox“ sýningarrými þar sem flestar eða allar sýningar á hátíðinni kölluðu á þannig rými. Síðast þegar hún lék í Ketilhúsinu var þar myndlistarsýning og ekki

mátti snerta veggina.

– Lárus sagðist hafa talið upp sýningar og leiksmiðjur í skýrslu framkvæmdanefndar fyrr á fundinum. Dagkrá klúbbs kemur í ljós síðar. Þótti rétt að hafa hátíðina betur mótaða áður en farið yrði að kynna dagskrá formlega. Það er á hreinu að hátíðin hefur bæði Húsið og Ketilhúsið til umráða. Að öðru leyti verður að miða sýningar við aðstæður. Félög sem sóttu um vissu að hverju þau gengju með sýningarrými.

– Ólöf minnti á að til umræðu væri tillaga að starfsáætlun, ekki innra skipulag leiklistarhátíðar.

Ingvar Brynjólfsson gerði breytingartillögu á 7. lið starfsáætlunar.

Við núverandi lið bætist: Að stjórn BÍL hefji þegar í stað gerð áætlunar um að komast að forsendum fyrir vali á Athyglisverðustu áhugaleikssýningu ársins.

Hörður sagðist efnislega sammála tillögunni en þótti þetta of nákvæmt til að hafa í starfsáætlun. Nóg að fram kæmi í fundargerð að vilji væri til að gera þetta.

Breytingartillaga borin undir atkvæði.  
Fellð.

Tillaga að starfsáætlun borin undir atkvæði.  
Samþykkt.

### 15. Stjórnarkjör

Frambjóðendur til formanns, stjórnar og varastjórnar kynna sig.

Frambjóðendur í varastjórn:

– Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar: þótti hafa verið skemmtilegt að vinna með þessari stjórn. Kvaðst vera til í að halda áfram.  
– Hrund Ólafsdóttir, Leikfélaginu Sýnum: sagðist hafa ákveðið að verða við áskorunum að bjóða sig fram. Sagðist hafa áhuga á að kynnast betur störfum stjórnar. Gaman að fá að koma inn í það starf, taldi sig hafa mikið að segja um áhugaleikhúsið í landinu af ýmsum ástæðum.

– Ingimar Davíðsson, Leikklúbbnum Sögu: búinn að starfa með áhugaleikhúsi í 5 ár, hlutfallslega lengi miðað við lífaldur. Hefur einnig starfað með atvinnu- og framhaldsskólafélögum. Sagðist hafa litla þekkingu á innra starfi Bandalagsins en þótti frábært starf sem innan þess væri unnið og starfsemi leikfélaga anna mikilvægt. Taldi reynsluleysi og ungan aldur sinn geta orðið til þess að hann kæmi trúlega með með nýja sýn á málin. Augýsti eftir nýju leikfélagi til að starfa með þar sem hann væri að verða of gamall í Leikklúbbinn Sögu.

Frambjóðendur í aðalstjórn:

– Ármann Guðmundsson, Hugleik: er í varastjórn, og hefur starfað sem ritari skrifstofunnar. Hefur hugmyndir sem hann vill koma að í stjórn.

– Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla: var í varastjórn 1997–99 og kom aftur inn í fyrra. Hefur áhuga á að framgangur Bandalagsins verði sem mestur. Vill að stjórnarmenn dreifist um landið. Reynsla af sveitarstjórnarstörfum, telur hana geta nýst Bandalaginu.

– Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar: býður sig fram af einskærum áhuga á því að fá að sitja í stjórn Bandalagsins. Hefur áhuga á félagsstörfum, yfirhöfuð. Hefur mikla reynslu af félagsmálum og stjórnunarstörfum. Búin að starfa með leikfélaginu í 3 ár.

Fambjóðendur til formanns:

- Einar Rafn Haraldsson, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs: búinn að vera 47 ár í leikhússtarfi. Kosinn í stjórn Bandalagsins árið 1992 vegna góðrar fundarstjórnar. Búinn að vera formaður frá 1995. Hefur aldrei áður fengið mótframboð en þótti það heilbrigðismerki samtaka þegar margir byðu sig fram til stjórnarstarfa. Margt hefur gerst í hans stjórnartíð. Tengsl við útlönd styrkst. Formaður Bandalagsins hefur verið formaður NAR og Ísland hefur haft áhrif í samstarfinu. Tekist hefur vel að koma sjónarmiðum stjórnar á framfæri.
- Guðrún Halla Jónsdóttir, Freyvangsleikhúsinu: sagðist vera búin að sitja í stjórn í 12 ár. Hefur setið alla stjórnarfundi frá þeim tíma, nema hvað hún hafi misst af hálfum stjórnarfundi og einu þingi. Telur sig hafa það sem til þarf til að vera formaður. Hefur oft gengið í störf formanns. Er að láta undan þrýstingi til framboðs. Hyggst sitja í 2 ár.
- Þorgeir Tryggvason, Hugleik: hefur starfað með fjölda leikfélaga um allt land. Hefur gengið í öll störf í leikhúsi. Hefur starfað fyrir Bandalagið á ýmsan hátt, verið ritari skrifstofu, í varastjórn og í ýmsum nefndum. Hefur verið í pontu mikið á fundum og meira til gagns en ógagns. Telur sig hafa þekkingu, reynslu og metnað. Þarf að vinna í ýmsu, styrkjamáli þarf að setja á oddinn. Hefur sérstakan metnað til þess að fleiri nýti sér þá kosti sem bjóðast í alþjóðlegu samstarfi. Vill að fleiri sækist eftir að fara á hátíðir. Eins eru alls kyns möguleikar á menntun erlendis. Alþjóðlegt samstarf þarf að felast í fleiru en fundarsetum.

Fundarhlé.

Fundi fram haldið 8.5. 2005 kl. 10.00.

#### 15. Stjórnarkjör, framhald

Fundarstjóri kynnti framboð til formanns. Kosning.

Atkvæði féllu þannig:

Einar Rafn Haraldsson, 4 atkvæði

Guðrún Halla Jónsdóttir, 11 atkvæði

Þorgeir Tryggvason, 4 atkvæði

Ógilt: 1 seðill

Guðrún Halla Jónsdóttir var réttkjörinn formaður.

Fundarstjóri kynnti framboð til eins sætis í stjórn. Kosning.

Atkvæði féllu þannig:

Ármann Guðmundsson, 4 atkvæði

Embla Guðmundsdóttir, 12 atkvæði

Ólöf Þórðardóttir, 4 atkvæði

Embla Guðmundsdóttir var réttkjörin í stjórn.

Fundarstjóri kynnir framboð í varastjórn. Auk þeirra sem áður voru kynntir bauð Ólöf Þórðardóttir sig fram. Kosning.

Atkvæði féllu þannig:

Guðrún Esther Árnadóttir, 12 atkvæði

Hrund Ólafsdóttir, 17 atkvæði

Ingimar Davíðsson, 16 atkvæði

Ólöf Þórðardóttir, 15 atkvæði

Hrund Ólafsdóttir, Ingimar Davíðsson og Ólöf Þórðardóttir voru réttkjörin í varastjórn.

#### 16. Kosin kjörnefnd og félagslegir endurskoðendur

a) Tillaga að nýrri kjörnefnd:

Jón Eiríksson, Regína Sigurðardóttir, Ingólfur Þórsson og

Huld Óskarsdóttir til vara.

Samþykkt.

b) Tillaga að því að félagslegir endurskoðendur verði áfram: Anna Jórunn Stefánsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir og Júlía Hannam til vara.

Samþykkt.

#### 12. Lagabreytingar, framhald

Fundarstjóri las upp lagabreytingartillögu 1.

Sjá tillögur á bls. 35.

Þorgeir Tryggvason talaði fyrir tillögu 1. Þótti augljóst að stjórnarmenn ættu ekki að fara með atkvæði. Félög ættu að bera fulla ábyrgð á ákvörðunum og stjórn ætti síðan að breyta eftir þeim. Miklu breyti að stjórn hafi hátt hlutfall atkvæða. Stjórn gæti haft samræmdar og aðrar skoðanir en félögin. Þetta fyrirkomulag geri ennfremur að verkom að 5 félög innan Bandalagsins hafi 2 atkvæði. Þetta fyrirkomulag fráir leikfélögin ábyrgð á ákvarðanatöku á aðalfundum.

Ólöf studdi tillöguna, en setti fram breytingartillögu:

Við tillögu I bætist setningin: Stjórn hafi eitt atkvæði sem formaður fer með í umboði stjórnar. Henni þótti stjórn hafa of mikið vald á aðalfundum eins og staðan væri en þótti rétt að hún hefði eitt atkvæði.

Fundarstjóri las breytingartillöguna.

Guðrún Halla, nýkjörinn formaður, þakkaði fundarmönnum kosningu sína. Sagðist vera á móti báðum tillögum. Taldi menn sitja í stjórn fyrir öll leikfélög, ekki bara sitt. Taldi einnig nauðsynlegt að stjórn hefði völd til að koma í veg fyrir að fráleitir hugmyndir væru samþykktar á aðalfundum.

– Þorgeir: að sjálfsögðu á stjórn að hafa hagsmuni heildar-samtakanna í huga. En stundum fara hagsmunir félaganna ekki saman innbyrðis og hver stjórnarmaður talar út frá sinni sannfæringu. Stjórnarmenn eru félagar í leikfélögunum sínum. Telur og mikil völd og ábyrgð stjórnar vera eina ástæðu fyrir sinnuleysi félaganna þegar kemur að því að senda fulltrúa á fundi. Stjórn á ekki að hafa vit fyrir félögunum, félög eiga að hafa vit fyrir sér sjálf.

– Huld studdi tillöguna. Þótti fráleitt að stjórn hefði atkvæðisrétt. Ljóst að félög með stjórnarmann hafi 2 atkvæði. Aðalfundur ráði. Samþykkti ekki rökstuðning um að stjórn eigi að geta fellt mál sem upp koma á aðalfundum.

– Lárus var andvígur breytingunni, lítur á sig sem einstakling í stjórn en ekki fulltrúa síns félags á aðalfundum. Taldi atkvæði stjórnarmanna geta komið í veg fyrir ákvarðanir sem hefðu í för með sér meiri fjárútlát en stjórn réði við. Taldi að breytingin myndi hugsanlega fæla fólk frá trúnaðarstörfum.

– Þorgeir tók fram að sér þætti þetta með að sum félög hefðu tvö atkvæði vera aukaatriði. Grundvallaratriði væri að félögin taki sínar ákvarðanir sjálf. Í þessu fælist grundvallarmunur á félögum og félagasamtökum. Sagðist ekki muna dæmi þess að tillögur á aðalfundi hefðu stefnt Bandalaginu í voða. Stjórnarmenn geti alveg eins gert mistök og aðrir aðalfundarmenn.

– Ingimar sagðist sjá rök bæði með og á móti tillögunni. Þótti óhæft að stjórnarmenn væru valdalausir. Samt slæm staða að þeir fari með 25% atkvæða. Sammála tillögu Ólafar.

– Ólöf sagðist ekki telja að stjórnarmenn sætu í stjórn vegna atkvæðaréttar á aðalfundum og því undarlegt að ætla að brotnám hans myndi fæla menn frá trúnaðarstörfum. Félög kjósa stjórnina. Mál stoppa að sjálfsögðu sjálfkrafa í stjórn ef ekki eru til peningar til þeirra eða þau eru óframkvæmanleg að öðru leyti.

– Einar Rafn tók fram að til að samþykkja lagabreytingu þyrfti

tvo þriðju hluta atkvæða. Á þessum fundi gæti stjórnin nánast fellt hana ein, ef hún væri einhuga.  
Dagskráartillaga um að ganga strax til atkvæða borin upp.  
Samþykkt með 11 atkvæðum.

Lagabreytingartillaga 1 frá Þorgeiri borin undir atkvæði.  
Samþykktir: 8  
Andvígir: 10  
Tillagan felld.

Lagabreytingartillaga með viðbót Ólafar borin undir atkvæði:  
Samþykktir: 9  
Andvígir: 9  
Tillagan felld.

Lagabreytingartillaga 2:  
Ingólfur las.

Þorgeir talaði fyrir tillögu 2 og sagðist með þessu vera að leggja til að hámarkstímalengd til setu í stjórn og varastjórn, í einum rykk, sé 10 ár. Taldi það vera hæfilega lengd á stjórnarsetu. Hann taldi þaulsætni stjórnarmanna til vansa fyrir samtökin. Æskilegt að hreyfanleiki sé meiri, fleiri hafi reynslu af að sitja í stjórn og viti um hvað þeir eru að tala.

– Einar Rafn: gerist stjórnarmenn of þaulsætnir eiga menn að bjóða sig fram á móti sitjandi stjórn. Óþarfi að setja slíkt í lög samtakanna.

– Jón Eiríksson sagðist ekki vilja samþykkja þessa breytingu. Sagðist þekkja dæmi þess að svipuð lög stæðu félögum fyrir þrifum.

– Þorgeir samþykkti að best væri að menn hikuðu ekki við að bjóða sig fram gegn sitjandi stjórnarmönnum. Þau undur gerðust á aðalfundi 1991 og þóttu mikil tíðindi. Hefur ekki gerst síðan fyrr en í dag. Telur það ekki vera vegna almennrar ánægju með störf stjórnar. Ítrekaði að menn þyrftu ekki að hætta stjórnarstörfum endanlega eftir tímabilið, nóg að menn tækju sér eins árs hlé.

– Ingimari þótti þessi tillaga bera merki forræðishyggju og vera lýðræðishamlandi. Félaganna að sjá til þess að hagar Bandalagsins sé tryggður með mannabreytingum í stjórn. Taldi æskilegra að reyna að mælast til þess að menn bjóði sig fram gegn sitjandi stjórn.

– Hrunð þótti tillagan ekki bera merki forræðishyggju. Vissi til þess að svipuð ákvæði hefðu gefið góða raun í sumum félögum. Fleiri hafi reynslu af stjórnarstörfum. Tillöguna þyrfti að samþykkja.

– Ólöf studdi tillöguna, þótti hamlandi þegar menn sætu of lengi. Menn kunna ekki við að bjóða sig fram á móti sitjandi stjórnarmanni. Ef breytingin reynist til vandræða er lítið mál að breyta til baka.

– Lárus var hissa á tillögunni. Sá ekki ástæðu til að breyta lögum. Hugmyndir utan úr hreyfingunni koma inn til stjórnar, hún er ekki einangruð. Tekur fram að leikfélagið sem hann er í væri dautt ef viðlíka hömlur væru á stjórnarsetu þar sem þar er fámennur hópur sem gefur sér tíma í slíkt.

– Embla tók undir með Lárusi, hafði reynslu af því að svona hömlur hafi verið settar, gekk ekki til lengdar. Fáir hafa áhuga á heildarstarfi Bandalagsins. Fólk sem vill starfa, starfi.

– Þorgeir: reynslusögur af þessu fyrirkomulagi margar og mismunandi. Best væri að þetta gengi þannig fyrir sig að hreyfing á stjórn væri sjálfvirk, en ástandið virðist ekki vera þannig í dag. Ekki verið að tala um neitt mjög stutta setu og fólk geti komið inn aftur.

– Einari Rafni þótti nóg talað. Lagði til að þegar yrði gengið til atvæða.

Fellt þar sem aðeins einn var eftir á mælendaskrá sem þegar hafði verið lokað.

– Ármanni þótti vafasamt að líkja saman Bandalaginu og leikfélögum þar sem Bandalagið væri miklu stærri og fjölmennari samtök. Studdi tillöguna. Spurði ennfremur hvernig menn ættu að meta hvernig stjórnarmenn væru búnir að standa sig. Almennur innan samtakanna hafi ekki forsendur til að vita hvernig einstaklingar standa sig í stjórn.

Tillaga 2 borin undir atkvæði.  
Samþykktir: 5  
Andvígir: 12  
Tillagan felld.

### 17. Árgjald

Guðrún Esther las upp tillögu frá stjórn:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga verði áfram 30.000 kr. fyrir leikárið 2005–2006. Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 45.000 kr. og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða 60.000 kr. Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða 15.000 kr.

Samþykkt samhljóða.

### 18. Önnur mál

Árni Grétar Jóhannsson, fulltrúi Bandalagsins í stjórn NUTU flutti stuttan pistil um þau samtök. Nú á Bandalagið fulltrúa í stjórn NUTU (Nordisk Ungdoms Teater Udvalg) í fyrsta sinn í langan tíma. NUTU stendur fyrir leiklistarskóla á hverju sumri fyrir 16–25 ára. Árni fór fyrst til Noregs í skólann í fyrra og fer í sumar til Færeyja, með 6 manna hóp. Skipulagið er þannig að fyrst eru teknir 5 dagar í námskeið, þá 2 dagar í ferð um svæðið, og svo 5 dagar í námskeið. Upplýsingabæklingur lá frammi á fundinum og upplýsingar mátti einnig finna á Leiklistarvefnum.

Þorgeir spurði hvort hópurinn væri dreifður, þ.e. frá öllum landshornum.

Svar: hópurinn nokkuð dreifður.

Guðrún Halla spurði hvort umsóknarfrestur væri liðinn.

Svar: nei. 5 skráðir, mega vera 10. Kostnaður er 20.000 kr. utan ferða. Umsóknarfrestur rennur út á þriðjudag (10. maí).

Árni sagði þetta vera góðan skóla, taldi upp kennara sem verða þetta árið. M.a. er Ágústa Skúladóttir frá Íslandi.

Árman hélt áfram að ræða atkvæðisréttarmál. Þóttist hafa séð að í flestum tilfellum væri samræmi á milli atkvæða félagsmanna á aðalfundum og stjórnarmanna frá sama félagi.

Þorgeir lýsti ánægju með að Bandalagið væri farið að nýta sér NUTU-samstarfið. Það hefði ræst úr því þrátt fyrir að það hefði upphaflega stefnt í að verða skelfilegt batterí. Um að gera að senda fólk til að nýta sér það sem er í boði. Hvatti fundarmenn til að senda unga fólk í sínum félögum af stað. Honum þóttu námskeið og viðburðir eiga að vera meira áberandi á vefnum. Stakk upp á að settir yrðu varanlegir hlekkir í vinstri dálki á forsiðu vegna þeirra námskeiða og hátíða sem fyrir dyrum stæðu á hverjum tíma. Hafðir virkir á meðan umsóknarfrestur á þá viðburði er. Undarlegt að enginn skuli hafa nýtt sér leikstjórnarnám í Klaipeida. Kennsla fer fram á ensku.

Hugmynd: listi yfir félög sem sækja um að koma til greina sem Athygliverðasta áhugaleiksýning ársins verði birtur viku til hálfum mánuði fyrir þing. Menn hafa ævinlega gaman af að spá í spilin varðandi valið, fyrirfram, en það er erfitt ef menn vita ekki nákvæmlega hverjir sækja um.

Vilborg bað menn að leggja greiðslur fyrir þátttöku á þinginu inn á reikning Bandalagsins. Minnti á að umsóknarfrestur í skólann rynni út á þriðjudag (10. maí), enn væru laus pláss. Einnig þyrfti að tilkynna ef menn hygðust panta hótelplass á Akureyri á hátíðinni, sama dag. Reiknað er með að á hátíðinni verði 230–250 manns. Í litlu húsunum þarf að sýna 2 sýningar á hverju verki.

Las upp hverjir hefðu tekið að sér hvaða verkefni á hátíðinni: Ingimar Davíðsson – Tækni-mál, sér um að taka saman þau tæki sem til eru á svæðinu.

Gunnhildur Sigurðardóttir – Leiksmiðjur  
2 sviðsmenn hafa boðið sig fram

Hörður Sigurðarson – Leiðsögumaður Litháa

Gísli B. Gunnarsson – Leiðsögumaður Svía

Ármann Guðmundsson – Opnunarhátíð

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Fanney Valsdóttir – Upplýsingamiðstöð

Porgeir Tryggvason – Gagnrýni og hátíðarklúbbur

Dýrleif Jónsdóttir – Fjáröflun á lokasprettinum

Annars vantar fólk á alla pósta. M.a. vantar í skipulagningu á lokahófi.

Tilraun til að veita einhvers konar Bandalags-Grímu mistókst. Innsendar upptökur 22, vantar margar.

Júlíus tók að sér að sjá um skipulagningu lokahófs.

Porgeir sagði frá því að Hjalti St. Kristjánsson úr Hugleik vildi gjarnan vera starfsmaður. Sagðist til í að selja klúbbstjóra-starf. Sagði frá skemmtilegu atriði frá lokahófi úti í Eistlandi þar sem leikhópar voru látnir herma eftir sýningum hvers annars.

Guðrún Halla sagði nánar frá örlögum Grímu-tilraunarinnar. Útskýrði hugmynd að tilraun sem fram kom á haustfundu. Upptökur skiluðu sér seint og tók of langan tíma að láta þær ganga á milli stjórnar- og varastjórnarmanna. Borin von að hægt væri að hafa verðlaunaafhendingu á hátíðinni. Fram hafa komið ýmsar hugmyndir til að auðvelda ferlið. Ein þeirra hreinlega sú að hafa valnefnd og fólk sæki um! Þetta virkaði allavega ekki eins og þetta var sett fram upphaflega.

– Vilborg tók fram að innsendar upptökur giltu sem fylgigögn með styrkumsóknum, og vildi að þær verði varðveittar á skrifstofunni en ekki sendar aftur heim til félaganna eins og gert hefur verið.

– Lárus benti á að upptökur séu líka misjafnar að gæðum. Taldi ekki hægt að dæma gæði leiks eða sýninga af slæmum upptökum.

– Ármann sagði stundum líta út fyrir að menn leggðu sig fram um að gera vondar upptökur. Menn yrðu að vanda betur það sem þeir væru að gera. Ekki hafa hnakka áhorfenda meirihlutann af mynd.

Porgeiri þótti þetta undarleg hugmynd. Skildi ekki samhengi við alvöru-Grímuna. Ef fara ætti eitthvað í það mál þótti honum sýnt að í flokknum leikskáld ársins ættu þau leikskáld einnig að koma til greina sem skrifuðu fyrir áhugaleikhús. Þau væru jafnréttá í leikskáldafélaginu og engin ástæða til að útiloka þau. Vildi vita hvað væri í þápinum hjá Bandalaginu og/eða Leiklistarsambandinu varðandi þetta mál. Júlíus svaraði því til að tilraunin hefði átt að athuga framkvæmdaatriði um hvort hægt væri að láta ákveðinn hóp fólks sjá allar sýningar innan Bandalagsins. Athuga með hvaða hætti það væri hægt? Þess vegna var tilraunin gerð. Lárus sagði hugmyndina hafa fengið góðar undirtektir á haustfundu og því hafi verið samþykkt að gera þetta. Tók undir með Porgeiri varðandi leikskáld. Bandalagið, fulltrúi í

Leiklistarsambandinu og Leikskáldafélagið ættu að þrýsta á um þetta.

Ingimar þakkaði fyrir sig og sína kosningu. Var bjartsýnn á að hátíðin yrði góð. Bað hópa sem yrðu á svæðinu að skoða hvað þeir gætu komið með af tækniþúnaði og láta sig vita sem fyrst.

Porgeir Tryggvason bar fram tillögu að ályktun:

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í Stykkishólmi 7. og 8. maí 2005, felur stjórn Bandalagsins að fá því framgengt við aðstandendur Grímunnar að íslensk leikrit frumflutt í áhugaleikhúsinu komi til álita við val á leikriti ársins til jafns við þau sem frumflutt eru í atvinnu-leikhúsinu. Vilborg spurði hvort þetta hefði verið rætt í Leikskáldafélaginu.

Porgeir svaraði því til að það hefði verið rætt fyrir formannskipti í félaginu en eftir ætti að ræða þau við nýjan formann. Tillaga samþykkt.

Halldóra B. Ragnarsdóttir þakkaði fundarmönnum fyrir komuna fyrir hönd Leikfélagsins Grímnis.

#### 19. Næsti aðalfundur

Ekkert félag hefur boðist til að halda næsta aðalfund.

Fundarstjórar þokkuðu fyrir sig og gáfu fráfarandi formanni orðið.

Einar Rafn þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir vel unnin störf. Sagði frá breytingum á lögum í norrænu samstarfi. Íslendingar fá nú hærri ferðastyrk frá NAR en áður. Færeyjar voru teknar inn í samstarfið á síðasta fundi sem fullgilt þjóðland. Höfðu áður verið þriðjungafélag á móti Grænlandi og Álandseyjum. Fyrir liggur tillaga um að lögum NAR verði breytt á þann veg að formenn og varaformenn landsambanda geti einir setið í stjórn NAR. Einar hvatti nýja stjórn til að sinna þessu starfi vel og mæltist til þess að sá aðili sem tæki við tali skandinavísku.

Einar þakkaði starfsmönnum skrifstofu og stjórnarmönnum fyrir samstarfið. Vonaðist til að Leiklistarskóli Bandalagsins yrði metinn að verðleikum sem það flaggskip samtakanna sem hann er.

Þakkaði Leikfélaginu Grímni góðan viðurgjörning og gestrisni og óskaði mönnum góðrar ferðar heim.

#### Fundi slitið.



Einar Rafn Haraldsson  
fráfarandi formaður



**Nokkrar myndir frá aðalfundi**



*Regína Sigurðardóttir, fundarstjóri*



*Ingólfur Þórsson, fundarstjóri*



*Guðrún Halla Jónsdóttir, nýr formaður BÍL*



*Lárus, Júlíus og Einar Rafn*



*Þórvör Embla Guðmundsdóttir*



*Hrund Ólafsdóttir*



*Ólöf Þórðardóttir*



*Ingimar Eydal Davíðsson*

## **Bandalag íslenskra leikfélaga**

**Ársreikningur 2004**

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 2. apríl 2005

Stjórn:

Óinnur R. Haraldsson  
Guðrún Halla Jónsdóttir  
Július Júlíusson.  
Yvira Víðjón  
Andri Ljót

Framkvæmdastjóri:

Vilborg A. Valgarðsdóttir

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 8.


Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram

Reykjavík, 7. mars 2005

**PricewaterhouseCoopers hf**



Valdimar Guðnason

## Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýringar	2004	2003
<b>Rekstrartekjur</b>			
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarféлага .....		1.740.000	1.710.000
Ríkissjóðsstyrkur .....		6.367.874	6.170.214
Leiklistarskóli BÍL .....	1	2.372.000	1.916.000
www.leiklist.is .....	2	129.000	137.000
Aðrar tekjur .....	3	237.379	179.895
		<u>10.846.253</u>	<u>10.113.109</u>
<b>Sala og útleiga:</b>			
Sala á farða .....		1.931.464	2.096.332
Sala á handritum .....		292.651	357.452
		<u>2.224.115</u>	<u>2.453.784</u>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		13.070.368	12.566.893
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði .....		1.149.131	1.342.795
Handrit .....		177.702	200.028
Afskrifaðar ónýtar vörur .....		5.513	10.948
		<u>1.332.346</u>	<u>1.553.771</u>
Leiklistarskóli BÍL .....	1	2.204.049	2.066.193
www.leiklist.is .....	2	152.684	226.420
Laun og launatengd gjöld .....	4	6.242.571	5.903.584
Ýmis rekstrarkostnaður .....	5	2.875.374	2.638.987
Afskriftir fastafjármuna .....	6	250.984	233.053
Vaxtagjöld .....		73.922	90.428
		<u>11.799.585</u>	<u>11.158.665</u>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		13.131.931	12.712.436
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>(61.562)</u>	<u>(145.543)</u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2004**

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign .....		12.400.000	11.281.000
Innréttingar og húsbúnaður .....		257.752	251.487
Áhöld og tæki .....		519.946	637.618
		<u>13.177.698</u>	<u>12.170.104</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	7	1.849.203	1.847.012
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		221.582	92.826
Handbært fé .....		27.701	63.251
		<u>2.098.486</u>	<u>2.003.089</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>15.276.184</u></u>	<u><u>14.173.193</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2004	2003
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll 1.1. ....		12.811.289	12.520.832
Endurmat fasteignar .....		1.119.000	436.000
Rekstrarhagnaður (tap) .....		(61.562)	(145.543)
		<u>13.868.727</u>	<u>12.811.289</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldabréfalán .....	8	138.953	240.697
Næsta árs afborgun .....		(111.162)	(106.976)
		<u>27.791</u>	<u>133.721</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Bankareikningslán .....		699.487	687.871
Ýmsir skuldheimtumenn .....		319.499	215.653
Ógreidd launatengd gjöld .....		248.421	215.518
Áfallnir vextir .....		1.098	2.165
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....		111.162	106.976
		<u>1.379.667</u>	<u>1.228.183</u>
<b>Skuldir samtals</b>		1.407.457	1.361.904
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>15.276.184</u></u>	<u><u>14.173.193</u></u>

## Skýringar

### 1. Leiklistarskóli BÍL

2004

2003

#### Tekjur

##### Páttökugjöld nemenda:

Förðun .....	0	108.000
Húsabakki .....	2.372.000	1.448.000
Gervi .....	0	360.000
	<u>2.372.000</u>	<u>1.916.000</u>

#### Gjöld

Förðun .....	0	83.970
Húsabakki .....	2.204.049	1.596.694
Gervi og leikbúningar .....	0	318.034
Sameiginlegur kostnaður allra námskeiða .....	0	67.495
	<u>2.204.049</u>	<u>2.066.193</u>

### 2. www.leiklist.is

#### Tekjur

Auglýsingatekjur .....	125.000	135.000
Skráningagjöld .....	4.000	2.000
	<u>129.000</u>	<u>137.000</u>

#### Gjöld

Hýsing vefs og áskrift þjónustu .....	152.684	169.221
Viðhald og endurbætur .....	0	57.199
	<u>152.684</u>	<u>226.420</u>

### 3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur .....	180	50
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna .....	237.199	179.845
	<u>237.379</u>	<u>179.895</u>

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks .....	3.913.775	3.781.743
Verktakalaun (Saga BÍL) .....	658.364	579.563
Lífeyrissjóðsgjöld .....	299.976	281.799
Sjúkra-og orlofssjóður .....	73.172	52.668
Tryggingagjald .....	241.384	231.761
Dagpeningar .....	1.055.900	976.050
	<u>6.242.571</u>	<u>5.903.584</u>



## Skýringar

5. Annar rekstrarkostnaður	2004	2003
Rafmagn, hiti og ræsting .....	122.081	115.133
Fasteignagjöld .....	248.178	238.221
Viðhald húsnæðis .....	27.706	164.719
Vátryggingar .....	91.848	86.988
Akstur og burðargjöld .....	151.807	123.743
Símakostnaður .....	61.414	83.614
Ritföng .....	42.652	44.640
Prentun, tékkhefti .....	111.161	230.310
Rekstur tölvukerfis .....	89.658	134.781
Kaffi og hreinlætisvörur .....	34.248	26.663
Kynningarstarf og auglýsingar .....	199.500	108.838
Námskeiðskostnaður starfsmanna .....	9.950	0
Stjórnarfundir .....	186.702	202.603
Aðalfundur BÍL .....	636.590	296.110
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL .....	(432.700)	0
Haustfundur .....	434.960	0
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar .....	(355.000)	0
Kostnaður vegna nefnda .....	45.156	6.845
Kostnaður v/funda NAR, NEATA og IATA .....	429.832	13.997
Félagsgjald IATA .....	47.259	46.911
Félagsgjald NAR .....	77.870	73.998
Félagsgjald Norræna félagsins .....	3.800	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands .....	16.000	16.000
Félagsgjald húseigendafélagsins .....	4.220	3.700
Ársuppgjör og kostnaður v/endurskoðunar .....	96.800	94.377
Áskrift og bókakaup .....	67.105	79.340
Gjafir .....	36.746	10.075
Útgáfa ársrits .....	126.736	81.517
Smááhöld á skrifstofu .....	9.272	21.843
Stuttverkahátíðin Margt smátt .....	58.173	109.033
Annar kostnaður .....	32.254	11.537
Afskrifaðir reikningar .....	6.563	8.050
Fjármagnstekjuskattur .....	18	4
	<u>2.718.559</u>	<u>2.437.390</u>
Virðisaukaskattur: Innskattur af undanþeginni starfsemi .....	156.815	201.597
	<u>2.875.374</u>	<u>2.638.987</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamati í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1 .....	11.281.000	504.902	1.858.780	13.644.682
Fasteign færð á fasteignamat .....	1.119.000	0	0	1.119.000
Fjárfest á árinu .....	0	36.859	102.718	139.577
Heildarverð 31/12 .....	<u>12.400.000</u>	<u>541.761</u>	<u>1.961.498</u>	<u>14.903.259</u>
Afskrifað 1/1 .....	0	253.415	1.221.162	1.474.577
Afskrifað á árinu .....	0	30.595	220.390	250.984
Afskrifað 31/12 .....	<u>0</u>	<u>284.010</u>	<u>1.441.552</u>	<u>1.725.561</u>
Bókfært verð 31/12 .....	<u>12.400.000</u>	<u>257.752</u>	<u>519.946</u>	<u>13.177.698</u>

## Skýringar

### 7. Birgðir

2004

2003

Birgðir greinast þannig:

Handrit .....	53.000	53.000
Farði .....	1.796.203	1.794.012
	<u>1.849.203</u>	<u>1.847.012</u>

### 8. Langtímalán

SPRON .....	138.953	240.697
Næsta árs afborganir .....	(111.162)	(106.976)
	<u>27.791</u>	<u>133.721</u>